FRÉTTABLAÐIÐ

188. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 11. ÁGÚST 2016

Karnivalþema Jazzgangan fór fram í Hörpu í gær og markaði upphaf Jazzhátíðar Reykjavíkur. Hátíðin er haldin í 27. sinn og mun djassinn duna fram á sunnudagskvöld. Síðustu ár hefur gangan verið farin niður Laugaveg en sökum veðurspár í gær var hún færð inn í Hörpu. Mikil stemning var engu að síður og ómuðu þar djasstónar með brasilísku karnivalívafi. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

Engin sátt er um breytt búvörulög

Þingflokkur BF telur breytingartillögur á búvörulögum ekki ganga nógu langt. Trúnaður ríkir um breytingartillögur meirihlutans.

ALÞINGI Þingflokkur Bjartrar framtíðar leggur til einn flokka að búvörulögum verði vísað frá þinginu. Lagt er til að núverandi samningar verði framlengdir og vinna hafin að nýjum samningi sem meiri sátt ríki um.

Meirihluti atvinnuveganefndar kynnti í gær breytingar á búvörusamningunum en þær eru ætlaðar til þess að skapa víðtæka sátt um málið í þinginu. Unnið hefur verið að breytingum í sumar og vonaðist Jón Gunnarsson, formaður nefndarinnar, eftir því að þær gætu skapað einróma sátt í nefndinni.

Á þessu stigi ríkir trúnaður um breytingartillögur meirihlutans en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er einn liður þeirra að stytta samningstímann. Björt Ólafsdóttir, þingmaður BF, vildi hvorki staðfesta þann orðróm né neita en sagði stóra ágreininginn ekki þar.

Fulltrúi VG í nefndinni, Lilja Rafney Magnúsdóttir, telur breytingarnar vera góðar og hefur látið hafa það eftir sér að hún geti vel stutt málið eins og það líti út núna. Björt Ólafsdóttir, kollegi Lilju í minnihluta nefndarinnar, segir breytingartillögurnar hins vegar ekki breyta skoðun Bjartrar framtíðar á samningunum.

»» Frávísunartillaga Bjartrar framtíðar er rökstudd í 13 liðum. Búvörusamningarnir, sem voru samþykktir í vor og eiga að gilda í tíu ár, hafa verið gagnrýndir af bændum, atvinnulífi og þingmönnum minnihlutans.

„Eins og þetta lítur út núna er ekki gert ráð fyrir að undanþágur frá samkeppnislögum séu afnumdar," segir Björt. „Einnig gera samningar ráð fyrir hækkun á magntollum á mjólkurafurðum og vægi gripagreiðslna er aukið sem er framleiðsluhvetjandi og ekki til þess fallið að verja viðkvæmt land á sumum stöðum. Því getum við eins og staðan er núna ekki samþykkt þessa samninga." – sa

Sundáhrifin fyrst á RIFF

LÍFIÐ Kvikmyndin Sundáhrifin eftir leikstjórann Sólveigu Anspach verður opnunarmynd RIFF. Sólveig lést á síðasta ári eftir baráttu við krabbamein en tökur á myndinni stóðu yfir á sama tíma. Hún lét veikindin ekki aftra sér frá því að klára tökur og eftirvinnslu myndarinnar.

Sundáhrifin voru heimsfrumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Cannes í maí og hlaut myndin góðar viðtökur en meðal íslenskra leikara eru Didda Jónsdóttir, Frosti Jón Runólfsson, Ingvar E. Sigurðsson og Kristbjörg Kjeld.

RIFF fer fram 29. september til 9. október.

– gló / sjá síðu 40

Fréttablaðið í dag

LÍFIÐ Manuela Ósk Harðardóttir verður með eigin raunveruleikaþátt og hannar úlpu. 50

FRÉTTIR Nýjar íbúðir Búseta í Reykjavík ekki fyrir þá efnaminnstu. 4

SKOÐUN Forsvarsmenn í Framsókn skrifa um verðtryggingu. 24

SPORT Hrafnhildur Lúthersdóttir synti sig inn í undanúrslit. 26

MENNING Eru bestu vinir og á sömu bylgjulengd. 36

PLÚS 1 SÉRBLÖÐ ● FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Veður



Í dag verður þungbúið með rigningu og súld um allt land. Það dregur úr úrkomu síðdegis. Vindur verður austlægur á bilinu 3 til 8 metrar á sekúndu, en 8 til 13 með norður- og austurströndinni. Hiti víða 10 til 15 stig. **SJÁ SÍÐU 34**

Ólympíuþorpið. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Í Ríó græða Airbnb-salar þrjá milljarða

VIÐSKIPTI Vegna Ólympíuleikanna í Ríó hefur eftirspurn eftir hótelum og húsnæði margfaldast. Fjöldi skráðra íbúða á Airbnb í borginni er nú tvöfalt meiri en fyrir tveimur árum. Tæplega 40 þúsund íbúðir eru skráðar í borginni og áætla forsvarsmenn Airbnb að gestgjafarnir muni hagnast um 25 milljónir dollara, jafnvirði þriggja milljarða íslenskra króna, meðan Ólympíuleikarnir standa yfir frá 5. til 21. ágúst.

CNN greinir frá því að hótelherbergi á vinsælum svæðum, til að mynda Copacobana og Ipanema-strönd, hafi snarhækkað yfir tímabilið og kosti allt að sjötíu þúsund krónur nóttin.

Talið er að 66 þúsund gestir muni gista í Airbnb-íbúðum á meðan á Ólympíuleikunum stendur. Helmingur þeirra er erlendir gestir og helmingurinn innlendir, og gista þeir að meðaltali í sex nætur.

Efnahagsástandið hefur verið erfitt í Brasilíu og er kreppa í landinu, því nýta margir Brasilíubúar sér Airbnb fyrir aukatekjur. Einnig eru margir sem hafa hækkað verðið yfir tímabilið, en gisting í Ríó er nú sú dýrasta að meðaltali af öllum Airbnb-borgum í heimi. – **sg**

Málar ramma á vegg

Uppáhaldið Sigvaldi Ástríðarson ákvað að mála vegg fyrir utan húsið sitt á Baldursgötu í Reykjavík með ramma úr gamalli Svals og Vals bók. „Ég hef ætlað að gera þetta í fimm ár og endaði með að velja einn af mínum uppáhaldsrömmum úr þessari teiknimyndasögu," segir Sigvaldi. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

WOW stefnir á að ráða 250 til sín á næsta ári

VIÐSKIPTI Flugfélagið WOW air hefur fjölgað starfsmönnum um yfir fjögur hundruð á síðastliðnum tólf mánuðum.

Þá ætlar félagið að ráða að minnsta kosti tvö hundruð og fimmtíu manns til viðbótar á næstu tólf mánuðum. Þetta staðfestir Svanhvít Friðriksdóttir, upplýsingafulltrúi WOW air. Gangi áætlanir flugfélagsins eftir hefur það bætt við sig yfir sex hundruð og fimmtíu starfsmönnum á næsta ári.

„Starfsfólki í þjónustuveri og í öðrum deildum WOW air fjölgar í takt við fjölgun farþega okkar," segir Svanhvít.

Greint var frá því í maí að WOW air hefði skrifað undir samning við bandarísku flugvélaleiguna Air Lease Corporation og hefði nýlega fengið þrjár nýjar farþegaþotur til viðbótar í flota sinn. – **ngy**

Angelo breytti framburði fyrir dómi í gær

Aðalmeðferð í máli ákæruvaldsins gegn Angelo Uyleman og þremur öðrum mönnum hófst í gær. Mennirnir eru ákærðir fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot. Angelo er greindarskertur og sést á geðmati að hann er með slakan þroska.

DÓMSMÁL Angelo Uyleman, 29 ára gamall Hollendingur sem ákærður er fyrir að hafa flutt rúmlega 20 kíló af sterkum fíkniefnum til Íslands í bíl með Norrænu í september í fyrra, breytti framburði sínum fyrir dómi í gær frá því sem hann sagði hjá lögreglu. Þar kvaðst hann hafa vitað af fíkniefnunum en neitaði því í gær.

Aðalmeðferð í máli ákæruvaldsins gegn Angelo og þremur öðrum mönnum, Hollendingi og tveimur Íslendingum, hófst í Héraðsdómi Reykjaness í gær.

Málið hefur vakið athygli þar sem Angelo er greindarskertur. Hinn Hollendingurinn staðfesti að hann hefði sagt við skýrslutöku hjá lögreglu á sínum tíma að Angelo væri ófær um að fara einn til Íslands vegna þroskaskerðingar en hann væri með þroska á við 12 ára barn. Þess vegna hefði hann verið beðinn um að fara með Angelo. Maðurinn segist hafa talið Angelo vera að flytja peninga en ekki fíkniefni.

Angelo sagðist hafa átt að fá sjö þúsund evrur fyrir að fara í „fallega ferð til Íslands" með þrjá pakka sem hann hefði ekki vitað hvað væri í. Hollenskur maður hefði beðið hann að fara í ferðina og hann ekki grunað neitt misjafnt fyrr en hann var handtekinn.

Saksóknari spurði Angelo hvers vegna framburður hans fyrir dómi hefði breyst varðandi vitneskju um fíkniefnin. Hann sagði þá: „Ég hef sagt þetta vegna þess að ég var að deyja úr stressi og hausinn á mér var í rugli en núna er ég miklu rólegri og veit betur hvað var að gerast."

Angelo kom fyrst til Íslands með

Angelo ræðir við túlk í réttarsal í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Ég hef sagt þetta vegna þess að ég var að deyja úr stressi og hausinn á mér var í rugli en núna er ég miklu rólegri og veit betur hvað var að gerast.**
>
> Angelo Uyleman

Norrænu 22. september í fyrra ásamt hollenskri konu. Tveimur dögum síðar skildi hann bílinn eftir og fór aftur til Hollands. Um viku síðar kom hann aftur ásamt hollenska manninum. Erfitt reyndist að hafa uppi á konunni og er hún því ekki sakborningur í málinu heldur vitni. Í skýrslutöku yfir lögreglumanni sem fylgdi bílnum sem Angelo ók hér á landi kom fram að bíllinn hefði stoppað nokkrum sinnum á leiðinni suður. Angelo hefði tekið myndir, þar á meðal af Skógafossi, en konan alltaf beðið í bílnum. Angelo sagði að hún hefði ekki viljað skoða neitt og að hún hefði viljað drífa sig. Hann hefði viljað taka myndir.

nadine@frettabladid.is

KRINGLAN.IS

FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS

PIPAR\ TBWA - SÍA

Lausafjárstaða Bretlands er sögð áhættusöm. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Ávöxtunarkrafa neikvæð í Bretlandi

VIÐSKIPTI Ávöxtunarkrafa á breskum ríkisskuldabréfum lækkaði í gær og varð neikvæð eftir að Englandsbanki náði ekki markmiðum sínum í kaupum á nýjum skuldabréfum.

Bankinn var með áætlun um að kaupa ríkisskuldabréf sem hluta af peningalegri slökun (e. quantitative easing), stefnu til að örva hagvöxt. Bankinn fann ekki nógu marga seljendur til að ná markmiði sínu upp á 1,17 milljarða punda. Skuldabréf með gjalddaga 2019 og 2020 voru í kjölfarið með neikvæða kröfu, eða -0,1 prósent.

Jonty Bloom, viðskiptablaðamaður hjá BBC, segir að breska hagkerfið standi frammi fyrir áhættusamri lausafjárstöðu. Englandsbanki óttist mjög áhrif af ákvörðun Breta um að yfirgefa Evrópusambandið og sé þess vegna að lækka stýrivexti og reyna að auka fjármagn í hagkerfinu með kaupum á skuldabréfunum. Hins vegar sé það þannig að því meira sem Englandsbanki reyni að setja aukið fé inn í hagkerfið því meira vilji fjárfestar setja peningana sína í öruggar fjárfestingar sem komi ekki af stað hreyfingu í hagkerfinu. **– sg**

Hafna kröfu Línudans

SAMKEPPNISMÁL Áfrýjunarnefnd samkeppnismála hefur hafnað kröfu félagsins Línudans ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu. Línudans kvartaði í mars til Samkeppniseftirlitsins þar sem það taldi að Landsnet hefði gert lögverndaða hönnun Línudans að sinni fyrir fyrirhugaðar framkvæmdir á háspennumöstrum á Sprengisandsleið og mögulega fleiri verkefnum. Framferði Landsnets hefði haft skaðleg áhrif á markaði fyrir sölu á verkfræðiþjónustu við hönnun á háspennumöstrum.

Samkeppniseftirlitið taldi að kvörtun Línudans gæfi ekki tilefni til rannsóknar af hálfu eftirlitsins. Áfrýjunarnefndin féllst á sjónarmið Samkeppniseftirlitsins og hafnaði kröfu Línudans. **– ih**

Íbúðir Búseta í Smiðjuholti ekki fyrir þá efnaminnstu

Búseturéttur fimmtíu og sjö íbúða í Smiðjuholti eru nú auglýstur félagsmönnum til sölu. Framkvæmdastjóri Búseta segir markhópinn vera fólk sem vill vera miðsvæðis og borga meira fyrir það. Hann segir verð á íbúðum í Smiðjuholti meðal annars hærra vegna aukins byggingarkostnaðar og hærra fasteignamats.

HÚSNÆÐISMÁL Nú í ágúst auglýsir Búseti 70 búseturétti í 6 nýbyggingum til sölu. Íbúðir í húsunum eru af mörgum stærðum og gerðum, bæði í fjölbýli og raðhúsum. Íbúðirnar eru í Smiðjuholti, við Ísleifsgötu og á Laugarnesvegi. Gísli Örn Bjarnhéðinsson, framkvæmdastjóri Búseta, segir að af þessum auglýstu íbúðum séu fimmtíu og sjö í Smiðjuholti. Hann segir búseturéttinn dýrari en oft áður, meðal annars vegna hærri byggingarkostnaðar sökum aukinna krafna í nýrri byggingarreglugerð. Þrátt fyrir það vilji margir bjóða hærra en uppsett verð í réttinn.

„Fyrir það fyrsta eru húsin byggð samkvæmt nýjustu byggingarreglugerð og kostnaður hefur því hækkað. Til dæmis eru svalir hússins hljóðeinangraðar samkvæmt kröfum um hljóðvist. Inn í þetta spilar líka að það eru bílastæði í kjallara og allt sem því fylgir samkvæmt kröfum í deiliskipulagi. Það leiðir af sér aukinn kostnaður í hússjóð og kyndingu," segir Gísli og segir félagið einfaldlega vera að bjóða upp á vöru sem er vönduð. „Verðmatið á þessum íbúðum er þrátt fyrir allt undir markaðsverði og við teljum réttinn hóflega verðlagðan miðað við mat markaðsaðila," segir hann.

Gísli nefnir að inni í verðinu séu fasteignagjöld, tryggingar, viðhalds- og fjármagnskostnaður. „Menn átta sig ekki á því hvað er innifalið í búsetugjaldinu og eiga það til að bera það saman við afborgun lána eina og sér," segir hann. Þá sé verðið hærra vegna þess að byggt er miðsvæðis. „Það kostar meira að byggja inni í grónum hverfum. Í úthverfum er hægt að byggja ódýrara húsnæði, þar er auðveldara að athafna sig," segir Gísli. „Fasteignamat er að auki hærra miðsvæðis, fasteignamatið gefur forsendu til fasteignagjalda og trygginga," segir hann. „Við erum með fjölbreytt val af íbúðum, frá tveggja herbergja íbúðum sem eru verðlagðar á um þrjátíu milljónir, sem er langt undir markaðsvirði ef fólk gerir einfalda leit á fasteignavefnum," segir Gísli.

Sem dæmi má nefna að í Þverholti 23 er búseturéttur eftir leið B hjá Búseta á fjögurra herbergja, 132 fermetra íbúð á 7.616.400 krónur, þar sem 4.500.000 verða til eignarmyndunar. Mánaðarlegt búsetugjald er 322.818 krónur.

„Við getum sagt að það sé ekki fyrir þá allra efnaminnstu að ráða við kostnaðinn sem stafar af hækkuðum byggingarkostnaði í þessum íbúðum sem eru byggðar miðsvæðis. En það er mikil eftirspurn. Margir vilja borga hærra en uppsett verð fyrir búseturéttinn og það er mikill áhugi á íbúðunum," segir Gísli. **kristjanabjorg@frettabladid.is**

Mikil uppbygging er í Smiðjuholti þar sem Búseti auglýsir nú til sölu 57 búseturétti. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Það kostar meira að byggja inni í grónum hverfum. Í úthverfum er hægt að byggja ódýrara húsnæði, þar er auðveldara að athafna sig.
>
> Gísli Örn Bjarnhéðinsson, framkvæmdastjóri Búseta

70

íbúðir í sex nýbyggingum Búseta hafa verið auglýstar.

Dæmi um íbúðir í Þverholti 23

Fjöldi herbergja	2	3	4	5
Birt flatarmál	73,4	84,5	131,7	173,2
A leið				
Útborgun upp í búseturétt	1.761.600			
Til eignarmyndunar	5.284.800			
Áætlað búsetugjald m.v. A leið	215.853			
B leið				
Útborgun upp í búseturétt	3.523.200	4.140.500	7.616.400	8.663.200
Til eignarmyndunar	3.523.200	4.140.500	4.500.000	4.500.000
Áætlað búsetugjald m.v. B leið	200.941	232.562	322.818	355.495
C leið				
Útborgun 20% búseturéttur	7.046.400	8.281.000	12.116.400	13.163.200
Áætlað búsetugjald m.v. C leið	171.117	197.513	284.726	317.403
C+ leið				
Útborgun 30% búseturéttur	10.569.600	12.421.500	18.174.600	19.744.800
Áætlað búsetugjald m.v. C+ leið	156.295	180.085	259.220	289.719

Vilja láta endurskoða niðurstöðuna

MANNRÉTTINDI Lilja Hjartardóttir og Magnea Marinósdóttir alþjóðastjórnmálafræðingar skora á kærunefnd útlendingamála að endurskoða niðurstöðu Útlendingastofnunar í máli Maryam Raísi og Torpikey Farrash frá Afganistan. Þær hafa báðar sérþekkingu á málefnum kvenna í Afganistan.

„Móðirin er ekkja og dóttirin var á leið í nauðungarhjónaband með stríðsherra í Kabúl. Þær hefðu ekki getað spornað gegn slíku hjónabandi stöðu sinnar vegna," segir í áskoruninni.

Lilja og Magnea segja mikilvægt að íslensk stjórnvöld styðji við mæðgurnar. „Íslensk stjórnvöld hafa um árabil stutt dyggilega við málefni kvenna í þróunarlöndum og á stríðsátakasvæðum, ekki síst í Afganistan. Það er í hróplegu ósamræmi við þessa stefnu að vísa tveimur eignalausum konum, sem eru án verndar og tilheyra minnihlutahópi, úr landi." **– kbg**

Magnea Marinósdóttir alþjóðastjórnmálafræðingur vill tryggja afgönskum mæðgum hæli. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

DACIA DUSTER

Fjórhjóladrifinn, dísil

ÁREIÐANLEGUR - HAGSTÆTT VERÐ - ÖFLUGUR Í TORFÆRUM
SPARNEYTINN - HLAÐINN BÚNAÐI - GÓÐUR Í ENDURSÖLU

Nú með íslensku leiðsögukerfi og 7 tommu snertiskjá

Verð kr.

3.890.000

Eyðsla í blönduðum akstri 5,3 L/100 km*

Hlaðinn staðalbúnaði m.a.: Bakkskynjari, leðurstýri, hæðarstilling á stýri, loftkæling AC, útvarp-CD með 4 hátölurum, USB og MP3 tengi, Bluetooth handfrjáls símabúnaður, samlitir stuðarar og hurðarhúnar, litaðar rúður, svart „Compass" tauáklæði, 1/3 - 2/3 niðurfellanleg aftursæti, hæðarstilling á ökumannssæti, geymsluhólf í framhurðum, kortavasar á framsætum, ABS-hemlakerfi, 6 loftpúðar, hæðarstilling á sætisbeltum, forstrekkjarar á sætisbeltum, ISOFIX barnastólafestingar, ESC stöðugleikastýring, fjarstýrðar hurðarlæsingar, barnalæsingar á afturhurðum, ræsivörn, varadekk, sex aðgerða aksturstölva, þokuljós að framan, rafknúnir speglar, dagljósabúnaður, aðgerðahnappar í stýri, rafknúnar rúður, lesljós við framsæti.

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

www.dacia.is

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

ENNEMM / SÍA / NM76703

TENERIFE

Iberostar Bouganville Playa

Frá kr. 109.665
m/morgunmat innif.

Netverð á mann frá kr. 109.665 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herb. Netverð á mann frá kr. 119.995 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
17. ágúst í 7 nætur.

KRÍT

Porto Platanias Village

Frá kr. 125.395
m/allt innifalið

Netverð á mann frá kr. 125.395 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 178.895 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
18. ágúst í 11 nætur.

KRÍT

Stökktu

Frá kr. 79.995
m/ekkert fæði innif.

Netverð á mann frá kr. 79.995 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í íbúð/herb/stúdíó. Netverð á mann frá kr. 89.995 m.v. 2 fullorðna í íbúð/herb/stúdíó.
18. ágúst í 11 nætur.

COSTA DE SOL

Aguamarina Aparthotel

Frá kr. 72.695
m/ekkert fæði innif.

Netverð á mann frá kr. 72.695 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 102.795 m.v. 2 fullorðna í stúdíói.
22. ágúst í 10 nætur.

MALLORCA

Stökktu

Frá kr. 49.995
m/ekkert fæði innif.

Netverð á mann frá kr. 49.995 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í íbúð/herb/stúdíó. Netverð á mann frá kr. 69.995 m.v. 2 fullorðna í íbúð/herb/stúdíó.
23. ágúst í 7 nætur.

ENNEMM / SÍA • NM78699 Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á síðku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Heimsferðir

Uppskeran

Palestínskur bóndi með döðluuppskeru í Jeríkó á Vesturbakkanum í gær. Döðlur hafa verið hluti mataræðis í Miðausturlöndum í þúsundir ára. Ræktun hefur verið aukin í Jeríkó eftir samdrátt síðustu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Telja frumvarp fela í sér grundvallarbreytingu

BHM telur frumvarp menntamálaráðherra um Lánasjóð íslenskra námsmanna fela í sér grundvallarbreytingu á eðli námslána. Þá segir Kennarasambandið margt í því orka tvímælis. Ráðherra hefur enn ekki mælt fyrir málinu á þingi.

MENNTAMÁL Bandalag háskólamanna (BHM) gagnrýnir frumvarp til laga um námslán og námsstyrki sem liggur fyrir þinginu. Segir það grundvallarbreytingu á eðli námslánakerfisins ef hætt sé að tekjutengja endurgreiðslu lána.

BHM er samtök 28 stéttarfélaga háskólamenntaðra með um ellefu þúsund félagsmenn, jafnt hjá hinu opinbera sem og í einkageiranum. „Við höfum áhyggjur af því að láglaunastéttir standi veikar að vígi en aðrir þegar kemur að endurgreiðslu námslána þar sem tekjutengingin er afnumin," segir Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM. „Við hvetjum til þess að það fari fram frekari umræða um málefnið svo tryggt sé að greiðslubyrði háskólamenntaðra einstaklinga verði áfram sanngjörn þegar kemur að námslánum."

Frumvarp menntamálaráðherra var samþykkt í ríkisstjórn í lok maí. Þar kemur fram að námslánatími muni styttast og tekjutenging verði afnumin. Einnig muni endurgreiðsla lána hefjast fyrr og vextir á þeim munu hækka. Á móti muni mánaðarlegir styrkir til námsmanna upp á allt að 65 þúsund krónur á mánuði koma í vasa námsmanna að uppfylltum skilyrðum um að námsframvinda sé eðlileg.

Unnur Brá Konráðsdóttir, formaður allsherjar- og menntamálanefndar þingsins, segist vonandi fá málið sem fyrst inn á borð nefndarinnar svo hægt sé að vinna það áfram. „Ég tel líklegt að ráðherra mæli fyrir frumvarpinu á fyrstu dögum þingsins svo það geti komið til þinglegrar meðferðar í nefndinni. Svo vonum við bara að það gangi vel að vinna það áfram," segir Unnur Brá.

Einnig er opnað fyrir það í frumvarpsdrögum að rekstur sjóðsins sé færður úr höndum hins opinbera og settur á markað. Sú hugmynd fellur í grýttan jarðveg innan BHM. „Það er okkar mat að það sé ekki lántakendum í hag að færa afgreiðslu námslána íslenskra stúdenta og færa hana í hendur einkafyrirtækja. Einnig er óljóst hvernig það mun spara ríkissjóði fjármagn þegar til lengri tíma er litið," segir Þórunn.

sveinn@frettabladid.is

Kennarasambandið ósátt við frumvarpið

Kennarasamband Íslands segir margt í frumvarpinu orka tvímælis í yfirlýsingu sem sambandið sendi frá sér í gær. „Það er mat KÍ að áform um að stytta námsaðstoð úr átta árum í sjö orki tvímælis og einnig að námsaðstoð verði skert frá og með 50 ára aldri og felld niður til einstaklinga sem eru orðnir 60 ára," segir í yfirlýsingunni.

Einnig er gagnrýnd krafa um að námsmenn greiði lán upp fyrir 67 ára aldur, að hætt verði að tekjutengja endurgreiðslur og að vextir verði hækkaðir á námslánum.

Þó telur KÍ ýmislegt til bóta miðað við núgildandi lög. Þar eru sérstaklegan nefndir beinir námsstyrkir „sem munu án efa koma námsmönnum til góða".

ALLT FYRIR SKÓLANN

FRAMLENGJUM
25%
AFSLÁTT
AF ÖLLUM
SKÓLATÖSKUM

JEVA Beckmann og PULSE
skólatöskur í miklu úrvali

Yddari með margföldunartöflunni
169kr

2.399kr

Talnagrind

verð frá
499kr

Vasareiknir

Skólaskæri 13 cm.
209kr

Blýantar HB 12 stk.
299kr

Gráðubogi sveigjanlegur
129kr

Reglustika sveigjanleg,
verð frá
139kr

verð frá
48kr

Límstifti

269kr

Blý 0,5 HB

199kr

Fiesta skrúfblýantur

Gildir til 14. ágúst á meðan birgðir endast. Allt úrval fæst í Smáralind, Kringlunni, Skeifunni og á hagkaup.is, minna úrval í öðrum verslunum. Skólatöskur fást ekki á Eiðistorgi.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Mannréttindi gróflega brotin á Nárú

The Guardian birti í gær þúsundir skjala frá áströlskum flóttamannabúðum. Reynt var að leyna ömurlegum aðbúnaði og illri meðferð.

NÁRÚ Leyniskjöl frá starfsfólki áströlsku flóttamannabúðanna á Nárú sýna að þar viðgangast gróf mannréttindabrot. Breska dagblaðið The Guardian birti í gær meira en tvö þúsund skjöl, þar sem lýst er ýmsum atvikum sem upp hafa komið.

Í skjölunum kemur fram að ofbeldi, kynferðisbrot, barnanauðganir og sjálfsvígstilraunir eru tíðar á eyjunni. Kvörtunum sé lítt eða ekki sinnt og aðbúnaðurinn sé óviðunandi.

Mörg ljót dæmi eru um illa meðferð á börnum. Í skýrslunum er að finna sjö skýrslur um kynferðisbrot gegn börnum, 59 skýrslur um árásir á börn, 30 skýrslur um að börn hafi reynt að skaða sjálf sig og 159 skýrslur um að börn hafi hótað að skaða sjálf sig.

Lengi hefur verið vitað að aðbúnaður flóttafólksins þar hefur verið lélegur en áströlsk stjórnvöld hafa gætt þess vel að halda bæði fréttafólki og fulltrúum mannréttindasamtaka í fjarlægð frá eyjunni.

Flóttamannabúðunum á Nárú og á Manus-eyju í Papúa Nýju-Gíneu hefur verið líkt við Guantanamofangabúðirnar, sem Bandaríkjamenn starfrækja á Kúbu þar sem bandarísk lög gilda ekki nema að takmörkuðu leyti.

Ástralar hafa sent allt flóttafólk, sem reynir að komast sjóleiðina til Ástralíu, beint til Nárú eða á Manus-eyju í staðinn fyrir að afgreiða mál þess heima í Ástralíu.

Flóttafólkinu er frá upphafi gert það ljóst að það muni aldrei fá hæli í Ástralíu og stjórnvöld hafa sagt það hreint út að með þessu sé ætlunin að fæla fólk frá því að reyna að komast sjóleiðina til Ástralíu.

Bæði stjórnin í Ástralíu og stjórnvöld á Nárú hafa lagt mikla áherslu á að halda þessu ástandi leyndu fyrir umheiminum og vilja helst ekki fá blaðamenn eða fulltrúa mannréttindasamtaka þangað.

Uppljóstrunin í The Guardian birtist fáum dögum eftir að mannréttindasamtökin Amnesty International og Human Rights Watch sendu frá sér greinargerð um alvarleg mannréttindabrot gegn flóttafólki á Nárú.

Þar eru Ástralar sakaðir um „að flytja flóttafólk og hælisleitendur gegn vilja þess til Nárú, halda því nauðugu þar í lengri tíma við ómannúðlegar aðstæður, meina flóttafólki um aðgang að viðhlítandi læknisaðstoð og búa svo um hnútana að margir bíða alvarlegan sálrænan hnekki.“

Anna Neistal, yfirmaður rannsókna hjá Amnesty International, segist í starfi sínu við að skrá mannréttindabrot aldrei áður hafa orðið vitni að jafn vel heppnuðum feluleik með slíkt og þeim sem áströlsk stjórnvöld hafa komist upp með.

Amnesty krefst þess að Ástralía hætti án tafar að hafa flóttafólk í haldi á Nárú, flytji fólkið til Ástralíu og veiti því búsetu þar.

gudsteinn@frettabladid.is

Nárú

- Nárú er þriðja minnsta þjóðríki heims, næst á eftir Páfagarði og Mónakó. Þar búa um það bil tíu þúsund manns.
- Nárú hlaut sjálfstæði árið 1968 eftir að hafa áratugum saman verið verndarsvæði Sameinuðu þjóðanna í umsjón Bretlands, Ástralíu og Nýja-Sjálands.
- Efnahagslífið snýst að mestum hluta í kringum fosfatvinnslu úr jarðveginum. Þessi vinnsla hefur að stórum hluta eyðilagt eyjuna, en fosfat er einkum notað í áburð.
- Mikil örbirgð er á eyjunni og atvinnuleysið um 26 prósent.

Ástralir eru sakaðir um að að flytja fólk gegn vilja sínum til Nárú og halda því nauðugu í lengri tíma við ómannúðlegar aðstæður.

Í Ástralíu og víðar um heim hefur oft verið efnt til mótmæla gegn búðunum á Nárú. Þessi mynd er tekin í Ástralíu þar sem því var mótmælt að nýfætt barn yrði sent til eyjunnar ásamt móður sinni sem þurfti að komast á sjúkrahús í Ástralíu til að fæða barnið. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Lok, lok og læs

Árið 2012 ákváðu stjórnvöld í Ástralíu að bregðast við auknum straumi flóttafólks, sem kom með bátum til landsins, með því að opna á ný flóttamannabúðirnar á eyjunni Nárú, sem er sjálfstætt smáríki í Kyrrahafi, og á Manus, sem er lítil eyja sem tilheyrir Papúa Nýju-Gíneu.

Tekin var ákvörðun um að flytja í þessar búðir allt flóttafólk sem sigldi á bátum eða skipum til Ástralíu. Fólkinu var sagt að það myndi aldrei fá dvalarleyfi í Ástralíu. Eini möguleikinn á slíku væri að fólk kæmi sér með löglegum hætti til Ástralíu og þá með gild persónuskilríki í fórum sínum.

Jafnvel þótt úrskurður falli á þá leið að fólkið eigi rétt á hæli vegna aðstæðna heimafyrir, þá stendur hæli í Ástralíu engum úr hópi þessa fólks til boða. Fólkið gæti hins vegar fengið hæli annaðhvort á Nárú eða á Papúa Nýju-Gíneu. Fjórir hafa verið sendir til Kambódíu á kostnað Ástralíu.

Með þessu átti að stöðva flóttamannastrauminn í eitt skipti fyrir öll. Áhrifin létu ekki á sér standa: Flóttafólkið hætti að mestu að reyna þessa leið.

Í apríl síðastliðnum kvað hæstiréttur á Papúa Nýju-Gíneu upp þann úrskurð að aðbúnaður í áströlsku flóttamannabúðunum á Manus-eyju væri brot á mannréttindaákvæðum. Þeim yrði að loka.

Stjórnvöld á Papúa Nýju-Gíneu féllust á þennan úrskurð og tilkynntu Áströlum að þeir yrðu að loka búðunum. Í lok júní voru þó enn meira en 800 flóttamenn í haldi á Manus-eyju.

Undanfarin ár hafa Ástralar tekið við um 13 þúsund flóttamönnum árlega. Þeim fjölgaði upp í 19 þúsund árið 2013.



VIRÐING
REKSTRARFÉLAG

BIRTING LÝSINGAR

Útgefandi: Fagfjárfestasjóðurinn ÍSH, kennitala 530114-9960, Borgartúni 29, 105 Reykjavík.

Fagfjárfestasjóðurinn ÍSH, hefur birt lýsingu í tengslum við umsókn um að skuldabréfaflokkurinn FISH 14 1 verði tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði Nasdaq Iceland hf.

Lýsingin er dagsett 10. ágúst 2016 og staðfest af Fjármálaeftirlitinu. Lýsingin er aðgengileg á skrifstofu Rekstrarfélags Virðingar hf., kt. 531109-2790, Borgartúni 29, 105 Reykjavík, sem er rekstrarfélag sjóðsins, og á heimasíðu þess, http://virdingsjodir.is/utgefid-efni/.

Nasdaq Iceland hf. tilkynnir opinberlega þegar skuldabréfin verða tekin til viðskipta og hvenær fyrsti mögulegi viðskiptadagur með bréfin er á hinum skipulega verðbréfamarkaði, en Nasdaq Iceland hf. tilkynnir slíka dagsetningu með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara.

Upphafleg höfuðstólsfjárhæð útgefinna skuldabréfa, sem öll hafa verið seld, og heildarheimild útgáfu nemur 2.040.000.000 kr. að nafnverði. Bréfin eru gefin út rafrænt í kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf. Auðkenni flokksins er FISH 14 1. ISIN-númer skuldabréfanna er IS0000024438. Bréfin eru gefin út í íslenskum krónum og er hver eining skuldabréfanna 20.000.000 kr. að nafnverði.

Nánari upplýsingar um Fagfjárfestasjóðinn ÍSH og skuldabréfaflokkinn FISH 14 1, má finna í lýsingu sjóðsins. Umsjónaraðili töku skuldabréfa Fagfjárfestasjóðsins ÍSH til viðskipta á Nasdaq Iceland hf. er Virðing hf., kt. 561299-3909, Borgartúni 29, 105 Reykjavík.

Reykjavík, 11.08.2016.

Rekstrarfélag Virðingar hf.

VIRÐING | BORGARTÚNI 29 | 105 REYKJAVÍK | 585 6500 | WWW.VIRDING.IS

Friðrik Guðmundsson er kominn í framboð fyrir Pírata. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Í framboði fastur á spítala

HEILBRIGÐISMÁL Friðrik Guðmundsson dvelur enn á lungnadeild Landspítalans í Fossvogi gegn vilja sínum. Hann býr á sambýli í Reykjanesbæ ásamt bróður sínum og þriðja manni en hefur verið vistaður á spítalanum frá 27. mars. Bræðurnir eru með sjaldgæfan erfðasjúkdóm, DMD, sem leggst á alla vöðva líkamans og ágerist með aldrinum.

Friðrik var fluttur á gjörgæslu Landspítalans eftir að hafa farið í hjartastopp á sambýlinu. Síðan hefur hann legið á lungnadeildinni vegna úrræðaleysis á sambýlinu en það verður seint sagt að hann sé aðgerðalaus þar. Hann hefur ákveðið að gefa á sér kost í framboði í prófkjöri Pírata í Suðurkjördæmi sem lýkur þann 12. ágúst. Hann vill breytingar og ætlar sér að berjast fyrir málefnum fatlaðra, heilbrigðiskerfinu, atvinnumálum og málefnum innflytjenda. „Ég hef verið að fá manneskju frá Rauða krossinum sem fer með mér á kaffihús, Píratafundi eða bara eitthvert út að gera eitthvað,“ segir Friðrik.

Hann segir búið að ráða starfsfólk í stöður á sambýlinu og því sé útlit fyrir að hann fái að fara á sambýlið í september. „Nú á bara að koma fólkinu í þjálfun uppi á spítala og heima næstu vikur og líka koma gamla starfsfólkinu inn í mín mál aftur og í þjálfun, ég kemst ekkert heim fyrr en 1. september rétt fyrir Ljósanótt og þá verður sko „homecoming party“,“ segir Friðrik.

Hann segist mikill baráttumaður. „Ég er Pírati af því að ég vil berjast fyrir þá sem minna mega sín og hafa ekki endilega sterka rödd,“ segir Friðrik. **– kbg**

NÝR FORD FOCUS

Hinn sívinsæli Ford Focus er þekktur fyrir framúrskarandi gæði, frábæra aksturseiginleika og hagkvæmni í rekstri.

Staðalbúnaður Ford Focus er nú enn glæsilegri en áður. Má þar nefna SYNC II samskiptakerfi með Bluetooth og neyðarhringinu í 112, íslenskt leiðsögukerfi og 8" snertiskjá.

Ford Focus kemur á 16" álfelgum og er þar að auki búinn Ford MyKey búnaði, upphitanlegri framrúðu, aksturstölvu, leðurklæddu stýrishjóli, loftkælingu, spólvörn, brekkuaðstoð og Ford Easy Fuel® búnaði.

Upplifðu frábæra aksturseiginleika Ford Focus
- komdu og prófaðu

FORD **FOCUS**

BEINSKIPTUR
FRÁ **3.350.000** KR.

SJÁLFSKIPTUR
FRÁ **3.550.000** KR.

FÁANLEGUR STATION FRÁ 3.510.000 KR.

Ford

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

ford.is

Ný kynslóð Ford Focus státar af fjölmörgum tækninýjungum. Þar má nefna Torque Vectoring Control sem tryggir akstursánægju þína og endurbætta Bílastæðaaðstoð (aukabúnaður) sem nú leggur bæði í stæði sem eru samhliða og þvert á akstursstefnu. Ford Focus er búinn margverðlaunuðu EcoBoost vélinni sem hefur verið valin vél ársins (International Engine of the Year) þrjú ár í röð. ◆ Ford Focus, EcoBoost bensín 125 hö. 6 gíra beinskiptur/sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,7/5,5 l/100 km. CO_2 losun 108/125 g/km. ◆ Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

Ryan segir ummæli Trumps um byssueigendur óviðeigandi grín

BANDARÍKIN Paul Ryan, repúblikani og forseti fulltrúadeildar Bandaríkjaþings, sagði í gær að ummæli Donalds Trump, forsetaframbjóðanda repúblikana, um að fólk sem styður annan viðauka stjórnarskrárinnar gæti komið í veg fyrir að Hillary Clinton myndi hreyfa við viðaukanum næði hún kjöri, væru vanhugsaður og óviðeigandi brandari.

Viðaukinn sem um ræðir fjallar um að Bandaríkjamenn eigi rétt á að bera skotvopn og sögðu margir Trump vera að ýja að því að stuðningsmenn viðaukans og þar með byssueignar gætu komið í veg fyrir skerðingu á þeim rétti með ofbeldi. Hillary Clinton, frambjóðandi demókrata, hefur lengi talað fyrir því að herða þurfi reglur um byssueign.



Donald Trump, forsetaframbjóðandi Repúblikanaflokksins í Bandaríkjunum

Trump lét ummælin falla á kosningafundi í Norður-Karólínu fyrr í vikunni. „Hillary vill í raun afnema annan viðaukann. Ef hún fær að velja sér hæstaréttardómara getið þið ekkert gert. En annarsviðaukafólkið gæti kannski gert eitthvað. Ég veit það ekki," sagði Trump. Hann vísaði þar til þess að eitt laust sæti er í hæstarétti Bandaríkjanna.

Þá sagði kosningastjóri Clinton ummælin hættuleg. Sá sem hvetti til ofbeldis ætti ekki erindi í forsetaembættið. En Trump varði ummælin á Twitter: „Fjölmiðlar reyna í örvæntingu sinni að draga athyglina frá andstöðu Clinton við stjórnarskrána. Ég sagði að stuðningsmenn annars viðaukans gætu skipulagt sig og kosið einhvern annan en Clinton!" **– þea**

Allt að helmingur nýrra lána Íslandslán

Allt að helmingur nýrra íbúðarlána bankanna eru verðtryggð jafngreiðslulán til 40 ára, svokölluð Íslandslán. Til skoðunar er að stytta hámarkstíma slíkra lána í 25 ár. Forstöðumaður Stofnunar um fjármálalæsi segir fræðslu en ekki bann lausnina.

VIÐSKIPTI Nærri helmingur nýrra íbúðalána Landsbankans voru 40 ára verðtryggð jafngreiðslulán á fyrstu 6 mánuðum ársins, svokölluð Íslandslán. Sigurður Ingi Jóhannsson forsætisráðherra sagði við RÚV á sunnudaginn að til skoðunar væri að banna slík lán. Vinnan byggði meðal annars á tillögum verðtryggingarnefndar sem lagði til að stytta hámarkslánstíma slíkra lána í 25 ár. Íslandsbanki segir 73 prósent allra húsnæðislána hjá bankanum hafa verið verðtryggð á fyrstu þremur mánuðum ársins, og um 31 prósent af lánasafni bankans séu 40 ára verðtryggð jafngreiðslulán. Ekki fengust upplýsingar um skiptingu útlána hjá Arion banka.

Breki Karlsson, forstöðumaður Stofnunar um fjármálalæsi, segir nærtækustu skýringuna á vinsældum Íslandslánanna vera að afborganirnar af þeim séu lægri en af öðrum lánum. Þá gæti stundum ákveðins misskilnings um lánaformið, ekki sé einvörðungu við verðtryggingu að sakast því lánin séu yfirleitt jafngreiðslulán. „Með jafngreiðsluláni er greiðslum dreift yfir mjög langan tíma og menn greiða ekki fulla greiðslu af láninu í hvert sinn þannig að hluti af greiðslubyrðinni flyst yfir á höfuðstólinn. Þess vegna eru menn að tala um að þeir borgi og borgi og borgi og sjái samt höfuðstólinn hækka."

Verðtryggingarnefndin sagði Íslandslánin versta birtingarform verðtryggingar þar sem hætta væri á yfirveðsetningu á fyrri hluta lánstímans og hærri vaxtakostnaði þar sem verðbótum væri velt yfir á höfuðstól.

Breki segir hins vegar að ef greitt sé jafn mikið af verðtryggðum jafngreiðslulánum og óverðtryggðum lækki höfuðstóllinn jafn mikið í báðum tilfellum. Þá séu afborganir af óverðtryggðu jafngreiðsluláni nú allt að 50 prósent hærri en af verðtryggðu jafngreiðsluláni.

Breki segist mótfallinn því að banna ákveðna lánaflokka. Frekar ætti að fræða almenning um mismunandi tegundir lána og tryggja að fólk skilji hvað felist í að taka lán.

Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands, segir það geta breytt áformum fólks um kaup á húsnæði verði hámarkslánstími verðtryggðra jafngreiðslulána styttur í 25 ár vegna þess hve mikið afborganir af lánum hækki. Sigurður Ingi benti á í samtali við RÚV um helgina að skoða mætti mótvægisaðgerðir fyrir þann hóp sem stytting á hámarkslánstíma kæmi illa við. Ásgeir nefnir að það geti verið skynsamlegt að leyfa ungu fólki sem sé að kaupa litlar íbúðir að taka hin löngu Íslandslán. „Það er allt annað þegar fólk á miðjum aldri er að fjármagna einbýlishús með þeim. Vegna þess að hættan við þessi lán er sú að þú sért ekki að greiða neitt af höfuðstól fyrstu 20 árin, og ef það kemur verðbólga færist það á höfuðstólinn, þannig að höfuðstóllinn belgist út við verðbólgu."

Hluti Framsóknarflokksins, meðal annars Sigmundur Davíð Gunnlaugsson formaður flokksins, hefur talað fyrir því að verðtrygging verði alfarið bönnuð á neytendalánum. „Ég skil ekki hvaða vandamál það leysir og hverjum það á eiginlega að hjálpa," segir Ásgeir um bann við öllum verðtryggðum lánum. **ingvar@frettabladid.is**

Hlutfall verðtryggðra jafngreiðslulána til 40 ára

47%	nýrra íbúðalána Landsbankans eru Íslandslán*
80%	nýrra íbúðalána Landsbankans eru verðtryggð*
73%	nýrra íbúðalána Íslandsbanka eru verðtryggð**
31%	af lánum Íslandsbanka eru Íslandslán

*Á fyrri helmingi ársins 2016 **Á fyrsta fjórðungi ársins 2016

Ég skil ekki hvaða vandamál það leysir og hverjum það á eiginlega að hjálpa.

Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands

LYFJA – Lifið heil
Lægra verð í Lyfju
lyfja.is
10% AFSLÁTTUR
Gildir til 18. ágúst
Verð nú: 5.660 kr
Verð áður: 6.289 kr

Sælkerahöll í Holtagörðum á næsta ári

VIÐSKIPTI Margir áhugasamir hafa haft samband við Reiti fasteignasölu vegna þátttöku í uppbyggingu og rekstri á nýjum veitinga- og matarmarkaði í Holtagörðum. Þetta segir Friðjón Sigurðsson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs. Friðjón segir að hægt verði að opna markaðinn í fyrsta lagi á næsta ári.

Sælkerahöllin verður með básafyrirkomulag þar sem tólf fermetra og stærri rými eru í boði, með eða án barrýma. Hún verður í anda Torvehallerne og Borough Market þar sem matur, menning og umhverfi tvinnast saman.

„Við erum að taka við umsóknum núna, það hafa nú þegar borist þó nokkrar. Tilgangurinn með því að auglýsa var að kanna áhugann og við erum að gera það hjá stórum og smáum rekstraraðilum," segir Friðjón. „Það er áhugi á þessu fyrirbæri en þetta er í mótun hjá okkur."

Sælkerahöllinni er ætlað að höfða bæði til ferðamanna og heimamanna. Um 600 þúsund ferðamenn nýta sér árlega samgöngumiðstöðina í Holtagörðum og 14 þúsund íbúar eru í Laugarnes- og Laugaráshverfi, Heimum og Vogum.

Friðjón segir að ekki sé búið að finna markaðnum endanlegan stað í húsinu, né hversu stórt svæðið verður, það verði metið í september. Hann segir að það fari eftir eiginleika markaðarins hvenær hann verði opnaður.

„Þetta er öðruvísi nálgun en þegar við auglýsum rými til leigu. Þetta er í takt við þróunina núna. Þú vilt kannski kaupa einhverja vöru og heyra einhverja sögu um hana eða fá einhvern sérfræðing sem segir þér hvernig þú átt að nota hana, hvort sem það er sápa eða kjöt. Þessu eru neytendur að sækjast eftir," segir Friðjón Sigurðsson. **– sg**

Sælkerahöllin á að vera í anda Torvehallerne og Borough Market þar sem matur, menning og umhverfi tvinnast saman. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

DEBENHAMS

ÚTSÖLULOK

ALLT AÐ

70%

AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM

OPIÐ TIL 21:00 Í KVÖLD

Gildir út sunnudag

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Sjómenn hafna samningi

KJARAMÁL Fyrir dyrum stendur atkvæðagreiðsla um verkfallsaðgerðir hjá stéttarfélögum sjómanna. Þetta segir Valmundur Valmundsson, formaður Sjómannasambands Íslands, einboðið eftir að sjómenn höfnuðu kjarasamningi sem gerður var í sumar við útgerðarmenn.

Menn eru bara ekki sáttir og niðurstaðan er svo afgerandi.

Valmundur Valmundsson, formaður Sjómannasambands Íslands

Fram kemur á vef Sjómannasambandsins að kosningu hafi lokið á mánudag en talið hafi verið í gær hjá ríkissáttasemjara. Tveir þriðju þeirra sem þátt tóku höfnuðu samningnum en þriðjungur sagði já. 38,5 prósent félagsmanna tóku þátt í kosningunni.

„Menn eru bara ekki sáttir og niðurstaðan er svo afgerandi. Það eru tveir þriðju félagsmanna sem fella samninginn. Það þýðir bara eitt, það eru aðgerðir fram undan," segir Valmundur í samtali við fréttastofu. Fyrst og fremst séu sjómenn óánægðir með hvernig fiskverð ræður hlut þeirra og hvernig það sé reiknað út.

Nýr samningur átti að gilda til ársins 2018 og á samningstímanum átti að ráðast í heildarendurskoðun á samningum sjómanna. **– tpt, óká**

Stefnir hratt í kreppu í Bretlandi

Meðalhúsnæðisverð í London hefur lækkað um 155 þúsund krónur á dag frá því að Bretar kusu að yfirgefa Evrópusambandið. Ný skýrsla frá Morgan McKinley sýnir að nýjum störfum í breska fjármálageiranum hafi fækkað um 12 prósent í júlímánuði. Fyrirtæki sjá fram á minni fjárfestingu.

EFNAHAGSMÁL Sérfræðingar óttast hversu hratt efnahagsskilyrði í Bretlandi versna. Merki eru um að Bretland stefni á hraðferð inn í kreppu í kjölfar Brexit-kosninganna. Frá kosningunum hefur gengi pundsins gagnvart Bandaríkjadal lækkað um þrettán prósent.

Vöxtur í breska hagkerfinu nam 0,6 prósentum á öðrum ársfjórðungi ársins (fram til loka júní), samanborið við fjórðunginn á undan. Strax í júlí dróst hagvöxtur hins vegar saman um 0,2 prósent samkvæmt tölum frá National Institute of Economic and Social Research (NIESR).

Samkvæmt nýrri rannsókn Englandsbanka sjá fyrirtæki landsins fram á minni fjárfestingu, færri ráðningar og fleiri uppsagnir.

Eitt helsta merkið um yfirvofandi kreppu er lækkun á húsnæðisverði og minnkandi áhugi kaupenda á breskum fasteignum. Það er oft vísbending um að peningar séu að fljóta frá markaðnum en ekki inn á hann.

Meðalhúsnæðisverð í London, höfuðborg Bretlands, hefur lækkað um 30 þúsund pund, jafnvirði 4,7 milljóna íslenskra króna, frá því að Bretar kusu að yfirgefa Evrópusambandið í júnílok, samkvæmt skýrslu fasteignafélagsins Haart. Þetta jafngildir þúsund punda, eða 155 þúsund króna, lækkun á hverjum virkum degi. Meðalhúsnæðisverð lækkaði úr 559 þúsund pundum í 527 þúsund pund á tímabilinu, sem er mesta verðlækkun milli mánaða sem Haart hefur nokkurn tímann mælt. Meðalhúsnæðisverð lækkaði um 0,9 prósent á landsvísu.

Fasteignaverð í London hefur að meðaltali lækkað um 4,7 milljónir frá Brexit-kosningunum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Englandsbanki lækkaði í síðustu viku stýrivexti sína um helming, niður í 0,25 prósent, til að auka hagvöxt eftir fyrstu áhrif Brexit. Lágir stýrivextir hafa sögulega ýtt undir hækkun húsnæðisverðs, hins vegar virðist stýrivaxtalækkunin ekki hafa getað unnið á móti Brexit-áhrifunum hingað til.

Business Insider greinir frá því að það er ekki einungis húsnæði sem er að lækka í verði heldur einnig landsvæði til byggingaframkvæmda. Miðsvæðis í London lækkaði land undir íbúðarhúsnæði þriðja árs-fjórðunginn í röð, um 6,9 prósent, samkvæmt skýrslu Knight Frank. Vert er að nefna að hár byggingarkostnaður hefur hins vegar einnig spilað inn í þessa þróun.

Áhugi kaupenda á húsnæði í London samkvæmt rannsókn Royal Institute of Chartered Surveys hefur ekki verið jafn lítill síðan í fjármálakreppunni árið 2008.

saeunn@frettabladid.is

NÝ BÓK, NÝ ÆVINTÝRI

GLÆNÝ FRÁ BASFORD

25% AFSLÁTTUR

ALLAR FULLORÐINS LITABÆKUR

Aðeins brot af úrvalinu

STAEDTLER®

LITIR Á 25% AFSLÆTTI!

Þríhyrndir trélitir (12/24 stk.)
TILBOÐSVERÐ: 1.439.- / 2.077.-
Verð áður: 1.919.- / 2.769.-

Tússpennar - Fineliner (10/20 stk.)
TILBOÐSVERÐ: 2.399.- / 4.792.-
Verð áður: 3.199.- /6.389.-

Trélitir (24/36 stk.)
TILBOÐSVERÐ: 1.874.- / 2.249.-
Verð áður: 2.449.- / 2.999.-



Trélitir með strokleðri 12 stk.
TILBOÐSVERÐ: 1.424.-
Verð áður: 1.899.-

Tússlitir - Fineliner í pennaveski 20 stk.
TILBOÐSVERÐ: 4.729.-
Verð áður: 6.389.-

Tússpennar JB - Fineliner 15 stk. / 36 stk.
TILBOÐSVERÐ: 3.749.- / 5.999.-
Verð áður: 4.999.- / 7.999.-

Túslitur - Fineliner (stakur)
TILBOÐSVERÐ: 262.-
Verð áður: 349.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboða er 11. ágúst, til og með 14. ágúst, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Ástand heimsins

1. Stúlka liggur sofandi á gangstéttinni fyrir utan flugvöll í Aþenu, sem áður var alþjóðaflugvöllur borgarinnar en er nú notaður undir flóttafólk sem hefst þar við til bráðabirgða. NORDICPHOTOS/AFP

2. Fyrir nokkrum dögum var opnað á Pokemon Go leikinn í Víetnam. Þessi gat ekki stillt sig um að spila þótt hann væri á ferðinni í þungri umferð. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

3. Þessi maður tyllti sér á stól fyrir utan veitingahús í Peking meðan hann beið eftir að fá borð. NORDICPHOTOS/AFP

4. Indverskir hermenn í Kasmír-héraði buðu almenningi í heimsókn í gær til að kynna starfsemi hersins og leyfðu fólki að skoða vopn sín. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

5. Úrhellisrigning skellur á fílahirði og fíl hans í borginni Jammu í Kasmír, en miklar monsúnrigningar hafa verið þar undanfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Taktu frá 27. ágúst 2016

Skráðu þig í eitt flottasta götuhjólamót landsins, RB Classic

VEGLEG PENINGAVERÐLAUN FYRIR FYRSTU ÞRJÚ SÆTIN Í A FLOKKI KARLA OG KVENNA

- A flokkur – 2 hringir: 127 km
- B flokkur – 1 hringur: 65 km

Ræst er við Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni og er hjólað umhverfis Þingvallavatn í frábæru umhverfi.

VEGLEG ÚTDRÁTTARVERÐLAUN - MEÐAL ANNARS KEPPNISHJÓL FRÁ SPECIALIZED

Instagram leikur - #RBClassic2016

GLÆSILEG VERÐLAUN Í BOÐI FYRIR FLOTTUSTU MYNDINA!

Nánari upplýsingar og skráning www.rbclassic.is

FYRSTU 100 SEM SKRÁ SIG Í RB CLASSIC 2016 DETTA Í LUKKUPOTT OG EIGA MÖGULEIKA Á AÐ VINNA **15.000 KR. GAFABRÉF Á GRILLMARKAÐINN**

TINDUR KRIA RB CLASSIC Þingvallavatn

REIKNISTOFA BANKANNA | Höfðatorg | Katrínartúni 2 | 105 Reykjavík | Sími: 569 8877 | www.rb.is

Áhrifin

Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Framkvæmdastjóri mjólkurvinnslunnar Örnu sér fram á fimm til sex hundruð milljóna króna veltu á þessu ári og hagnað í fyrsta sinn frá því fyrirtækið var stofnað árið 2013. Í samtali við Markaðinn í gær sagði Hálfdán Óskarsson framkvæmdastjóri að þeim sem hafa sett upp mjólkurvinnslu á Íslandi hefði ekkert gengið í samkeppni við Mjólkursamsöluna.

Ástæða veltuaukningarinnar er annars vegar vöruúrval fyrirtækisins, sem selur meðal annars laktósafríar mjólkurvörur, og hins vegar umræða í samfélaginu um Mjólkursamsöluna og samkeppnismál. Erfitt sé að keppa við samsöluna. „Vegna þess að MS, sem er eini samkeppnisaðilinn, getur gert það sem honum sýnist. Hann getur komið með laktósafríar vörur og undirboðið þær þegar honum sýnist. Bara drepið okkur á nokkrum vikum. Nema að neytendur standi með okkur," sagði Hálfdán.

Hann bætti því við að starfsemi fyrirtækisins væri háð því að neytendur standi með því. Ljóst er að það gera neytendur. Það er svo sem þannig að afkoma allra fyrirtækja er undir því komin að neytendur og þeir sem versla við fyrirtækin vilji vöruna sem þau bjóða. En afkomutölur Örnu, sem hafa risið afar hratt þessi fáu ár sem fyrirtækið hefur verið starfandi, sýna að eitthvað meira býr að baki. Það er líklega rétt mat að sú umræða sem skapast hefur um samkeppnisstöðu Mjólkursamsölunnar hefur haft áhrif.

Ítrekaðar fréttir af brotum MS á keppinautum sínum, fyrirtækjum í sömu stöðu og Arna, hafa gert það að verkum að fólk sækir annað. Reyndar gerir einokun Mjólkursamsölunnar á markaði neytendum erfitt að sækja aðrar vörur, sem verða fljótt uppurnar þegar eftirspurnin eykst hratt. En þetta á ekki síður við á öðrum mörkuðum. Því var lofað, þegar stjórnvöld lækkuðu skatta og breyttu innflutningsgjöldum, að vöruverð myndi óhjákvæmilega lækka. Efndirnar hafa verið minni. Milligjöfin verður eftir í vasa verslunareigenda og almenningur situr eftir með sárt ennið.

Sjaldan eða aldrei hefur mikilvægi samstöðu neytenda verið meira, að þeir gæti sameiginlega hagsmuna sinna. Neytendur geta ekki endalaust látið yfir sig ganga verðsamráð og fákeppni sem gerir lítið úr þeim og bitnar á heimilisbókhaldinu.

Þegar samkeppnisumhverfi fyrirtækja er heilbrigt njóta neytendur sín og séu neytendur sáttir njóta fyrirtækin þess. Það er gríðarleg þörf á að neytendur standi saman, að eftirlitsstofnanir séu efldar og neytendavernd verði gert hærra undir höfði innan stjórnsýslunnar.

Tvisvar hafa komið upp mál tengd meintum samkeppnislagabrotum Mjólkursamsölunnar. Haustið 2014 og nú í sumar. Að sögn Hálfdánar varð veltuaukningin hjá fyrirtækinu mest í um tvær til þrjár vikur eftir að fréttir voru fluttar af málunum en síðan minnkar hún, þrátt fyrir að einhver aukning sé varanleg.

Neytendur geta nefnilega haft áhrif. Þeir ættu bara að gera meira af því.

Milligjöfin verður eftir í vasa verslunareigenda og almenningur situr eftir með sárt ennið.

Halldór

Frá degi til dags

Páll gegn ráðherra

Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðarráðherra hefur fengið mótframboð úr óvæntri átt. Flestir veðjuðu á að bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum, Elliði Vignisson, myndi láta til skarar skríða. Eftir stöðumat sagðist hann ekki ætla fram. Nú hefur komið í ljós að Páll Magnússon ætlar í oddvitaslaginn. Áhugavert verður að sjá hvernig gengur hjá Páli en í röðum sjálfstæðismanna er rætt hvort Páll sé nógu mikill sjálfstæðismaður; hann hafi ekki verið nægilega hliðhollur flokknum sem útvarpsstjóri. Það er kannski dæmigerð umræða andstæðinga Páls.

Hættir Illugi?

Þá hefur Páll ekki legið á þeirri skoðun sinni í pistlaskrifum og viðtölum að Illugi Gunnarsson væri skólabókardæmi um mann sem sýnt hafi af sér pólitíska spillingu. Sagði hann mál Illuga og Orku Energy vera þess valdandi að hann geti ekki haldið áfram störfum. Áhugavert verður að fylgjast með verði Páll í oddvitasæti hjá Sjálfstæðisflokki í Suðurkjördæmi. Vandséð er hvernig Páll ætlar að starfa náið með Illuga að framfaramálum þjóðarinnar. Einnig er áhugavert að velta fyrir sér hvort Illugi ætli sér að hætta í stjórnmálum eftir þetta kjörtímabil. Hann hefur að undanförnu varist fregna um framtíð sína. sveinn@frettabladid.is

Breytum rétt

Valgerður Bjarnadóttir
þingmaður

Við eigum að halda ótrauð áfram við að berjast fyrir því að þjóðinni verði sett ný stjórnarskrá.

Varðhundar kerfisins og valdsins vilja helst engu breyta. Sumir þeirra átta sig á því að krafan um breytingar er svo sterk að eitthvað verður undan að láta. Þegar þeir átta sig upphefst talið um hina víðtæku sátt. Aðrir eiga að nálgast þeirra sjónarmið og fallast á sem minnstar breytingar – það er víðtæk sátt.

Við eigum að halda ótrauð áfram við að berjast fyrir því að þjóðinni verði sett ný stjórnarskrá. Þrjú eða fjögur ný ákvæði í stjórnarskrá eru ekki svar við vilja fólksins um að fá nýja stjórnarskrá sem byggir á tillögum stjórnlagaráðsins.

Útrýmum fátækt

Ég á mér uppáhaldskafla í tillögum Stjórnlagaráðsins. Það er kaflinn um mannréttindi. Í honum eru félagsleg, efnahagsleg og menningarleg réttindi færð í stjórnarskrána. Það er sannarlega kominn tími til kveða upp úr með að fátækt samræmist ekki grunngildum þjóðarinnar. Það er sannarlega kominn tími til að skylda ríkisvaldið til að útrýma fátækt. Það er sannarlega kominn tími til að tryggja í stjórnarskrá réttinn til almannatrygginga, heilbrigðisþjónustu og menntunar.

Það er ekki hægt, segja einhverjir, það er of kostnaðarsamt. Auðvitað er hægt að útrýma hér fátækt og tryggja allt hitt, segi ég. Það er hægt með því að auðlindarentan renni til þjóðarinnar en ekki í vasa þeirra sem nýta þær. Það er hægt með því að þeir sem hafa hæstar tekjurnar borgi hlutfallslega mun hærri skatta en hinir. Það er hægt með því að stokka spilin og gefa upp á nýtt.

Kröfur um nýja stjórnarskrá

Það er stærsta og brýnasta verkefni næsta kjörtímabils að svara kröfum um nýja stjórnarskrá og um leið tryggja öllum þau réttindi sem mannréttindakafli frumvarps stjórnlagaráðsins kveður á um. Við erum rík þjóð, við höfum efni á þessu. Nýtum auðlindarentuna í þágu fólksins í stað þess að hún renni í vasa útgerðarmanna og álfyrirtækja. – Fyrir því vil ég berjast.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson *tinni@365.is* HELGARBLAÐ: Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
MENNING: Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* LÍFIÐ: Gyða Lóa Ólafsdóttir *gydaloa@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

Að kjósa eftir úreltum lögum

Í DAG

Þorvaldur Gylfason
prófessor

Forsetakosningarnar um daginn voru haldnar skv. lögum sem þjóðin hafnaði í þjóðaratkvæðagreiðslunni um nýju stjórnarskrána 20. október 2012. Kosningarnar voru því ólögmætar í þessum skilningi þótt lög hafi ekki beinlínis verið brotin. Úrslitin hefðu getað orðið þau að átta frambjóðendur hlytu 11 prósent atkvæða hver um sig og þá hefði 12 prósenta fylgi dugað níunda frambjóðandanum til sigurs. Meingölluð gildandi lög um forsetakjör buðu engri umtalsverðri hættu heim á fyrri tíð þegar flokkarnir höfðu alla þræði þjóðlífsins í hendi sér og litlar líkur voru taldar á að frambjóðendur yrðu fleiri en tveir, þrír eða fjórir. En það er liðin tíð.

Stjórnlagaráð sá aukinn fjölda forsetaframbjóðenda fyrir og bjó svo um hnútana að enginn frambjóðandi gæti náð kjöri nema hann eða hún hefði meiri hluta atkvæða að baki sér. Það er hægt í einni umferð ef kjósendur fá að raða frambjóðendum eins og þeir gerðu t.d. í kosningunni til stjórnlagaþings 2010. Einn skaðinn sem Alþingi hefur valdið með því að salta nýju stjórnarskrána frekar en að staðfesta hana í samræmi við úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar 2012 er að forsetakjörið hefði getað leitt til niðurstöðu sem mikill hluti þjóðarinnar hefði illa getað unað við. Svo fór þó ekki í þetta sinn. Kjósendur sluppu með skrekkinn þrátt fyrir vanrækslu Alþingis.

Alþingi storkar lýðræðinu

Alþingiskosningarnar í haust verða með líku lagi ólögmætar í þeim skilningi að þær verða haldnar eftir kosningalögum sem kjósendur höfnuðu í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012. Kjósendur lýstu yfirgnæfandi stuðningi við jafnt vægi atkvæða og einnig við persónukjör við hlið listakjörs. Hvorugt stendur kjósendum þó til boða í haust. Áfram verður kosið til þings eftir meingölluðum lögum sem erlendir kosningaeftirlitsmenn og aðrir hafa ítrekað sagt fela í sér mannréttindabrot vegna misvægis atkvæða. Þessi lög hafa ásamt öðru spillt mannvalinu á Alþingi og eiga trúlega drjúgan þátt í því litla trausti sem þingið nýtur meðal þjóðarinnar. Skv. nýlegri könnun Capacents á trausti til stofnana samfélagsins nýtur Alþingi trausts sautján prósenta svarenda og bankakerfið tólf prósenta.

Þingkosningarnar 2013 leiddu til bjagaðra úrslita eins og áður. Landsbyggðarkjördæmin þrjú með 35 prósent kjósenda hrepptu 45 prósent þingsætanna. Hin þrjú kjördæmin með 65 prósent kjósenda hrepptu 55 prósent þingsætanna. Misvægið var enn hróplegra á fyrri tíð, rétt er það, en það réttlætir ekki að áfram sé rangt gefið í kosningum þegar 67 prósent kjósenda hafa lýst stuðningi við jafnt vægi atkvæða í þjóðaratkvæðagreiðslu sem Alþingi boðaði til 2012. Alþingi heldur áfram að storka lýðræðinu með hirðulausu háttalagi.

Vor í lofti og varla komið haust

Nú virðist þó loksins vera að rofa til. Píratar hafa lengi mælzt með mest fylgi í könnunum og eru því líklegastir til að leiða næstu ríkisstjórn. Þeir hafa sett staðfestingu Alþingis á nýju stjórnarskránni á oddinn. Takist Pírötum ætlunarverk sitt – að laða Alþingi til að virða vilja kjósenda í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012 – munu þeir vinna eitt mesta afrek þingsögunnar frá öndverðu og leggja grunninn að endurheimt trausts og virðingar þingsins. Það ætti þó að þykja sjálfsagður hlutur eftir allt sem á undan er gengið.

Þessi tilhugsun er auðvitað ekki öllum að skapi, sízt þeim sem vita innst inni að þau bera sjálf mesta ábyrgð á rýru áliti Alþingis og ýmislegri annarri ófremd.

Þess vegna láta mörg þeirra sig dreyma um að Pírötum hlekkist á. Hvernig? Einn helzti blaðamaður landsins lýsti þessari draumsýn keppinautanna svo 7. febrúar 2016: „Að þeim mistakist illilega að raða upp á framboðslista … að framboðslistarnir verði barasta mjög óálitlegir.“

Nú stendur yfir sameiginlegt prófkjör Pírata í þéttbýliskjördæmunum þrem þar sem 65 prósent kjósenda búa. Þar eru margir álitlegir frambjóðendur, sumir ungir og vaskir, aðrir þaulreyndir. Mörg þeirra þekki ég vel af góðu samstarfi í stjórnarskrármálinu. Þau hafa einsett sér að reka slyðruorðið af Alþingi og firra lýðræðið frekari skakkaföllum. Fólkinu í landinu og Alþingi væri akkur í sem allra flestum þingmönnum úr þeirra hópi.

Áfram verður kosið til þings eftir meingölluðum lögum sem erlendir kosningaeftirlitsmenn og aðrir hafa ítrekað sagt fela í sér mannréttindabrot vegna misvægis atkvæða.

MILLJÓNAVELTAN 10.000.000

41979 B

MILLJÓN Á MANN 1.000.000

4181 F 9012 H 24474 F 27549 B 50490 E

AÐALÚTDRÁTTUR 70.000.000

5.000.000 — 25.000.000 TROMP: 39439

500.000 /2.500.000 TROMP: 8592 20317 22170 27578 44993 44994

200.000 — 1.000.000 TROMP: 481 1733 14888 17319 17780 25711 26935 42158 49011 50354

100.000 — 500.000 TROMP:

452 8040 14400 17391 20488 27203 34711 40020 46632 52682
1238 9704 15571 17412 21106 27357 36019 43826 47617 53037
1880 12172 16051 17623 25171 28826 36891 44087 47978 54816
2536 13309 16882 18924 26410 30247 37821 45720 49237 58053
4323 14149 17043 19965 27065 33223 39994 46077 49354 58479

50.000 — 250.000 TROMP:

1452 9665 12969 18118 23955 31089 38893 43615 53304 56441
2630 9901 13028 18304 24242 33578 39033 43825 53616 56674
3835 12010 16275 20375 24973 34184 39633 47049 53864 57159
4207 12176 17775 20668 27494 34824 41908 50955 54798 58966
4936 12178 18097 20902 29244 36612 42477 51772 56243 59669

20.000 — 100.000 TROMP:

6792 10798 13523 16225 18967 22092 24667 27393 30403 33588 37202 40296 43481 46413 49675 52120 55098 57792
6845 10830 13538 16260 18976 22122 24698 27397 30406 33641 37235 40303 43494 46414 49681 52275 55100 57831
6981 10845 13543 16327 18977 22143 24747 27404 30468 33787 37318 40317 43639 46703 49694 52283 55126 57839
7023 10859 13592 16358 19045 22243 24815 27443 30471 33881 37360 40372 43689 46725 49781 52299 55172 57920
7037 10914 13702 16412 19054 22310 24834 27467 30514 33925 37419 40411 43698 46730 49788 52303 55173 57934
7087 10953 13705 16434 19083 22332 24846 27612 30547 34077 37421 40439 43718 46750 49793 52397 55312 57973
7102 11009 13728 16493 19180 22340 24899 27669 30556 34113 37423 40478 43768 46768 49814 52400 55446 58065
7249 11036 13744 16704 19258 22392 24960 27722 30586 34122 37436 40498 43769 46832 49891 52471 55474 58105
7250 11190 13765 16714 19314 22409 24992 27777 30603 34261 37667 40543 43790 46848 49918 52486 55477 58168
7260 11246 13791 16721 19324 22455 25074 27793 30673 34297 37757 40577 43817 46852 49920 52601 55558 58183
7288 11317 13818 16821 19355 22516 25075 27945 30728 34303 37782 40594 43830 46862 50034 52623 55736 58204
7314 11329 13830 16867 19356 22534 25143 28044 30777 34313 37825 40648 43904 46879 50063 52695 55740 58210
7464 11381 13837 16874 19377 22559 25153 28046 30796 34329 37862 40811 43933 46944 50098 52696 55768 58272
7478 11468 13892 16928 19399 22648 25200 28047 30844 34331 37909 40858 44050 46964 50141 52746 55888 58351
7485 11475 13909 16942 19437 22657 25270 28106 30873 34464 37914 40896 44073 46982 50229 52812 55892 58396
7560 11523 13910 17020 19486 22706 25273 28177 30900 34488 38061 41030 44084 46989 50245 52847 55900 58409
7563 11529 13927 17052 19532 22732 25316 28249 30989 34669 38124 41133 44132 47215 50307 52889 55912 58444
7589 11660 13933 17174 19568 22758 25410 28289 31052 34681 38251 41143 44170 47241 50360 52923 55937 58470
7605 11774 14014 17219 19576 22865 25657 28338 31110 34737 38267 41166 44212 47258 50392 52930 56000 58487
7780 11784 14052 17249 19612 22932 25697 28339 31285 34745 38268 41207 44316 47302 50409 52967 56010 58521
7859 11880 14335 17296 19635 23043 25754 28349 31365 34804 38269 41227 44323 47360 50419 53041 56050 58577
8190 11988 14432 17338 19641 23054 25873 28394 31391 34809 38352 41334 44333 47448 50452 53203 56057 58595
8191 12028 14493 17377 19748 23062 25878 28428 31394 34838 38402 41438 44413 47661 50561 53255 56118 58661
8200 12059 14524 17407 19756 23074 26004 28454 31507 34895 38435 41455 44494 47796 50619 53366 56208 58662
8207 12072 14526 17456 19806 23083 26038 28541 31580 34904 38483 41480 44503 47814 50774 53399 56254 58721
8229 12130 14574 17534 19859 23130 26051 28560 31590 34962 38617 41614 44563 47878 50780 53419 56257 58829
8317 12225 14592 17539 19929 23160 26117 28567 31598 34968 38728 41760 44710 47929 50798 53477 56268 58861
8437 12328 14609 17651 20084 23187 26188 28581 31599 35020 38887 41827 44722 47947 50812 53479 56324 58888
8542 12354 14693 17723 20121 23224 26215 28597 31663 35025 38909 41830 44766 47986 50836 53589 56351 58893
8657 12361 14824 17727 20128 23244 26273 28642 31728 35076 38939 41849 44949 47992 50841 53608 56390 58916
8739 12367 14866 17744 20184 23284 26289 28666 31843 35101 39106 41884 44976 48011 50857 53609 56460 58989
8974 12377 14910 17918 20202 23380 26313 28697 31900 35104 39110 41951 45058 48264 50868 53626 56467 59002
9056 12414 14927 17958 20266 23393 26322 28734 31930 35223 39142 42001 45062 48291 50880 53686 56474 59024
9058 12419 14944 18014 20284 23426 26381 28744 31946 35233 39153 42058 45091 48388 50896 53763 56480 59038
9163 12421 14986 18033 20403 23458 26443 28785 31998 35311 39166 42112 45093 48432 50975 53849 56574 59060
9191 12467 14994 18040 20494 23467 26481 28819 32025 35318 39290 42174 45386 48449 50987 53851 56585 59083
9272 12524 14997 18081 20525 23732 26564 28862 32027 35321 39292 42310 45460 48459 51033 53984 56640 59095
9337 12542 15041 18138 20579 23782 26573 29112 32029 35411 39353 42320 45473 48466 51038 54000 56658 59113
9419 12578 15065 18149 20611 23840 26640 29199 32094 35572 39529 42397 45494 48476 51100 54102 56686 59144
9473 12588 15066 18167 20763 23851 26646 29216 32156 35716 39540 42435 45542 48561 51104 54142 56729 59161
9678 12682 15275 18190 20813 23866 26674 29232 32162 35730 39630 42454 45581 48586 51135 54144 56792 59240
9705 12763 15280 18219 20824 23870 26687 29256 32371 35808 39695 42472 45623 48697 51168 54145 56822 59257
9748 12824 15333 18283 20991 23898 26774 29267 32424 35827 39727 42547 45633 48710 51189 54192 56919 59273
9840 12888 15344 18313 21026 23966 26895 29412 32426 35992 39796 42714 45634 48835 51203 54217 56971 59280
9946 12901 15345 18374 21080 23991 26916 29445 32436 36003 39816 42738 45657 48918 51227 54251 57063 59413
9948 12930 15432 18380 21160 23996 26942 29528 32450 36056 39838 42805 45719 48942 51265 54299 57156 59438
9949 12957 15526 18406 21183 24035 26975 29659 32465 36081 39856 42811 45722 48974 51462 54307 57172 59460
9973 13007 15603 18413 21255 24071 26984 29720 32637 36164 39935 42849 45735 49006 51473 54335 57262 59479
10083 13030 15622 18450 21384 24127 27018 29935 32708 36172 39939 42859 45827 49044 51500 54425 57273 59485
10152 13042 15662 18572 21477 24139 27059 29944 32752 36295 39941 42985 45882 49091 51545 54498 57365 59547
10157 13077 15728 18592 21481 24149 27106 29945 32788 36324 39968 43014 45910 49102 51568 54590 57375 59574
10315 13161 15812 18623 21488 24161 27110 30034 32955 36456 40002 43171 45912 49153 51628 54651 57464 59660
10348 13174 15846 18684 21502 24278 27125 30060 33029 36697 40050 43209 45951 49306 51673 54668 57473 59690
10366 13180 15859 18686 21685 24339 27145 30137 33089 36702 40105 43274 45998 49319 51688 54780 57570 59724
10400 13189 15978 18714 21788 24364 27154 30144 33147 36789 40159 43313 46240 49341 51820 54799 57599 59781
10525 13301 16055 18750 21789 24577 27169 30161 33190 36815 40187 43361 46258 49391 51837 54821 57675 59888
10582 13340 16084 18918 21824 24581 27215 30202 33240 36824 40201 43422 46301 49467 51983 54845 57711 59915
10625 13344 16100 18920 21850 24621 27292 30215 33306 36980 40205 43441 46339 49530 52088 54872 57775 59995
10675 13451 16180 18927 22033 24622 27351 30229 33338 37125 40217 43451 46362 49644 52104 54889 57791
10695 13501 16195 18961 22051 24654 27374 30271 33426 37131 40248 43464

10.000 — 50.000 TROMP: ef tveir síðustu tölustafirnir í númerinu eru 74 eða 85

Tryggðu þér miða á www.hhi.is, í síma 563 8300 eða hjá næsta umboðsmanni.

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings

Kjöt og skordýr

Olga Margrét Cilia
frambjóðandi í prófkjöri Pírata á höfuðborgarsvæðinu

Það hefur oft vakið hjá mér furðu hversu lítið er talað um hlýnun jarðar og umhverfismál hér á Íslandi. Við erum ekki fullkomin frekar en aðrar þjóðir í þessum málum. Mér fannst þögnin óskrandi í desember síðastliðnum, þegar ný markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt. Til þess að ná þessum markmiðum skrifuðu þjóðir heims undir Parísarsamkomulagið, sem skuldbindur þær til þess að halda hlýnun jarðar af mannavöldum innan tveggja gráða marksins og jafnvel undir 1,5 gráðum.

Hlýnun jarðar er eitt stærsta verkefnið sem þjóðir heims þurfa að takast á við. Áhrif hlýnunar jarðar eru nú þegar augljós. Þurrkar, flóð, vatnsskortur og önnur ofsafengin veðurfyrirbæri. Sumarið á Íslandi er búið að vera óvenju hlýtt, við fögnum því auðvitað, en höfum samt í huga að þetta er ekki eðlilegt og ástæðan að öllum líkindum hlýnun loftslags á heimsvísu.

En þetta er kannski ástæðan fyrir því að á Íslandi er ekki talað mikið um hlýnun jarðar. Við tökum ekki eftir henni í okkar daglega lífi og fögnum auðvitað þegar veðrið er gott. Þetta skeytingarleysi birtist mjög greinilega í hegðun fyrirsvarsmanna landsins. Mér er minnisstætt þegar Sigmundur Davíð talaði um að hlýnun jarðar fæli í sér spennandi sóknarfæri fyrir Íslendinga. Í búvörusamningnum er talað um að auka kjötframleiðslu og fara að flytja inn fósturvísa til þess að hefja nautgriparæktun hér á landi. Það er í hæsta máta undarlegt, enda er gríðarlega auðlindafrekt að rækta nautakjöt. Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna hefur auk þess mælt með því að íbúar jarðarinnar líti í auknum mæli til skordýra til þess að uppfylla prótínþörf sína.

Ég myndi vilja sjá Ísland fremst meðal þjóða í að tryggja sjálfbært fæðuöryggi. Við eigum að styðja við fólk sem vill koma með nýstárlegar hugmyndir varðandi fæðu á markað.

Ég myndi vilja sjá Ísland fremst meðal þjóða í að tryggja sjálfbært fæðuöryggi. Við eigum að styðja við fólk sem vill koma með nýstárlegar hugmyndir varðandi fæðu á markað. Eitt slíkt fyrirtæki er Jungle Bar sem hefur framleitt próteinstykki úr krybbuhveiti. Stykkin eru ófáanleg á Íslandi því að ráðherra ákvað að innleiða Evrópureglugerð frá 1997 í október 2015. Með reglugerðinni var ómögulegt fyrir fyrirtækið að selja stykkin hér á landi. Þau njóta þó mikilla vinsælda, til dæmis í Bandaríkjunum. Í stað þess að sjá sóknarfæri í nýsköpun á matvælamarkaði, var frábær hugmynd barin niður af stjórnvöldum.

Einnig eigum við hér á landi fullt af jarðvarma sem væri hægt að nýta í ýmiss konar ræktun. Þó að ég sé hlynnt því að flytja inn matvöru, með það fyrir augum að auka vöruúrval fyrir neytendur, þá skilur sá flutningur eftir sig gríðarlega stór vistspor sem ýta undir hlýnun jarðar. Við þurfum að fara að skoða stöðu Íslands í heildarsamhenginu og taka upplýstar ákvarðanir um hver næstu skref okkar eiga að vera í að tryggja fæðuöryggi og sporna við hlýnun jarðar.

Hvað er svona erfitt?

Oddný G Harðardóttir
formaður Samfylkingarinnar

Bið þjóðarinnar eftir kjördegi er orðin of löng og hún er glöggt merki um að ringulreið og stefnuleysi hrjáir stjórnarsamstarfið á síðustu starfsdögunum.

Í fjölmennustu mótmælum sögunnar á Íslandi kallaði þjóðin á kosningar strax. Þetta gerðist í mars á þessu ári. Ríkisstjórnin var sett á skilorð eftir Panama-skjölin og fordæmalausa pólitíska kreppu. Það var átakanlegt að horfa upp á vandræðaganginn í kjölfarið en svo fór að ný ríkisstjórn bjó sér til frest fram á haust til að klára nokkur brýn mál.

Sigurður Ingi, þá nýr forsætisráðherra, lofaði kosningum í haust og á það treysti almenningur. Bjarni Benediktsson lofaði hinu sama í beinni útsendingu á tröppum Alþingishússins.

Nú tæpum fimm mánuðum seinna er ekki enn ljóst hvenær verður kosið. Sú staðreynd er alls ekki til þess fallin að auka traust kjósenda á ríkisstjórninni eða forsætisráðherra.

Því er eðlilegt að spurt sé hvers vegna það er þeim svo erfitt að dagsetja kosningar, eyða óvissu og staðfesta við fólkið í landinu að standa eigi við gefið loforð. Það getur ekki verið svo flókið að nefna kjördaginn eða svara því hvort kosningarnar verði 22. október eða 29. október.

Er vandinn kannski frekar sá að þau geti ekki sjálf komið sér saman um kjördag eða hvaða mál eigi að vinna á stuttu sumarþingi? Bið þjóðarinnar eftir kjördegi er orðin of löng og hún er glöggt merki um að ringulreið og stefnuleysi hrjáir stjórnarsamstarfið á síðustu starfsdögunum.

Hugverkaréttindi eru verðmæti og viðskiptatæki

Ragnheiður Elín Árnadóttir
iðnaðarráðherra

Nýlega kynnti ég hugverkastefnu fyrir Ísland en hún fjallar um vernd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar; þau eru vörumerki, einkaleyfi, hönnunarskráningar og önnur skyld réttindi. Markmið stefnunnar er hugverkadrifið Ísland árið 2022 og sú framtíðarsýn er sett fram í skjalinu ásamt því að veita upplýsingar um réttindin, mikilvægi þeirra og mögulegar verndarleiðir ásamt aðgerðaáætlun til næstu fimm ára. Stefnan er afrakstur vinnu starfshóps sem í áttu sæti fulltrúar frá Einkaleyfastofunni, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Félagi umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa og Félagi einkaleyfasérfræðinga.

Hugverkaréttindi eru fyrst og fremst verðmæti og viðskiptatæki en flest öll verðmætustu fyrirtæki í heimi byggja velgengni sína á skipulagðri stefnu um vernd hugverka og skráningu hugverkaréttinda. Sem dæmi má nefna erlend stórfyrirtæki eins og Google, Apple, Samsung og Microsoft, en hér á landi má til dæmis benda á Össur, Marel, Orf líftækni og Bláa lónið. Velgengni þessara fyrirtækja má að talsverðu leyti þakka kerfisbundinni verndun hugverkaréttinda allt frá stofnun þeirra. Flestar tegundir hugverka er nauðsynlegt að skrá svo réttindin fáist viðurkennd, en við það skapast verðmætur eignarréttur.

Atvinnulíf nútímans byggir í stöðugt meiri mæli á hugviti og þekkingu. Fyrir fáum árum kom fram í bandarískri rannsókn að 34,8 prósent af vergri landsframleiðslu Bandaríkjanna árið 2010 hefði mátt rekja til hugverkaréttindatengdrar starfsemi sem skapaði 27,1 milljón starfa. Innan Evrópusambandsins sýndi könnun frá árinu 2013 að 39 prósent af vergri landsframleiðslu Evrópusambandsríkjanna árið 2008-2010 mætti rekja til fyrirtækja sem byggðu beint á hugverkaréttindum. Nýleg rannsókn Evrópusambandsins sýnir jafnframt að fyrirtæki sem eiga og beita hugverkum sýna meiri hagnað á hvern starfsmann, eru með fleiri starfsmenn og greiða hærri laun.

Staða Íslands hvað varðar einkaleyfa- og hönnunarskráningar er töluvert lakari en bæði í Evrópu og Bandaríkjunum en skráningum hefur fækkað nokkuð á síðustu árum. Þetta veldur áhyggjum, þar sem þróunin helst ekki í hendur við aukna velmegun hér á landi og öfluga frumkvöðlastarfsemi. Með stefnunni viljum við snúa þessari stöðu við og við ætlum að efla vitund og skilning á hugverkaréttindum, mikilvægi þeirra og mögulegum til verndar hvort sem er með skráningu eða á annan hátt. Við viljum sjá frekari menntun og rannsóknir á sviði hugverkaréttinda. Einnig er með stefnunni stefnt að skilvirku stjórnkerfi og einfaldara lagaumhverfi.

Atvinnulíf nútímans byggir í stöðugt meiri mæli á hugviti og þekkingu.

Árið 2020 viljum við sjá sterka vitund um hugverkaréttindi á sviði iðnaðar, áhrif þeirra á verðmæti fyrirtækja og mikilvægi réttindanna í allri þróun, rannsóknum og nýsköpun. Samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs byggist á því. Lögð verður áhersla á mikilvægi verðmætasköpunar sem byggist á uppfinningum og þekkingu úr rannsóknarstarfi. Opinbert stuðningskerfi við frumkvöðla sem og lítil og meðalstór fyrirtæki er öflugt á Íslandi. Við eigum því alla möguleika á því að komast í fremstu röð á þessu sviði sem öðrum.

Ég hvet alla áhugasama til að kynna sér hugverkastefnuna, en hana má finna á vef ráðuneytisins á www.anr.is.

Mismunandi fyrirkomulag á uppboðum með aflaheimildir

Ásgeir Daníelsson
forstöðumaður rannsókna- og spádeildar Seðlabanka Íslands

Mikil umræða hefur verið um uppboð á aflaheimildum eftir að fréttist að Færeyingar hafa boðið upp aflaheimildir í nokkrum deilistofnum. Færeyingar líta á þessi uppboð sem tilraunastarfsemi og ætla að nota reynsluna af þeim til að þróa fram hentugt fyrirkomulag á uppboði aflaheimilda.

Á fyrstu árum þessarar aldar voru umræður hér á landi um að taka upp uppboð á aflaheimildum. Sú hugmynd var nefnd að rétt væri að gera tilraunir með uppboð á aflaheimildum í nýjum tegundum eins og norsk-íslensku síldinni þar sem engin aflareynsla var fyrir hendi til að miða úthlutun aflaheimildanna við. Sömu aðstæður komu upp síðar þegar byrjað var að veiða kolmunna og makríl. Af þessu varð ekki og auðlindagjald var lagt á í formi skatts þrátt fyrir að flestum væri ljóst – einnig þeim sem útbjuggu það – að kerfið gæti leitt til mjög óskynsamlegrar niðurstöðu þegar aðstæður veiðanna breyttust mikið frá þeim tíma sem útreikningurinn miðaði við. (Þessi vandamál eru vissulega meiri en þau þyrftu að vera vegna undarlegrar þrákelkni við að miða við verð á lönduðum afla við útreikning á þorskígildum í stað leiguverðs á aflamarki.)

Færeyingar líta á þessi uppboð sem tilraunastarfsemi og ætla að nota reynsluna af þeim til að þróa fram hentugt fyrirkomulag á uppboði aflaheimilda.

Mismunandi uppboðskerfi

Í grein í Fréttablaðinu 27. júlí segja tveir starfsmenn SFS að uppboð á aflaheimildum geri fyrirtækjum ókleift að skipuleggja sig til lengri tíma og lýst er áhyggjum af því að smábátar og skip minni útgerða fari halloka í útboðum á aflaheimildum. Sennilega hafa höfundarnir í huga uppboð þar sem allt aflamark (kvóti) tiltekins árs er boðið upp í einu lagi en það er auðvitað ekki eina mögulega fyrirkomulagið. Það er hægt að bjóða upp aflahlutdeildir til lengri tíma og einungis lítinn hluta af öllum aflaheimildum á hverju ári eins og fylgjendur fyrningarleiðarinnar hafa talað fyrir. Það væri líka hægt að skipta uppboðinu upp þannig að boðnar væru sérstaklega upp aflaheimildir fyrir smábáta og sérstaklega fyrir minni útgerðir ef það væri talið æskilegt að viðkomandi hópar héldu einhverri tiltekinni hlutdeild af aflaheimildum í heild. Það er hægt að setja hámörk á hvað hver útgerð megi bjóða í mikið af aflaheimildum (t.d. miðað við afkastagetu skipa sem hún á) og það er hægt að setja hámark á hversu mikið útgerð má eiga af aflaheimildum eins og er í núgildandi lögum. Ég hugsa að það sé hagkvæmt að hafa nokkur uppboð á aflaheimildum á ári og að það verði boðnar út aflahlutdeildir sem afskrifast á mislöngum tíma, sumar afskrifist á 20 árum, sumar á 5 árum og kannski sumar á einu ári, þ.e. aflamark ársins. Önnur atriði sem varða fyrirkomulag uppboða geta einnig skipt miklu. Allt þetta þarf að skoða mjög vandlega eins og starfsmenn SFS benda á í grein sinni, bæði með fræðilegum aðferðum (hagfræði, leikjafræði, tilraunum) og með því að skoða hvernig hlutirnir koma út þegar afmarkaður hluti aflaheimilda er boðinn út eins og Færeyingar eru að gera nú. Kannski ættum við að gera eins og Færeyingar og byrja á veiðum úr deilistofnum, sem eru uppsjávarfiskar og botnfiskur í Barentshafi eins og hjá Færeyingum.

GLÆSILEGT ÚRVAL
Á PIER.IS

3 FYRIR 2
AF DIFFUSERUM & KERTUM

30% AFSLÁTTUR AF SUNDAY SÓFUM

SUNDAY þriggja sæta sófi
Áður 149.900,- **NÚ 104.930,-**
Stærð: 238x90xH82 cm
Litir: Dökk- og ljósgrár

3 FYRIR 2
AF DIFFUSERUM
Verð frá 1.190 kr.

3 FYRIR 2
AF DIFFUSERUM
Verð frá 1.190 kr.

SUNDAY sófi með færanlegri tungu
Áður 179.900,- **NÚ 125.930,-**
Stærð: 268x90x144x H82 cm
Litir: Dökk- og ljósgrár

3 FYRIR 2 AF PÚÐUM
VERÐ FRÁ 1.990,-

the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

Gildir 11.–17. ágúst

KRÓNAN

ENGIN AUKEFNI
100%
UNGNAUTAHAKK

100% hamborgara-búðin þín

90g - 449 kr. pk.
120g - 569 kr. pk.
175g - 849 kr. pk.

Steikarborgari 120g
20% fita - góður á grillið
569 kr. pk.

alltaf 2 stk. í pakka

#Grillsnilld KRÓNAN

1299 kr. pk.

100% hágæða ungnautahamborgari, Brioche hamborgarabrauð, Fabrikkusósa og salt + pipar, 2 stk. í pakka

399 kr. stk.

Fabrikkusósan og Barbíkjúsósa Fabrikkunnar 300ml

-50%

99 kr. stk.

~~Verð áður 199 kr. stk.~~

Egils appelsín 1L

599 kr. pk.

Fylltir sveppir, 320g

899 kr. pk.

Grillborgarar með brauði 4 stk.
Gott verð!

499 kr. pk.

Rösti kartöflur 6 stk.

#Grillsnilld KRÓNAN

649 kr. pk.

Grillbakki maískólfar 4 stk.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

TILBOÐIN GILDA TIL 14. ÁGÚST - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS

KRÓNAN

Marinerað af kjötmeistara Krónunnar

-16%

2099 kr. kg

Verð áður ~~2499~~ kr. kg

Ferskar Krónu kjúklingabringur

#Grillsnilld KRÓNAN

-21%

2999 kr. kg

Verð áður ~~3799~~ kr. kg

Lamba prime

799 kr. kg

Verð áður ~~899~~ kr. kg

Lambaöxl frosin

1439 kr. kg

Verð áður ~~1799~~ kr. kg

Grísahnakkaspjót, úrval marineringa, Ísland

-21%

2999 kr. kg

Verð áður ~~3799~~ kr. kg

Lamba prime, úrval marineringa

-17%

1299 kr. kg

Verð áður ~~1569~~ kr. kg

Lamba grillleggir

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

TILBOÐIN GILDA TIL 14. ÁGÚST - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS

KRÓNAN

Ódýrt

Ódýrt

X.RAY orkudrykkur 250ml

59 kr. stk.

Pizza Bolognese 3 í pakka, frystivara

589 kr. pk.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

TILBOÐIN GILDA TIL 14. ÁGÚST - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS

KRÓNAN

-30%

#Grillsnilld KRÓNAN

Ferskt alla daga

1049 kr. stk.

~~Verð áður 1499 kr. stk.~~

Bláber Driscolls 500g, Pólland

-25%

224 kr. kg

~~Verð áður 299 kr. kg~~

Ferskur ananas, Ekvador

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

TILBOÐIN GILDA TIL 14. ÁGÚST - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS

Framsókn og verðtryggingin

Gunnar Bragi Sveinsson
ráðherra Framsóknarflokksins

Elsa Lára Arnardóttir
þingmaður Framsóknarflokksins

Framsóknarflokkurinn hefur verið skýr í afstöðu sinni til verðtryggingar, að hana beri að afnema af neytendalánum. Öll sáum við hversu mikil áhrif verðtryggingarinnar voru í hruninu. Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar varði hag sparifjáreigenda en gætti ekki að þeim sem fjárfest höfðu í eignum, en fasteign er sú sparnaðarleið sem flestir kjósa fyrir verðtryggt lánsfé. Flestir þekkja framhaldið.

Í fréttum undanfarið hefur heyrst að draga skuli úr vægi verðtryggingar og að ekki sé hægt að afnema verðtrygginguna með einu pennastriki. Það þurfi að gera í skrefum. Þess vegna er mikilvægt að leggja fram trúverðuga og tímasetta áætlun um hvert skref sem taka skal á og hvaða leiðir unnt er að fara í þeim efnum. Það þarf að ganga hratt og vel fyrir sig.

Nú er unnið að tillögum sem eiga að draga úr vægi verðtryggingar. Þær tillögur hafa eingöngu verið gróflega kynntar fyrir þingflokki Framsóknar. Þessar tillögur ná aðeins til ákveðins hóps og efumst við ekki um að það verði til mikilla bóta fyrir þann hóp. En við, ásamt fleirum, höfum sett fyrirvara við þau drög og er ástæðan sú að við sjáum ekki hvernig koma eigi til móts við þá tugi þúsunda sem nú þegar eru með verðtryggð lán.

Endanlegar tillögur hafa ekki verið kynntar í ríkisstjórn né þingflokki framsóknarmanna. Ef þessar tillögur eru „góðar“ þá er ekki útilokað að um þær náist sátt. Mikilvægt er þó að um leið séu næstu skref kynnt að fullu afnámi verðtryggingar af neytendalánum.

Ýmsar hugmyndir hafa verið settar fram um hvernig „draga megi úr vægi verðtryggingar“ þannig að slíkt lánsform verði að minnsta kosti ekki í boði af húsnæðislánum. Þær hugmyndir sem settar hafa verið fram eru m.a. að

- setja þak á verðtryggingu þannig að lántaki og lánveitandi skipti með sér áhættu. Þannig að ef verðbólgan fer yfir ákveðna prósentu þá taki lánveitandi á sig áhættuna umfram það.
- að gera breytingar á útreikningi verðbólgu og verðtryggingar þannig að framvegis verði notuð samræmd vísitala neysluverðs (SVN) í stað vísitölu neysluverðs (VNV). Þannig væri húsnæðisþáttur tekinn út úr vísitölunni. Þingmál þessa efnis hefur verið lagt fram af þingmönnum Framsóknarflokksins en ekki fengið afgreiðslu: http://www.althingi.is/altext/145/s/1069.html
- að setja takmarkanir á fjölda þeirra verðtryggðu lána sem lánastofnanir geta átt. En það er nú svo að verðtryggðu lánasöfn/eignasöfn bankanna aukast verulega þegar verðbólga fer af stað. Það verður eignatilfærsla frá heimilum landsins til fjármálastofnana. Það verður að stöðva.
- að breyta útreikningi verðtryggðra lána þannig að breytingar á vísitölu reiknist á og greiðist af hverjum gjalddaga fyrir sig en ekki höfuðstól. Þannig komum við í veg fyrir þau snjóboltaáhrif sem verðtryggingin hefur á lánasöfn.

Þegar þetta er ritað höfum við ekki heyrt hvort þessar hugmyndir eða aðrar hafi verið skoðaðar. Það er nauðsynlegt að skoða allar hugmyndir um að „minnka enn frekar vægi verðtryggingar“ ef það er ekki meirihluti fyrir því í þinginu að afnema verðtryggingu með öllu.

Við höldum áfram að tala fyrir því að afnema beri verðtryggingu af neytendalánum. Það er ekkert sanngjarnt við það að lántakendur, það eru heimili landsins, beri einir þá áhættu sem felst í verðtryggðu lánaformi.

Sprenging í innflutningi á landbúnaðarvörum

Björgvin Jón Bjarnason
formaður Svínaræktarfélags Íslands

Ingimundur Bergmann
formaður Félags kjúklingabænda

Í umræðu um landbúnaðarmál er stundum látið eins og litlar breytingar hafi orðið á rekstrarumhverfi landbúnaðarins. Þetta er fjarri sanni þegar litið er til svína- og alifuglaræktar. Frá hruni hafa orðið einhverjar mestu breytingar sem við höfum séð á íslenskum landbúnaði. Þær greinar sem við erum fulltrúar fyrir, alifugla- og svínarækt, njóta nær engra opinberra styrkja en búa við tollvernd þannig að innlenda framleiðslan geti þrifist. Þessar búgreinar njóta í flestum löndum beins eða óbeins stuðnings. Af þeim sökum er tollverndin okkur lífsnauðsynleg enda geta bú okkar ekki keppt við þau risabú sem þekkjast í þessum geirum víða erlendis. En nú er svo komið að algjör sprenging hefur orðið í innflutningi á svína- og kjúklingakjöti á síðustu árum.

Hröð þróun

Í kjúklingarækt er staðan þannig að um 20% af markaðnum eru innflutt, en árið 2010 var þetta hlutfall um 8%. Ástæða þessa er einföld, nefnilega að tollverndin hefur rýrnað svo mikið að verulegur hagur er af því að flytja inn verðmætari hluta kjúklingsins svo sem eins og bringur. Þetta hefur verulegar afleiðingar fyrir framleiðendur enda bringur ein verðmætasta vara kjúklingabúa.

Í svínakjötinu nálgast innflutningur um 20% af heildarneyslu Íslendinga en vægi innflutts svínakjöts í heildarneyslu var um langt árabil um 3%-10%. Ástæðan er vaxandi eftirspurn eftir tilteknum afurðum, einkum svínasíðum. Innflytjendur hafa ekki séð sér hag í að nota þá tollkvóta sem þegar eru í boði til að fylla upp í það gat á markaðnum, en hafa frekar nýtt heimild í lögum til að fara fram á opinn tollkvóta þegar vöruna hefur skort á markaði. Tollkvótarnir eru hins vegar nýttir til að flytja inn verðmætari afurðir, s.s. lundir. Afleiðingin er sú að hlutdeild innlendra framleiðenda í markaðnum minnkar og verð til framleiðenda hefur fallið. Á sama tíma hefur verð til neytenda út úr búð farið hækkandi.

Engar upplýsingar til neytenda

Á Íslandi gilda strangar reglur um framleiðslu á alifugla- og svínakjöti sem eykur framleiðslukostnað innlendu varanna. Þannig hefur um langt árabil verið gengið hart fram í að kveða niður kamfýlóbakter og salmónellu í kjúklingi en þær kröfur eru ekki gerðar til innfluttu afurðanna. Eins hafa orðið miklar breytingar í svínarækt sem auka kostnað framleiðenda en eru til þess fallnar að skapa bættar aðstæður fyrir dýrin. Þær aðgerðir eru verulega styrktar í nágrannalöndum okkar.

Þó að neytendur geti kynnt sér þá starfshætti sem innlendur landbúnaður þarf að fylgja er engin leið fyrir þá að fá þessar sömu upplýsingar um innfluttu afurðirnar. Eitt þeirra vandamála sem íslenskir neytendur standa frammi fyrir er að erfitt er að hafa fulla vissu um uppruna þeirra, enda engin trygging fyrir því að landbúnaðarafurðir sem eru merktar danskar séu það að öllu leyti. Verulegt svigrúm er til að blanda slíkar afurðir með afurðum frá öðrum löndum. Þannig eru t.d. um 40% af öllum kjúklingum sem framleiddir eru í Taílandi flutt til ESB-ríkja og hluta þess er blandað við afurðir

Þó að neytendur geti kynnt sér þá starfshætti sem innlendur landbúnaður þarf að fylgja er engin leið fyrir þá að fá þessar sömu upplýsingar um innfluttu afurðirnar.

heimalandanna, án þess að uppruna sé getið.

Krafa okkar er ekki að dregið verði úr þeim kröfum sem gerðar eru til íslensks landbúnaðar, heldur einungis að stjórnvöld standi að baki honum með því að koma í veg fyrir frekari innflutning á vörum sem ekki uppfylla sömu kröfur og íslenskir bændur þurfa að gera. Þá viljum við gjarnan búa við svipaða stöðu og erlendir starfsbræður okkar þegar kemur að þátttöku hins opinbera í stuðningi við greinarnar og að sköpun almennra rekstrarskilyrða. Við viljum leggja okkur fram um að mæta kröfum og væntingum íslenskra neytenda.

Nú skal mismuna eftir aldri

Pétur Sigurðsson,
fasteignasali í Mið-Flórída og eigandi The Viking Team, Realty

Ég er ýmsu vanur frá pólitíkusum. Búandi í Flórída þá heyri ég ruglið í Hillary Clinton og Donald Trump á ljósvakamiðlum mörgum sinnum á dag. En að íslenskur ráðherra skyldi slá þeim við í ruglinu átti ég ekki von á. Fréttin á heimasíðu Ríkisútvarpsins þann 7. júlí, þar sem haft er eftir Sigurði Inga Jóhannssyni forsætisráðherra, að ríkisstjórnin sé að skoða þann möguleika að banna lán til fólks, ef það getur ekki greitt lánið upp áður en það er komið á ellilífeyrisaldur. Hér í Bandaríkjunum myndi þetta flokkast sem mismunun vegna aldurs. Að mismuna einhverjum vegna aldurs, sama hvort það er í atvinnu, vegna fjármála eða annars er alríkisglæpur í Bandaríkjunum. Það að Sigurður Ingi skuli taka þannig til orða að kalla þetta „spennandi“ verkefni finnst mér alveg ótrúlegt og myndi flokkast hér sem tilraun til pólitísks sjálfsmorðs.

Hér í Bandaríkjunum ræður greiðslugeta fólks því hvort það fær lán eða ekki. Aldur, kyn, litarháttur, uppruni, trú, hjúskaparstaða eða hvort tekjurnar koma frá hinu opinbera má ekki ráða því hvort þú ert lánshæfur eða ekki. Það eru tvenn alríkislög sem fjalla um þessa þætti, annað er lagaflokkur sem fjallar um lánsmöguleika fólks (Equal Credit Opportunity Act) og hinn lagaflokkurinn er hluti af húsnæðislöggjöfinni hér (Fair Housing Act). Báðir þessir lagaflokkar voru settir til þess að koma í veg fyrir mismunun eins og ríkisstjórn Sigurðar Inga Jóhannssonar virðist ætla að leggja fyrir Alþingi.

Ég hélt að svona forræðishyggjustjórnarhættir væru fyrir löngu aflagðir og hefðu að mestu leyti horfið á svipuðum tíma og Berlínarmúrinn féll. Hafi ríkisstjórnin áhyggjur af því að fólk geti ekki séð fjárhag sínum borgið, því býður hún þá fólki ekki upp á námskeið í fjármálalæsi, námskeið eða kynningar á nauðsynlegu lágmarksviðhaldi húsa og svo framvegis? Það er ekki hlutverk ríkisstjórna að ráðskast með eða skipuleggja fjárhag heimilanna.

Ég er að velta því fyrir mér hvað er hérna um að vera. Er íslenska þjóðin orðin svona ósjálfstæð, að ríkisstjórnin þurfi að ákveða fyrir hana hvað henni er hollt eða ekki, eða er ríkisstjórnin búin að missa sambandið við þjóðina og lifir í sínum eigin sýndarveruleika?

Fjölgum hjúkrunarfræðingum!

Eydís Kristín Sveinbjarnardóttir
forseti heilbrigðisvísindasviðs HA

Alþjóðlegar og innlendar rannsóknir hafa margsýnt fram á að góð mönnun vel menntaðra hjúkrunarfræðinga eykur öryggi skjólstæðinga og þeim farnast betur. Heilbrigðisþjónustan verður hagkvæmari og ennfremur verða skjólstæðingar og aðstandendur ánægðari með þjónustuna. Undirmönnun eða skortur á vel menntuðum hjúkrunarfræðingum rýrir gæði heilbrigðisþjónustunnar.

Mannekla í hjúkrun

Undanfarin ár hefur mönnun sem samræmist viðurkenndum öryggissjónarmiðum á heilbrigðisstofnunum ekki verið náð og hefur vandi Landspítalans oftast verið nefndur í þeim efnum. Vandinn er margþættur. Í fyrsta lagi munu stórir árgangar starfandi hjúkrunarfræðinga sextíu ára og eldri hefja töku á lífeyri á næstu þremur árum. Kallar það á fjölgun hjúkrunarfræðinga til að fylla í skörðin. Í öðru lagi þarf að bæta vinnuaðstæður hjúkrunarfræðinga og gera þannig störfin eftirsóknarverðari. Í manneklukýrslu Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga frá 2007 var áætlað að útskrifa þyrfti a.m.k. 145 hjúkrunarfræðinga á ári. Það hefur tekist að útskrifa að meðaltali 80% af þessum fjölda á undanförnum sex árum. Í þriðja lagi mun þörfin fyrir menntaða hjúkrunarfræðinga aukast og þá sérstaklega m.t.t. þess að þjóðin mun eldast á næstu áratugum skv. mannfjöldaspá Hagstofu Íslands.

Hjúkrunarfræði í 30 ár við HA

Hjúkrunarfræðideild HA verður 30 ára á næsta ári. Þegar Háskólinn á Akureyri var stofnaður 1987 var hjúkrunarfræðideildin sett á laggirnar. Efasemdaraddir um að hjúkrunarfræðideild á Norðurlandi mundi hvorki vaxa né dafna hafa hljóðnað og námið fengið mikið lof í gæðaúttektum sem gerðar hafa verið. Undanfarin ár hafa 50 hjúkrunarnemar hafið nám á vormisseri fyrsta árs eftir að hafa þreytt og staðist samkeppnispróf að loknu haustmisseri. Brottfall við hjúkrunarfræðideild HA er hverfandi, en undanfarin sex ár hafa 94% þeirra hjúkrunarnema sem hefja nám á vormisseri fyrsta árs útskrifast sem hjúkrunarfræðingar. Það er í raun stórmerkilegur árangur í háskólastarfi.

Sveigjanlegt nám

Kannanir sem gerðar hafa verið á viðhorfum þeirra sem brautskráðst hafa frá hjúkrunarfræðideild HA ásamt viðtölum við þá staðfesta að rekja megi árangur um lítið brottfall til jákvæðs viðmóts og góðs aðgengis að kennurum. Einnig virðist það skipta sköpum að boðið er upp á sveigjanlegt nám sem byggir á þremur stoðum; fjarnámi, skýrt skilgreindu lotubundnu staðarnámi og klínísku námi. Þetta blandaða námsfyrirkomulag við deildina hefur mælst vel fyrir og veitt fjölmörgum tækifæri til náms sem annars hefðu ekki átt kost á námi, jafnt á landsbyggð sem höfuðborgarsvæði.

Í fyrsta lagi munu stórir árgangar starfandi hjúkrunarfræðinga sextíu ára og eldri hefja töku á lífeyri á næstu þremur árum.

Fjölgun hjúkrunarfræðinga

Háskólaráð HA hefur samþykkt að fjölga þeim sem fara í gegnum samkeppnispróf í hjúkrunarfræði úr 50 í 55 á næsta skólaári. Það sem takmarkar enn frekari fjölgun brautskráðra hjúkrunarfræðinga við HA er námspláss og tækifæri til þjálfunar í klínísku námi og auðvitað fjármagn. Heilbrigðisvísindasvið HA hefur verið að leita nýrra leiða við tilhögun í klínísku námi og verklegri kennslu hjúkrunarnema við skólann. Það dugar þó ekki til. Viðbótarfjármagn þarf að koma til þannig að hægt verði að mennta fleiri hjúkrunarfræðinga og koma í veg fyrir að skortur á hjúkrunarfræðingum stefni öryggi og gæðum heilbrigðisþjónustunnar í enn frekari hættu á komandi árum og áratugum. Það er áskorun sem stjórnvöld verða að takast á við.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

FERSKT ÍSLENSKT GRÍSAKJÖT AF NÝSLÁTRUÐU

798 kr. kg

Bónus Grísahakk
Ferskt

1.298 kr. kg

Bónus Grísakótilettur
Ferskar

NÝTT ÍSLENSKT GRÆNMETI Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS

698 kr. kg

KS Lambasúpukjöt
Frosið

598 kr. 4x80 g

Íslandsnaut Ungnautaborgarar
4x80 g

1.698 kr. kg

Íslandsnaut Ungnautahakk
Verð áður 1898 kr. kg

ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
Verð gilda til og með **14. ágúst** eða meðan birgðir endast

Anthony Nesty hefur þjálfað Hrafnhildi í Florida State-háskólanum undanfarin ár og fylgir henni eftir á leikunum í Ríó. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hilda er yndisleg persóna

Hrafnhildur Lúthersdóttir synti sig inn í undanúrslit í báðum greinum sínum á Ólympíuleikunum í Ríó fyrst íslenskra kvenna. Hún synti í undanúrslitum í 200 metra bringusundi í nótt. Hrafnhildur hefur fyrrverandi Ólympíumeistara með sér á bakkanum. Anthony Nesty vann gull á ÓL í Seoul 1988 en þjálfar nú Hrafnhildi.

Óskar Ófeigur Jónsson
ooj@365.is

SUND Hrafnhildur Lúthersdóttir hefur náð sögulegum árangri á Ólympíuleikunum í Ríó og það er ekki að sjá annað en kynni hennar af frægum Ólympíumeistara hafi haft góð áhrif á hana síðasta árið sem hefur verið einstaklega sögulegt fyrir sundkonuna frábæru úr Hafnarfirðinum.

Fáir gleyma því sem á horfðu þegar Anthony Nesty vann einu gullverðlaunin í sögu Súrínams á Ólympíuleikunum í Seoul fyrir 28 árum. Nesty vann þar Bandaríkjamanninn Matt Biondi með einu sekúndubroti í 100 metra flugsundi en fyrir sundið bjuggust allir við að Biondi tæki gullið.

Anthony Nesty varð algjör þjóðhetja heima í Súrínam og andlit hans var meðal annars sett á peninga í heimalandinu. Sigur hans vó líka þungt í réttindabaráttu þeldökkra í heimalandinu en hann var aðeins annar þeldökki íþróttamaðurinn sem náði að vinna gull í einstaklingssundi á Ólympíuleikum. Súrínam hefur ekki unnið aftur gull á Ólympíuleikum.

Síðan eru liðin mörg ár og Nesty er nú orðinn virtur þjálfari hjá skólaliðinu Florida Gators. Þar kynntist hann íslensku sundkonunni Hrafnhildi Lúthersdóttur sem hefur tekið enn fleiri framfaraskref eftir að þau fóru að vinna saman.

Mjög stoltur af henni

„Það er mikill heiður fyrir hana að ná svona langt og verða fyrsta íslenska konan sem kemst í úrslit á Ólympíuleikum. Ég er mjög stoltur af henni en auðvitað vildi ég að hún færi hraðar," segir hann en undirritaður hitti hann skömmu eftir sund Hrafnhildar í undanrásum í 200 metra bringusundi í gær. Hrafnhildur hefur ekki verið nálægt Íslandsmetum sínum á leikunum en hefur komist áfram sem er fyrir öllu.

„Aðalatriðið hjá okkur er að sjá sundfólkið okkar bæta sig og Hilda hefur gert það allan sinn sundferil. Það segir góða sögu af henni og þjálfurum hennar heima á Íslandi eins og Klaus-Jürgen Ohk," segir hann en Ohk, sem var þjálfari Hrafnhildar í SH, er líka í Ríó og þeir hjálpast að við að leiðbeina Hrafnhildi á leikunum.

„Hún er ein af bestu íþróttamönnum í heiminum því þegar þú kemst í úrslit á Ólympíuleikum þá ertu einn af þeim bestu. Þegar þú vinnur verðlaun á Evrópumótinu þá ertu einn af þeim bestu í heimi. Það er mikill heiður fyrir mig að fá að vera hérna og þjálfa hana," segir Anthony Nesty. Hann hrósar hafnfirsku sunddrottningunni.

„Hún er frábær karakter. Hilda er yndisleg persóna sem hugsar vel um alla í kringum sig. Við elskum það að hafa hana í okkar liði því hún er frábær leiðtogi sem lætur verkin tala."

Búin að kenna honum alveg jafn mikið og hann mér

Hrafnhildur Lúthersdóttir vill frekar fá meiri upplýsingar en minni og er því mjög ánægð með að hafa aðgang að báðum þjálfurum sínum á leikunum í Ríó. Hér eru bæði Klaus-Jürgen Ohk sem þjálfar hana á Íslandi og Anthony Nesty sem þjálfar hana úti í Flórída.

Anthony Nesty hafði ekki mikla reynslu af hennar grein áður en hann fór að þjálfa Hrafnhildi. „Hann er langsundsþjálfari í skólanum mínum í Flórída og hefur í rauninni ekkert verið að þjálfa bringusund fyrr en fyrir HM í fyrra. Þá var ég að kenna honum hvað ég vil gera og hann var meira að fylgjast með mínum æfingum og hvernig ég syndi og svona. Ég held að ég sé búin að kenna honum alveg jafn mikið og hann er búinn að kenna mér. Þetta er búið að vera mjög gott samstarf og góð samskipti," segir Hrafnhildur. Nesty er landsliðsþjálfari Súrínams og mætir á stórmótin.

„Hann hefur alltaf tækifæri til að fara á þessi stórmót því hann fer sem þjálfari fyrir Súrínam. Það er alltaf öruggt að hann komist með okkur. Það eru líka svo góð samskipti okkar á milli og það er svo auðvelt að vinna með honum. Þetta virkar vel," segir Hrafnhildur sem hefur horft á það þegar Nesty vann gullið sitt en þá voru enn þrjú ár í það að hún fæddist.

„Hann á eitt Ólympíugull og á Ólympíuleikunum fyrir það þá komst hann ekki einu sinni í undanúrslit. Hans saga er góð saga til að sýna manni hvað er hægt. Hann er rosalega rólegur og segir ekki mikið. Hann er samt hress og rosalega skemmtilegur. Yndislegur maður," segir Hrafnhildur.



Nesty fagnar gulli á ÓL 1988.

Sigurinn hjá Anthony Nesty í Seoul 1988 gerði hann heimsfrægan og Hrafnhildur segist hafa horft oftar en einu sinni á það þegar hann vann gullið. Nesty vill þó ekki mikið ræða það við þá sundmenn sem hann þjálfar.

Ræði ekki um gullið mitt

„Ég hef ekki talað um Ólympíugullið mitt því ég vil ekki þröngva því upp á fólk. Með því kæmi meiri pressa en mitt sundfólk þarf á að halda. Það fylgir því nógu mikil pressa að synda á þessu sviði. Þau eru forvitin en hafa ekki þorað að spyrja mig ennþá," segir Anthony Nesty. En hvað með framtíðina hjá Hrafnhildi?

„Hún er orðin 25 ára gömul og hefur verið að bæta sig á hverju ári. Hún ræður þessu sjálf. Hún er með góðan bakgrunn, gott þjálfarateymi í kringum sig bæði með Klaus og okkur hjá Florida Gators. Ef hún vill halda áfram að synda þá tökum við vel á móti henni," segir Anthony.

Hrafnhildur hefur tekið hvert sögulega skrefið á fætur öðru síðasta árið og það er ljóst að hún hefur fundið sig vel hjá Anthony Nesty.

„Ég kem með reynslu en hún græðir líka á því að vera í liðsumhverfinu hjá Florida og að keppa með okkar skóla. Það hefur hjálpað henni. Það er samt mjög sérstakt og mjög erfitt að vera alltaf að taka næsta skref og bæta sig meira," segir Anthony að lokum.

Nýjast

Inkasso-deild karla

Fram - Huginn 2-0

1-0 Dino Gavric (77.), 2-0 Indriði Áki Þorláksson (2-0).

Fram átti sinn annan sigur í síðustu þremur leikjum sínum þegar liðið hafði betur gegn Hugin á Laugardalsvelli í gær. Huginn fékk tækifæri til að komast úr fallsæti með sigri en nýtti það ekki. Þetta var fyrsti leikur fimmtándu umferðar sem lýkur í kvöld með fimm leikjum.

Efst		Neðst	
KA	29	Haukar	17
Grindavík	28	Fram	16
Keflavík	25	Fjarðabyggð	14
Leiknir R.	23	HK	14
Þór	22	Huginn	13
Selfoss	20	Leiknir F.	9

LAGERBÄCK MEÐ SVÍUM Á NÝ

Lars Lagerbäck hefur tekið til starfa á ný hjá sænska knattspyrnusambandinu en hann hætti sem landsliðsþjálfari Íslands eftir EM í sumar. Hann var þá búinn að starfa hjá KSÍ í fjögur og hálft ár. Lagerbäck verður ráðgjafi Janne Andersson, nýs landsliðsþjálfara Svíþjóðar, sem lét það verða sitt fyrsta verk að ráða Lagerbäck í vinnu. Lagerbäck sagði að Andersson hefði byrjað að ræða við sig síðastaliðið sumar. „Ég vil halda smá sambandi við alvöru fótbolta og mér líst vel á sænska liðið," sagði Lagerbäck við sænska fjölmiðla.

TÍUNDI BESTI TÍMINN

Hrafnhildur Lúthersdóttir náði tíunda besta tímanum í undanrásum í 200 m bringusundi á Ólympíuleikunum í Ríó. Hún synti þá á 2:24,43 mínútum sem er um einni og hálfri sekúndu frá Íslandsmeti hennar. Hún komst því í undanúrslitin sem fóru fram í nótt, eftir að Fréttablaðið fór í prentun. Úrslitasundið fer fram klukkan 01.17 í nótt. Hrafnhildur komst í úrslit í 100 m bringusundi og varð fyrsta íslenska konan til að synda til úrslita á Ólympíuleikum. Hún vann brons í báðum þessum keppnisgreinum á Evrópumeistaramótinu í London síðastliðið vor.

Kepptu í nótt

visir.is ÓLYMPÍULEIKARNIR Í RÍÓ

Hrafnhildur Lúthersdóttir keppti í 200 m bringus.

Í dag

17.51 200 m baksund kvk Vísir
▶ ***Eygló Ósk Gústafsdóttir*** *hefur leik í síðari keppnisgrein sinni í dag og stefnir að því að komast í undanúrslitin sem hefjast klukkan 01.35.*

Körfubolti karla:
17.05 Brasilía - Króatía Sport
21.50 Nígería - Spánn Sport
01.20 Litháen - Argentína Sport

Aðrir dagskrárliðir:
15.10 ÓL: Golf kk Sport 4/Golfst.
18.05 Haukar - Þór Sport 2

Inkasso-deildin:
18.00 Fjarðab. - Leiknir R. Eskjuv.
18.15 Haukar - Þór Ásvellir
19.15 KA - Leiknir F. Akureyrarv.
19.15 Selfoss - HK Jáverk-v.
19.15 Grindavík - Keflavík Grind.

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
11. ÁGÚST 2016 FIMMTUDAGUR

OFDEKRAÐ BORGARBARN MEÐ OF HELLAÐ JORDAN-SAFN

Rapparinn Jóhann Karlsson, betur þekktur sem Joe Frazier, heillast mest af derhúfum og góðum skóm þegar kemur að tískunni. Fram undan eru annasamir tímar þar sem hann treður upp með vini sínum Herra Hnetusmjöri.

Jakkinn er frá Tommy Hilfiger og bolurinn kemur frá Sieze&Desist LA. Buxurnar eru frá Navia og derhúfan er frá Obey. MYNDIR/EYÞÓR

Hettupeysan er keypt í hjólabrettabúð í Berlín og bolurinn er frá Sieze&Desist LA. Buxurnar koma frá Navia en sólgleraugun fann Jóhann í grasinu á Secret Solstice-tónlistarhátíðinni fyrir tveimur árum.

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is

Jóhann Karlsson, best þekktur sem Joe Frazier, er að eigin sögn ofdekrað borgarbarn úr póstnúmeri 200 í Kópavogi. Síðastliðin tvö ár hefur hann pródúserað og útsett lög fyrir helstu rappara landsins, þ. á m. Emmsjé Gauta, Bent og BlazRoca. Þegar kemur að rappinu er hann þó helst kenndur við vin sinn Herra Hnetusmjör en hann pródúserar öll lögin hans og rappar og syngur í nokkrum þeirra.

Fatastíll Jóhanns einkennist helst af stóru safni af derhúfum og skóm en hann segir þó erfitt að tilgreina einhvern sérstakan fatastíl. „Einn daginn er ég klæddur frá toppi til táar í Nike og næsta dag kannski í rúllukragapeysu og Tommy-jakka. Ég reyni að klæða mig þannig að ef einhver myndi skyndilega byrja að skjóta tónlistarmyndband við hlið mér, þá væri ég viðbúinn.“ Góðir skór skipta þó alltaf miklu máli. „Ég er mikill skóperri og er stoltur af skósafninu mínu en það samanstendur að miklu leyti af retro Air Jordan-körfuboltaskóm. Fyrir vikið hef ég stundum verið kallaður Skóhann í gamni.“

SÝGUR Í SIG ALLT SEM ER TÖFF

Hann segir tónlistar- og tískuheiminn tvær hliðar á sama peningi. „Mér finnst margir pæla jafn mikið í því hvernig tónlistarmenn líta út og hvernig tónlist þeirra hljómar, þá helst þeir sem eru í rapptónlist. Ég væri að ljúga ef ég segði að það að rappa á sviði aðra hverja helgi hafi ekki látið mig pæla meira í því hverju ég klæðist. Það er líka bara miklu skemmtilegra að skipuleggja hverju ég klæðist þegar ég veit að mörg hundruð manns munu glápa á mig og fötin mín á sviðinu.“

Hann segist ekki beint hafa áhuga á tísku þótt hann reyni að líta vel út. „Ég er mikill netverji og sýg í mig eins og svampur dót sem mér finnst töff. Ég er ávallt undir miklum áhrifum frá því sem ég sé dagsdaglega og þar eru það helst tónlistarmyndbönd sem gera mikið fyrir mig. Þar sé ég stráka í flottum fötum sem kosta oft meira en bíllinn minn en geta kveikt hugmyndir að einhverju svipuðu útliti til að prófa. Svo á ég fullt af vinum sem eru flottir. Þaðan fæ ég oft hugmyndir og get rætt við þá um hvað sé töff.“

INTERSPORT MEÐ SOKKANA

Þegar kemur að uppáhaldsverslunum segist hann eiga fáar hér á landi enda vilji hann helst ekki klæðast fötum sem eru eins og aðrir eiga. „Undantekningin er þó Intersport en þar kaupi ég mikið sokka enda selja þeir staðfest bestu sokkana hér á landi. Sem mikill áhugamaður um fallega strigaskó verð ég síðan að hrósa Húrra Reykjavík fyrir mikinn metnað í að byggja upp alvöru skómenningu hér á landi. Ég elska að flakka um fatasíður á netinu og Ebay og kaupa mér eitthvert kjaftæði. Ef ég ætti ekki kreditkort þyrfti ég sennilega að ganga um nakinn. Þegar ég fer til útlanda reyni ég alltaf að kíkja í innlendar skóbúðir og einhverjar töff vintage-búðir.“

Tommy Hilfiger merkið er í miklu uppáhaldi hjá honum. „Ég er alræmdur Tommy Hilfiger perri, svo mikill að þegar ég var í Kaliforníu var ég settur í „Tommy-bann“ af kærustunni minni og bannað að fara í fleiri Tommy Hilfiger búðir. Ástralska merkið Zanerobe er í uppáhaldi, ég geng mikið í Nike-dóti og svo er ég mjög skotinn í útivistarmerkinu Patagonia. Af innlendur merkjum finnst mér gaman að fylgjast með strákunum í Inklaw og svo verð ég að hrósa vinum mínum í Reykjavík Roses. Ég hlakka geðveikt til að sjá nýja dótið þeirra.“

Jakki frá Inklaw og Nike-peysa. Bolurinn er keyptur í Zara en buxurnar eru frá Navia. Á kollinum er Space Jam derhúfa og skórnir eru skítugir Nike Huarache.

LÍTIÐ FYRIR FYLGIHLUTI

Fylgihlutir eru í litlu uppáhaldi hjá Jóhanni nema hægt sé að telja derhúfur með. „Ég á skammarlega mikið af derhúfum og nota þær óspart. Þó er ég að reyna að koma mér meira inn í það að rokka einhverjar keðjur eða flott úr en ég held að ég sé bara of óöruggur til að púlla það. Ég læt Árna Hnetusmjör um að vera fylgihlutakóngginn í vinahópnum.“

Það er nóg að gerast í tónlistinni hjá honum og félaga hans, Herra Hnetusmjöri. „Ég pródúseraði þrjú lög á nýju plötunni hans Emmsjé Gauta og ég er mjög stoltur af þeim. Við Hnetusmjör erum svo með haug af lögum sem við höfum unnið í vor og ætlum að skjóta myndbönd við á næstunni. Við komum til með að spila úti um allt á Airwaves-hátíðinni og á böllum í haust. Það er alltaf geðveik stemning hjá okkur þannig að ég hvet alla til að kíkja á okkur.“

Áhugasamir geta fylgt Jóhanni eftir á Instagram (@JohannFrazier) og næstu tónleikum þeirra félaga á Facebook undir Herra Hnetusmjör.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357 | Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429

BETRI SÝN – BETRA ÚTLIT

Eyesland kynnir Verslunin Eyesland býður upp á mikið úrval af umgjörðum og sólgleraugum. Enn hefur bæst við úrvalið en hér má sjá lítinn hluta af því allra nýjasta.

Hægt er að fá styrk í flest sólgleraugu hjá Eyesland.

BETRI SÝN FYRIR SKÓLANN

Í Eyesland er að finna flott úrval gleraugna fyrir börn og unglinga.

Bollé – Með betri sýn á umhverfið

Eyesland býður upp á Bollé-íþróttagleraugu sem eru sérstaklega hönnuð með íþróttaiðkun og útiveru í huga.

- Hágæða íþróttagleraugu
- Háþróuð tækni
- B-Clear tækni sem bætir skerpu og nákvæmni í glerjum
- Litaskipt gler sem dökkna í sól
- Hægt er að skipta um gler
- Móðuvörn
- Vatns- og olíufælin filma á glerjum
- Stillanlegir nefpúðar
- Hægt að fá með styrkleika
- V3 litaskipt gler sem er sérhannað fyrir golf
- Litaskipt gler sem hleypir 32% af ljósi í gegn þegar glerið er sem ljósast
- Litaskipt gler sem hleypir 14% af ljósi í gegn þegar glerið er sem dekkst

VERÐ
24.234-39.900 KR.

EYESLAND gleraugnaverslun á 5. hæð í nýja Glæsibæ. s. 557-1015. www.eyesland.is

ALDUR ER SVALUR

Tískumarkaðurinn, sem einblíndi á fyrirsætur á aldrinum 18 til 25 ára, hefur vaknað til meðvitundar um að eldri fyrirsætur þyki líka svalar.

Fyrirsætur sem áður þóttu of gamlar til að sitja fyrir í auglýsingum eða ganga tískupalla hafa nú áunnið sér nýjan sess í tískuheiminum. Það endurspeglast í því að undanfarið hafa komið fram auglýsingar þar sem eldri fyrirsætur eru í forgrunni.

Í grein sem birtist nýverið á vefsíðu Telegraph eru talið að upphafið að hinni nýju bylgju megi rekja til þess þegar tískumerkið Céline fékk Joan Didion, 81 árs gamla, til að vera andlit vorlínu sinnar fyrir 2015.

Hinar gömlu súperfyrirsætur sem voru upp á sitt besta á níunda og tíunda áratugnum hafa því ekki haft jafn mikið að gera í langan tíma. Á síðasta ári sátu þær Cindy Crawford (50), Claudia Schiffer (46) og Naomi Campbell (46) fyrir hjá Balmain en Eva Herzigova (43), Yasmin Le Bon (52), Stella Tennant (46) og Nadja Auermann (45) störfuðu fyrir Giorgio Armani. Þá kom Bette Midler (61) fram í auglýsingu fyrir Marc Jacobs á síðasta tímabili sem síðan notaði á þessu ári hina frábæru Sissy Spacek (67) í auglýsingu.

Hin rauðhærða Grace Coddington (75) hefur setið fyrir hjá Calvin Klein nýverið og þá má einnig nefna hina sextugu Gillean McLeod sem er fyrrverandi stílisti og byrjaði fyrirsætuferilinn þegar hún var 53 ára, en hún er sundfatafyrirsæta H&M þetta árið.

Sú elsta í þessum hópi er þó líklega hin hundrað ára gamla Bo Gilbert sem sat fyrir í auglýsingu fyrir Harvey Nichols sem birtist í aldarafmælishefti Vogue í maí.

Nýjasta fyrirtækið sem stekkur á vagninn er L'Oréal Paris sem safnaði saman nokkrum nafnkunnum konum til að sitja fyrir í auglýsingu fyrir nýtt rakakrem. Þetta var leikkonan Andie MacDowell (58), og fyrirsæturnar Helena Christensen (47), Tatjana Patitz (50), Karen Alexander (50) og Amber Valletta (42).

Viðmælendur Telegraph töldu að tískuheimurinn væri í dag mun opnari fyrir margbreytileika en hann var áður og sögðu sumir það benda til þess að auglýsendur hafi áttað sig á því að það sé ekki unga fólkið sem hafi kaupmáttinn heldur mun frekar fólk á „besta aldri".

Rithöfundurinn Joan Didion í auglýsingu fyrir Céline.

Grace Coddington sat fyrir hjá Calvin Klein.

Cindy Crawford, Claudia Schiffer, og Naomi Campbell í auglýsingu Balmain.

TRI

Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík

KENDA

SHIMANO

HJÓLREIÐAR

HLAUP

SUND

ÚTSALA!

- Allt að 70% afsláttur -

ParkTool

CUBE HYBRID

CUBE RACE

CUBE 29”

WWW.TRI.IS

#cube_your_life!

drink it ... feel it ...
Xenofit®
www.xenofit.de

CUBE

Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga kl. 10:00 til 16:00

Hvítir strigaskór

Segja öllum á sólríkum sumardegi að þú sért ekkert að hafa óþarfa áhyggjur heldur njótir lífsins án þess að velta morgundeginum of mikið fyrir þér. Passa við allt!



Hvítur stuttermabolur

Vel sniðinn og með rúnnuðu hálsmáli klæðir hann alla vel og passar við allt. Það er bara þannig.

Svartur jakki

Sumum finnst svona jakkar valdeflandi og klæðast þeim sem einkennisbúningi. Öðrum finnst þeir bara töff. Þeir passa allavega við allt og auka fágun og glæsileika.

Rúllukragapeysa

Kardashian-systurnar eiga heiðurinn af því að þessi bráðsmellna flík er komin aftur í tísku og fer ekki þaðan í bráð. Svört, hvít eða í uppáhaldslitnum þínum, rúllukragi er frábær á svölum dögum og líka þegar nauðsynlegt er að pakka sér aðeins inn.

Rauður varalitur

Við vitum að varalitur er ekki föt en hann gerir gæfumuninn, sama í hverju þú ert!

Leðurjakki

Ef þú ert enn að láta þig dreyma gerðu drauminn að veruleika. Þú átt það skilið og nautnin af því að eiga svona jakka er hverrar krónu virði.

Svartir hælaskór

lengja leggi og eru oft nóg til að gera nánast hvaða dress sem er að sparifötum.

Svört ökklastígvél

Eru bráðnauðsynleg hversdags og passa við bæði buxur og kjóla. Töff í öllum hælahæðum.

ÞAÐ EINA SEM ÞÚ ÞARFT AÐ EIGA

Áttu fullan fataskáp en finnur samt aldrei neitt til að vera í? Fjárfestu í gæðaeintökum af eftirfarandi og vandamálið er úr sögunni. Þessi föt passa líka öll saman svo þú þarft ekkert að eiga fleira. Gerðu svo vel við þig í fylgihlutum í staðinn.

Nýjar haustvörur

20% afsl.

Prjónakjóll
áður 9.990 kr.
nú 7.990 kr.

Peysukápa
áður 19.990 kr.
nú 15.990 kr.

Síð peysa
með skyrtukraga
áður 9.990 kr.
nú 7.990 kr.

Toppur
áður 6.490 kr.
nú 5.000 kr.

FLASH

Laugaveg 54,
sími: 552 5201

Svartar síðbuxur og góðar gallabuxur

Finndu snið sem klæðir þig, og láttu svo sauma eftir því. Sparar tíma og fyrirhöfn.

Gallajakki

klikkar ekki sumar, vor og haust og svo er hægt að vera í honum innanundir úlpu á veturna.

Ballerínuskór

Það er ekkert alltaf æskilegt, hvað þá þægilegt að vera í hælaskóm. Ballerínuskór eru kvenlegir og sparigera flest föt.

Litli svarti kjóllinn

er til í alls konar útgáfum svo allir geta fundið fullkominn svartan kjól fyrir sig. Getur einn og sér fullnægt næstum öllum þínum fatnaðarþörfum. Kauptu vandað eintak sem þolir allt sem á hann er lagt.

GLÆNÝ úlpusending!

Léttar og þægilegar úlpur í **stærðunum 36-56,** nú fáanlegar í **fallegum haustlitum**

Kaupauki
Fjölnota burðarpoki fylgir með **öllum úlpum!**

NÝJAR ÚLPUR Í HAUSTLITUM!

FRÁBÆRT úrval af **fallegum nýjum haustvörum**

ZIKZAK
TÍSKUHÚS

Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314

Enn meiri verðlækkun
30 - 70% afsláttur
af allri útsöluvöru

Verðdæmi:	Verð nú:	Verð áður:
Kjóll	3.900 kr.	11.900 kr.
Toppur	2.900 kr.	7.900 kr.
Peysa	2.900 kr.	7.900 kr.
Mussa	2.900 kr.	9.900 kr.
Gallabuxur	6.900 kr.	13.900 kr.
Kvartbuxur	4.900 kr.	11.900 kr.
Pils	3.900 kr.	9.900 kr.
Kjóll	2.900 kr.	7.900 kr.

Opið virka daga kl. 11–18
Opið laugardaga kl. 11-15

black pepper
FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516 Kíkið á myndir og verð á Facebook

Hitabeltið er eins konar korselettbelti sem klæðir hvaða flík sem er.

Bréfpokabeltið er náttúrlega ekki úr bréfpoka heldur felst stíllinn meira í því að taka hvaða efnislufsu sem er og nota fyrir belti. Hér er það tóbaksklútur.

Halabeltið er nauðsyn öllum beltisdýrum sem vilja sýna heiminum í tvo heimana.

Peysan um mittið hefur hvorki alveg farið í eða úr tísku. Nema núna þegar Phoebe Philo, tískudrottning hjá Celine, skellti peysunni um mittið á pallinum.

BELTI SEM ERU EKKI BARA BELTI

Belti eru yfirleitt skilgreind sem eitthvað til að halda uppi of víðum buxum. Í seinni tíð hafa belti einnig verið notuð í tískutilgangi til að draga athyglina að mittinu. Nú hefur beltatískan náð upp á næsta stig þar sem óvenjuleg og öðruvísi belti eru orðin yfirlýsing í sjálfu sér.

Fylgihlutafrík athugið! Belti eru ekki lengur bara belti. Í staðinn er komin hugmyndin um belti ef það má orða það svo. Belti eru því ekki endilega belti, svört með sylgju og úr leðri og alls ekki endilega ætluð til þess að halda uppi buxum heldur er hugmyndin um beltið notuð til að draga athygli að mittinu, búa til fellingar og snið á fötin og stundum er tilgangurinn enn þá fjarlægari. Hér eru sýndar fjórar aðferðir til að bera belti, eða allavega hugmyndina um beltið.

Bréfpokabeltið. Hér er hugmyndin að vefja bara einhverju kæruleysislega um það bil um mittið sem eykur ummálið frekar en minnkar það, einna helst löngum efnisbút. Sá eða sú sem gengur með svona „belti“ er í raun að segja: „Það er fjarri mér að úthugsa hvernig ég ætti að draga athygli að mittinu á mér, en fyrst þú segir það þá er ég svo grönn að ég get notað hvað sem er fyrir belti.“

Peysubeltið. Allir kannast við það að vita ekkert hvar þeir geta geymt peysuna sína fyrst þeir nenna ekki að rogast með stóra tösku. Og finna svo þennan fína náttúrulega stað, mjaðmirnar. Peysa um mittið er vinsæl hjá þeim sem vilja líta út fyrir að vera í íþróttum og mikið á ferðinni sem gæti haft óvænt fataskipti í för með sér. Jenner-fjölskyldan er oft með peysuna um mittið en tískufyrirmyndin Phoebe Philo, sem leggur línur með nánast hverju því sem hún færir sig í, sást einmitt á tískusýningu í vor með gráa peysu um sig miðja.

Halabeltið. Hönnuðurinn Demna Gvsalia hjá tískuhúsinu Vetement hefur gaman af pínulítið klaufalegum klæðaburði. Beltin sem hann notaði í karlalínunni eru fyrirtaksdæmi um þetta en hann leggur áherslu á löng belti og lætur endann lafa kæruleysislega niður. Þetta þykir uppreisnarkennd beltisnotkun og vel til þess fallin til að hleypa út sínum innri unglingi.

Hitabeltið. Enginn hefði látið sér detta í hug Prada tæki sér Kim Kardashian til fyrirmyndar og innblásturs en slíkt mátti lesa úr haustlínunni. Flestar fyrirsæturnar á pallinum voru með korselett sem belti sem er bein vísun í mittisþjálfann sem Kim hefur um sig í átta tíma á dag eins og frægt er orðið þar sem hún er ólöt við að birta myndir af sér með hann. Prada lítur hins vegar á korselett sem „táknmynd konunnar og lífs hennar, konunnar sem hefur verið hamingjusöm og óhamingjusöm, sem hefur elskað eða ekki“. Beltin í ár segja greinilega miklu meira en „ég er í of stórum buxum“ eins og forverar þeirra.

Þýtt af vef Guardian: https://www.theguardian.com/fashion/2016/aug/01/above-the-belt-the-alt-belting-trend-explained


20%
Af skyrtu ef keyptar eru buxur!
LIVE IN Levi's®
Levi´s Kringlunni - Levi´s Smáralind - Levi´s Glerártorgi

smáauglýsingar

FRÉTTABLAÐIÐ

smaar@frettabladid.is / visir.is

512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá **8-17**

Allar smáauglýsingar vikunnar á **visir.is**

BÍLAR & FARARTÆKI

100 bílar bílasala 100bilar.is

Kia Sportage, 5/2015, ekinn 66.000, tilboðsverð 4590,- þús, ásett verð 5190,- þús, er á staðnum, raðnr 152206

100 bílar ehf
Í miðbæ Mosfellsbæjar,
Sími: 517 9999
Opið 10-18.00 virka daga, lokað laugardaga
www.100bilar.is

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

BÍLAHÖLLIN
S: 567-4949

BMW X5 3.0 diesel. Árgerð 2007, ekinn 90 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.980.000. Rnr.330042.

NISSAN Patrol gr. Árgerð 2003, ekinn 252 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.490.000. Rnr.330218.

VW Golf highline. Árgerð 2014, ekinn 33 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.290.000. Rnr.288269.

BÍLAHÖLLIN
S: 567-4949

TOYOTA Rav4 gx plus diesel. Árgerð 2015, ekinn 31 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.690.000. Rnr.151625.

TOYOTA Land cruiser 150 vx diesel. Árgerð 2011, ekinn 88 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.990.000. Rnr.311690.

Bílahöllin
Bíldshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
www.bilahollin.is



bilfang.is
S. 567 2000

FÆST Á 1.090 PÚS !

Sjálfskiptur Nissan Note árg 2008 ek 125 þ.km, bíll í topp standi , gott útlit !

Bílasalan Bílfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
Seljum í dag !
www.bilfang.is

bílaplan.is

Vegna mikillar sölu vantar okkur allar gerðir af bílum á staðinn og á skrá.

Bílaplan.is
Við Breiðhöfða, 110 Reykjavík
Sími: 552 6000
Opið 10 - 18 virka daga og 12 - 16 um helgar.
www.bilaplan.is

BÍLAMIÐSTÖÐIN

HYUNDAI I30. Árg 2015, ek 38 P.KM, dísel, 6 gírar. V. 2.590 þús. Rnr.100742. Bíllinn er á staðnum hjá okkur Bílamiðstöðin s.517 4500

NISSAN Qashqai se 4X4. Árg. 2012, ek 136 P.KM, dísel, 6 gíra. V. 2.590 þús , Ný dekk . Rnr.100711.Bíllinn er á staðnum hjá okkur Bílamiðstöðin s.517 4500

VW Polo. Árg 2013, ek 125 P.KM, bensín, 5 g. V. 1.190 þús. Rnr.100739. Bíllinn er á staðnum hjá okkur Bílamiðstöðin s.517 4500

Bílamiðstöðin
Breiðhöfða, 110 Reykjavík
Sími: 517 4500

Bílar til sölu

VW Caravella 4x4 árg' 01. Ek. 394þ.km. Skráður með 10+1 sæti. Hátalarakerfi. Verð. 1.500.000. Sími: 5672288

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250PÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Bátar

MARÁS
TOHATSU
UTANBORÐSMÓTORAR

Léttir Kraftmiklir
Fyrirferðalitlir Sparneytnir
Hljóðlátir 2,5-250 hö

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

LEXUS

GS450H
Nýskráður 6/2006, ekinn 110 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 3.390.000

PEUGEOT

308SW Style
Nýskráður 10/2015, ekinn 4 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
Verð kr. 3.950.000

RENAULT

Laguna
Nýskráður 8/2004, ekinn 156 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 790.000

TOYOTA

RAV4 GX
Nýskráður 3/2006, ekinn 169 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 1.650.000

HONDA

CR-V ES
Nýskráður 9/2006, ekinn 78 þús.km., bensín, 5 gírar.
Verð kr. 1.490.000

HONDA

Accord Sport
Nýskráður 3/2003, ekinn 190 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 890.000

BÍLL DAGSINS

Honda Jazz
Nýskráður 11/2010, ekinn 163 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

Tilboð dagsins kr.
990.000

OPEL

Vectra
Nýskráður 1/2005, ekinn 180 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 790.000

CHEVROLET

Captiva
Nýskráður 8/2011, ekinn 80 þús.km., dísel, sjálfskiptur þjónustubók 100%.
Verð kr. 3.300.000

Opnunartími
Mánudaga - föstudaga
milli kl. 10:00 og 18:00
Opið á laugardögum
milli kl. 12:00 og 16:00

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

HEIMAVÍK
Silunganet, flotnet, sökknet. Nýju sjóbleikjunetin komin. Heimavík Höfðabakka 1, S. 555 6090 www.heimavik.is

PJÓNUSTA

Garðyrkja

Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Útsala stórar plöntur. Veljum íslenskt. Blómsturvellir v. Reykjalund. Virka daga 12-17 s. 8641202

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

REGNBOGALITIR
Þakmálun, útimálun, múrviðgerðir. Innimálun, spörtlun, viðhaldsþjónusta. Vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. S.891 9890 malarar@simnet.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Nudd

NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

Spádómar

SPÁSÍMI 908 7000
Spámiðlun, tarot, fyrirbænir, algjör trúnaður. Opið til 22.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

Önnur þjónusta

Borgarafl ehf - Kranaleiga
Gott verð
Sími 660 1701 eða 660 1704

KEYPT & SELT

Til sölu

myranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Til sölu stór 2ja sæta brúnn sófi úr leðri, einnig vandað barnarúm sem hægt er að stækka til ca. 13 ára. Uppl. gefur Ottó í s. 896 6919



Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

HEILSA

Nudd

Heilnudd. Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 823 5669 eða 693 0348

TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

HÚSNÆÐI

Atvinnuhúsnæði

AUÐBREKKA - SKRIFSTOFUHERBERGI
Skrifstofu/vinnuherbergi til leigu í Auðbrekku. 15-19 fermetrar.

Uppl. í s. 897 9743

Geymsluhúsnæði

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR
WWW.GEYMSLAEITT.IS
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is

Hönnun

HÖNNUN

VERKFRÆÐITEIKNINGAR
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

ATVINNA

Atvinna í boði

Sæta svínið
GASTROPUB

UPPVASKARI / DISHWASHER
Sæta svínið Gastropub leitar að starfsmanni í uppvask og til að aðstoða í eldhúsi. Tekið er við umsóknum á staðnum milli kl. 12 og 17, í dag fimmtudag og á morgun föstudag, eða á netfanginu gummi@saetasvinid.is

Sæta svínið Gastropub is looking to hire a dishwasher/assistant in kitchen. If you want to apply stop by Sæta svínið today (Thursday) or tomorrow (Friday) between 12 -17 or send an e-mail to gummy@saetasvinid.is

í múr og steypuviðgerðarvinnu. Upplýsingar í s. 896 6614

Okkur vantar starfsfólk í snyrtingu, pökkun og almenna fiskvinnu. Upplýsingar í síma 565-0830 á milli 9.00 og 15.00. Einnig er hægt að senda póst á vinna@hamrafell.is

KAFFI MILANO FAXAFENI 11
Starfsfólk óskast í fullt starf. Sendið uppl. á milano@simnet.is

BÆJARBAKARÍ

Bæjarbakarí í Hafnarfirði óskar eftir að ráða fólk í ýmis störf í afgreiðslu í framtíðarstarf. Íslenskukunnátta skilyrði. Umsóknir sendar á bakari@bakari.is Uppl. í s. 555 0480

MOSFELLS BAKARÍ

VILT PÚ VINNA MEÐ OKKUR.
Óskum eftir hressu, þjónustulunduðu og samviskusömu fólki til að vinna með okkur í bakaríinu okkar í Reykjavík og Mosfellsbæ. Vinnutíminn er frá 13:00 - 18:30 alla virka daga og einn dag aðra hverja helgi. Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.
Hægt er að fylla út umsókn á staðnum eða á netinu. Slóðin er www.mosfellsbakari.is/atvinnu-umsokn/

jolli

Söluturninn Jolli í Hafnarfirði óskar eftir að ráða einstaklinga í full starf sem og kvöld og helgarvinnu. Einungis duglegt, áreiðanlegt og samviskusamt fólk kemur til greina. Aðeins 18 ára og eldri. Umsóknareyðublöð fást á staðnum. Allar upplýsingar veitir Líney í síma 565-4990 milli klukkan 08-16 alla virka daga.

M1 ehf óskar eftir að ráða verkamenn Menn vanir múrverki og flísalögnun óskast sem fyrst og nóg að gera í allan vetur. Uppl. í s. 860 3600 og 6966656.

Leitum eftir dugmiklum starfskröftum á hjólbarðastöðvar Dekkjahallarinnar. 18 ára aldurstakmark. Fyllið út umsókn á dekkjahollin.is

fasteignir

TRAUSTI fasteignasala

Kristján Baldursson hdl.
Löggiltur fasteignasali og leigumiðlari
867-3040

Miklabraut 86

Opið hús á 1. hæð fimmtudaginn 11. ágúst milli kl. 19:00-19:30
Góð 4. herb 107 fm íbúð á góðum stað. Eignin fæst afhent við kaupsamning. Skammtímaleiga hefur verið samþykkt í húsinu.
Verð 39,9 mkr.

Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík

atvinna

ÓSKUM EFTIR STARFSFÓLKI

Dagvinna
Kvöldvinna
Helgarvinna

Umsóknir berist á umsokn@vidir.is

VÍÐIR

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

capacent
www.capacent.is

atvinna

LÍN
Deildarstjóri

LÁNASJÓÐUR ÍSLENSKRA NÁMSMANNA

Lánasjóður íslenskra námsmanna (LÍN) auglýsir nýtt starf deildarstjóra innheimtudeildar laust til umsóknar. Deildarstjóri innheimtudeildar ber ábyrgð á innheimtu námslána.

Umsóknarfrestur
25. ágúst

Upplýsingar og umsókn
capacent.is/s/3478

Helstu verkefni
- Annast eftirlit með innheimtu skuldabréfa og hefur umsjón með vanskilamálum.
- Umsjón með samskiptum við milliinnheimtu- og löginnheimtuaðila.
- Umsjón með mótun og þróun innheimtuferla LÍN.
- Ábyrgð á skýrslu- og upplýsingagjöf um innheimtu.
- Umsjón með dómsmálum tengdum innheimtu.
- Umsjón með bókhaldi sjóðsins og áætlanagerð.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði.
- Góð þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er æskileg.
- Stjórnunarreynsla er kostur.
- Forystu- og leiðtogahæfileikar.
- Mjög gott vald á íslensku í ræðu og riti er skilyrði.
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Lánasjóður íslenskra námsmanna er félagslegur jöfnunarsjóður sem hefur það að markmiði að tryggja námsmönnum í lánshæfu námi jöfn tækifæri til náms án tillit til efnahags.

Hjá LÍN starfa um 30 starfsmenn. Gildi þeirra eru fagmennska, samstarf og framsækni.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

VINSÆLAR FARTÖLVUR

ACE-NXGE6ED017

VINNUHESTUR MEÐ SSD OG HDD !

119.995

Kraftmikil 15,6" fartölva með Intel i5 örgjörva og 6GB vinnsluminni. Ofurhraður 96GB SSD diskur fyrir stýrikerfið og stór 1TB diskur fyrir gögnin. Glæsilegur Full HD háskerpuskjár.

INTEL i5 ÖRGJÖRVI · 6GB VINNSLUMINNI · 96GB SSD DISKUR · 15,6" SKJÁR

VINSÆLAR FARTÖLVUR FYRIR SKÓLANN !

Vegna hagstæðra magnkaupa fyrir skólann náum við ótrúlegu verði á fartölvum fyrir þá sem þurfa að endurnýja. Þarfir nemenda og heimila eru ólíkar og þess vegna höfum við úr 60 gerðum að velja úr. Hér eru nokkrar af þeim vinsælustu hjá okkur í ár.

149.995

TOSHIBA FRÁBÆR KAUP !

59.995

TOS-C50B1CF

Spræk 15,6" fartölva með Intel Pentium örgjörva, 8GB vinnsluminni og 750GB hörðum diski. Mjög mikið fyrir peninginn.

INTEL ÖRGJÖRVI · 8GB VINNSLUMINNI · 750GB DISKUR · 15,6" SKJÁR

ASUS ÞYNNSTA SKÓLATÖLVAN OKKAR !

ASU-UX305CAFC119T

13,3" Zenbook í sérflokki. Glæsileg og fislétt með Intel M3 örgjörva, 128GB SSD og 8GB vinnsluminni. Háskerpuskjár og Bang & Olufsen hátalarar.

INTEL M3 ÖRGJÖRVI · 8GB VINNSLUMINNI · 128GB SSD DISKUR · 13,3" SKJÁR

69.995

ACE-NXGCEED018

Ótrúlega vel búin 15,6" fartölva miðað við verð. Ofurhraður 128GB SSD diskur, 6GB minni og Intel örgjörvi. Kristaltær FullHD háskerpuskjár.

INTEL ÖRGJÖRVI · 6GB VINNSLUMINNI · 128GB SSD DISKUR · 15,6" SKJÁR

84.995

TOS-C55DC16H

Skemmtilega hönnuð 15,6" fartölva með Quad Core A6 örgjörva og 128GB SSD diski sem tryggir hraðari vinnslu.

AMD ÖRGJÖRVI · 4GB VINNSLUMINNI · 128GB SSD DISKUR · 15,6" SKJÁR

229.995

ACE-NHG7RED001

Ofurleikjafartölva með Intel i7 6700HQ og 4GB GTX 960M leikjaskjákorti. Bæði 256GB SSD og 1TB HDD. Geggjaður 15,6" IPS FHD skjár og 16GB vinnsluminni.

INTEL i7 ÖRGJÖRVI · 16GB VINNSLUMINNI · 1TB DISKUR · 256GB SSD DISKUR · 15,6" SKJÁR

FRÍ HEIMKEYRSLA Á FARTÖLVUM Í ÁGÚST !

tl.is

TÖLVU LISTINN

REYKJAVÍK	AKUREYRI	HÚSAVÍK	EGILSSTAÐIR	KEFLAVÍK	SELFOSS	AKRANES
SUÐURLANDSBRAUT 26	GLERÁRGÖTU 30	GARÐARSBRAUT 18A	KAUPVANGI 6	HAFNARGÖTU 90	AUSTURVEGI 34	ÞJÓÐBRAUT 1
Sími 414 1700	Sími 414 1730	Sími 464 1600	Sími 414 1735	Sími 414 1740	Sími 414 1745	SÍMI 431 3333

Með Íslandi á leikunum í Seoul í Suður-Kóreu árið 1988.

Guðmundur fagnar með Ólafi Stefánssyni í Peking árið 2008.

1984 í Los Angeles
Leikmaður Íslands
6. sæti
3 sigrar, 1 jafntefli, 2 töp

1988 í Seoul
Leikmaður Íslands
8. sæti
2 sigrar, 1 jafntefli, 3 töp

2004 í Aþenu
Þjálfari Íslands
9. sæti
2 sigrar, 4 töp

2008 í Peking
Þjálfari Íslands
Silfur
4 sigrar, 2 jafntefli, 2 töp

2012 í London
Þjálfari Íslands
5. sæti
5 sigrar, 1 tap

2016 í Ríó
Þjálfari Danmerkur
Hafa unnið 2 fyrstu leiki sína

Tár á hvarmi þegar silfrið er rifjað upp

Guðmundur Guðmundsson hefur verið fastagestur á undanförnum Ólympíuleikum en að þessu sinni er hann á nýjum slóðum. Á sínum sjöttu Ólympíuleikum ætlar íslenski þjálfarinn að hjálpa Dönum að vinna langþráð verðlaun í handboltakeppni ÓL.

Óskar Ófeigur Jónsson
ooj@365.is

HANDBOLTI Tveir leikir búnir og tveir sannfærandi sigrar í húsi. Danska handboltalandsliðið lítur vel út í upphafi Ólympíuleikanna. Frábær vörn, góð hraðaupphlaup og léttleikandi sóknarleikur. Það er allt til alls í liðinu að þessu sinni og við stjórnvölinn er síðan maður hefur sem hefur upplifað allt þegar kemur að Ólympíuleikum.

Hann fór á sína fyrstu Ólympíuleika sem leikmaður fyrir 32 árum og er nú á fjórðu leikunum í röð sem þjálfari. Guðmundur Guðmundsson brosti sínu breiðasta þegar undirritaður hitti á hann eftir flottan sigur á Túnismönnum. Það eru örugglega ekki allir sem líður nánast eins og á heimavelli þegar þeir eru komnir á Ólympíuleika.

Átti ekki von á þessu

„Þetta er stórkostlegt en ég átti ekkert von á þessu," segir Guðmundur um þá staðreynd að hann er mættur á sína sjöttu Ólympíuleika.

„Ég átti ekki von á því að taka við íslenska landsliðinu aftur eftir Ólympíuleikana 2004. Svo var mér falið þetta verkefni að taka við íslenska liðinu og koma því á Ólympíuleikana 2008, sem var mikill heiður fyrir mig. Það var fyrsta verkefnið mitt og það tókst og þá var ég kominn inn á Ólympíuleika aftur. Svo náttúrulega 2012 og svo er ég lentur hér aftur," segir Guðmundur.

Að þessu sinni fór hann á setningarhátíð leikanna sem hluti af danska Ólympíuhópnum. „Það var svolítið skrýtið að labba inn með danska liðinu á setningarhátíðinni en auðvitað er það bara rosalegur heiður. Það var virkilegur heiður og bara gleði í mínu hjarta. Það er frábært að fá að leiða þetta danska lið inn á Ólympíuleika enda er það stórkostlegt verkefni. Þetta er auðvitað mjög krefjandi líka," segir Guðmundur.

Tvöfalt oftar á ÓL en Danir

Guðmundur hefur farið tvöfalt oftar en danska liðið á Ólympíuleika frá og með leikunum í Seoul og undanfarna tvenna leika hafa Danir ekki komist hærra en í 6. (2012) og 7. sæti (2008). Íslenska landsliðið, undir stjórn Guðmundar, var því ofar en danska liðið á hvorum tveggja leikunum.

„Þeir hafa ekki spilað um verðlaun og ég held að þeir hafi aldrei komist í gegnum átta liða úrslitin. Það eru stórir möguleikar ef allt fer vel hjá okkur," segir hann.

Guðmundur fór tvisvar sem leikmaður á Ólympíuleika á níunda áratugnum og hefur tekið þátt í fimm af sjö skiptum sem íslenska handboltalandsliðið hefur verið á Ólympíuleikum. Hann var of ungur á ÓL í München 1972 og nýhættur í landsliðinu á ÓL í Barcelona 1992.

„Ég er búinn að tala um mína reynslu sem leikmaður af Ólympíuleikum og hef miðlað henni. Ég veit það bæði sem leikmaður og svo sem þjálfari nú þegar ég er að fara á mína fjórðu Ólympíuleika í röð. Auðvitað lærir maður af reynslunni og kannski hefur maður einhvern tíma á leiðinni gert mistök og lært af þeim. Svo hefur maður gert góða hluti og lært af þeim líka. Svo reynir maður að nýta þetta allt saman fyrir þetta lið."

Hann fór með íslenska landsliðið á þrenna leika í röð og upplifði mjög mismunandi hluti. „Þetta var ekki nógu gott í Aþenu. Við vorum með stórkostlegt lið í London og unnum alla leikina í riðlinum. Við vorum í fyrsta sæti og svo fórum við í þennan leik á móti Ungverjum í átta liða úrslitunum sem endaði sem martröð. Það var bara hræðilegt," segir Guðmundur en leikarnir í Peking 2008 standa að sjálfsögðu upp úr. Þar tókst honum að koma íslenska landsliðinu alla leið í úrslitaleikinn.

Ekki hægt að lýsa með orðum

„Það er eiginlega ekki hægt að lýsa leikunum í Peking með orðum. Maður nánast fær tár á hvarm þegar maður hugsar um það. Maður verður bara klökkur. Það er bara svo margt í því eins og hvernig við gerðum þetta. Því gleymi ég aldrei," segir Guðmundur. Sem leikmaður fór hann líka á ólíka leika.

„Það var stórkostlegt í Los Angeles 1984 þegar við urðum í sjötta sæti upp úr engu. Svo vorum við í mjög erfiðum riðli í Seoul. Þá vorum við svo góðir fyrir Ólympíuleikana og þá fóru allir að tala um Ólympíugull. Svona er þetta bara. Ég er búinn að prófa allt og er yfirvegaður og rólegur yfir þessu," sagði Guðmundur.

„Það er rosalega mikilvægt að halda einbeitingunni og ég er alltaf að tala um það við þá. Að halda einbeitingunni á næsta verkefni en ekki eitthvað annað. Við erum mjög faglegir með því hvernig við erum. Við förum alltaf saman í morgunmat og hádegismat og höldum hópnum saman eins vel og við getum. Við borðum saman af því að þetta eru svo margir," segir Guðmundur og hann hrósar dönsku strákunum.

Öðruvísi týpur

„Þeir eru mjög faglegir og koma mjög vel inn í þetta. Þeir leggja á sig aukavinnu til þess að skoða vídeó. Það er virkilega gaman að vinna með þá. Þetta eru allt öðruvísi týpur en íslensku strákarnir en það var stórkostlegt að vinna með Íslendingunum líka. Ég er svo þakklátur fyrir að hafa fengið tækifærið til þess að þjálfa Ísland. Þetta er bara öðruvísi," segir Guðmundur.

Ég var búinn að liggja þokkalega yfir þessu

Danska liðið hefur unnið tvo fyrstu leiki sína á móti Argentínu og Túnis með samtals fjórtán mörkum. Liðið er í mjög góðum gír. „Það er góður andi hjá okkur og það er ákveðinn stöðugleiki í varnarleiknum. Hann er rosalega öflugur. Það lítur þannig út að andstæðingarnir hafi ekki verið að spila vel en við bara gefum þeim ekki tommu," segir Guðmundur. Hann var greinilega búinn að lesa Túnisliðið algjörlega en daginn áður unnu Frakkar Túnis aðeins með tveimur mörkum.

„Þetta eru rosalegir skotmenn og planið var að tækla þá massíft. Við spilum frábæra vörn í fyrri hálfleik og skorum mikið úr hraðaupphlaupum. Markvarslan var líka mjög góð. Ég skal lofa þér því að ég var búinn að liggja þokkalega yfir þessu. Ég var búinn að rannsaka alla leikina sem Túnisliðið var búið að spila í undirbúningnum," segir Guðmundur og brosir.

„Það eru rosalegir erfiðir mótherjar sem við eigum eftir. Þetta eru hörku, hörku lið.

Nú verðum við bara að taka eitt skref í einu. Ég er búinn að leggja áherslu á það við þá að vera ekki að tala um það að fara eitthvað lengra en það," segir Guðmundur.

Að venju er hann duglegur að hrósa næsta mótherja síns liðs sem eru Króatar. „Við mætum þar frábæru liði, Ólympíuliði getum við sagt. Króatíska handboltaliðið hefur verið á hverjum einustu Ólympíuleikum síðan Króatía varð sjálfstætt ríki. Þeir hafa alltaf verið á ÓL og þeir hafa unnið tvisvar. Þeir vita um hvað málið snýst. Það er ofboðsleg Ólympíuhefð hjá Króötum. Þeir eru því skeinuhættur andstæðingur," sagði Guðmundur.

20%* AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SKÓLABAKPOKUM ÚT MÁNUDAG

MIKIÐ ÚRVAL AF HÁGÆÐA BAKPOKUM

VERÐ ÁÐUR FRÁ 10.990 KR. VERÐ NÚ FRÁ 8.792 KR.

- Þægilegt handfang
- Frábær þægindi, vel bólstraðar axlarólar og bak
- Sér fóðrað hólf fyrir gleraugu eða síma
- Góð og vel varin hólf fyrir tölvu og spjaldtölvu
- Sterkir, endingargóðir og flottir
- Hólf fyrir vatnsflösku

THE NORTH FACE BOREALIS BAKPOKI VERÐ ÁÐUR 17.990 KR. VERÐ NÚ 14.392 KR.

ÚTILÍF
síðan 1974

GLÆSIBÆ KRINGLUNNI SMÁRALIND

utilif.is

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

ÁRNASYNIR

Hin átján ára gamla Eyþóra Elísabet hefur slegið í gegn á Ólympíuleikunum í Ríó. Hér er hún í æfingum sínum á samsettri mynd. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hún er líka fimleikastjarnan okkar

Eyþóra Elísabet Þórsdóttir keppir í dag til úrslita í fjölþraut kvenna í fimleikum á Ólympíuleikunum í Ríó. Þetta eru önnur úrslit hennar á leikunum en hún varð í sjöunda sæti í liðakeppni með hollenska landsliðinu á þriðjudaginn. Hún ræddi við Fréttablaðið í Ríó.

Óskar Ófeigur Jónsson
ooj@frettabladid.is

FIMLEIKAR Íslenska fimleikastelpan Irina Sazonova hefur lokið keppni á Ólympíuleikunum í Ríó og skrifaði þar söguna með því að vera sú fyrsta sem keppir fyrir Ísland í fimleikakeppni leikanna. Það eru þó örugglega flestir sem líta svo á að við Íslendingar eigum einnig keppanda í kvöld þegar úrslitin fara fram í fjölþraut kvenna.

Eyþóra Elísabet Þórsdóttir hélt upp á átján ára afmælið sitt í gær og í dag tekur hún risastórt skref á fimleikaferli sínum þegar hún keppir í úrslitum á móti öllum hinum bestu fimleikakonum heimsins. Það er ekki slæmt að halda upp á þetta tímamótaafmæli með annars konar tímamótum.

Það er erfitt að halda því fram að Eyþóra Elísabet sé ekki íslensk þótt hún keppi fyrir Holland og hafi verið búsett þar alla tíð. Foreldrar hennar og skyldmenni eru öll Íslendingar, hún talar íslensku eins og hún hafi búið alla tíð á Íslandi og hún kemur oft „heim“ á jólunum eins og hún orðar það sjálf.

Hún hefur hins vegar alist upp í hollenska fimleikageiranum og það er því ekkert skrítið að hún hafi valið að keppa fyrir Holland. Hollendingar eru líka heppnir að fá hana.

Eyþóra Elísabet Þórsdóttir stóð sig frábærlega í undankeppninni og náði þar 8. sæti. Hún hreyfir sig eins og ballerína en allar hreyfingar og stökk eru mjög afslöppuð og áreynslulaus. Það er ekki hægt að sjá annað en að framtíð hennar sé mjög björt.

„Auðvitað var mikið stress enda eru þetta Ólympíuleikarnir. Þetta er svo stórt og þegar ég var lítil stelpa þá langaði mig svo að komast á Ólympíuleikana. Það er því æðislegt að sjá drauminn sinn rætast,“ segir hún.

Eyþóra Elísabet er í skýjunum yfir árangri sínum til þessa og það var gaman að sjá að hún leit á úrslitin sem gott tækifæri til að bæta fyrir það sem klikkaði. Það var sérstaklega eitt fall við lok frábærrar æfingar hennar á gólfi sem var hvað sárast.

„Ég var vissulega svekkt en það má ekki láta þetta eyðileggja meira fyrir sér. Ég varð bara að einbeita mér að næstu grein sem var stökkið,“ segir Eyþóra.

Gólfið og sláin voru samt aðeins til vandræða. Atvikið á gólfinu í úrslitunum og svo þegar hún datt á hökuna á slánni þremur dögum fyrir keppni. Hún reyndi að fela marið á hökunni með farða en það sást samt aðeins. Hún bætir úr því fyrir kvöldið.

„Gólf og slá eru eiginlega best hjá mér. Það gekk svo rosalega vel í gólfæfingunni í undankeppninni þangað til í síðasta stökkinu. Það var svona „ahhh“,“ segir Eyþóra. Hún náði að klára síðustu greinina og tryggja bæði sig og hollenska liðið í úrslitin.

„Liðið er líka að treysta á mig þannig að ég varð að halda áfram,“ segir hún. Styrkleiki og mikilvægi Eyþóru fyrir hollenska landsliðið sést líka í liðakeppninni. Þar var hún sú eina í hollenska liðinu sem keppti á öllum fjórum áhöldunum en aðeins þrjár af fimm keppa á hverju áhaldi. „Það er mjög fínt hjá mér að hafa verið efst í hollenska liðinu og ég er mjög ánægð með það.“

Það hefur ekki farið fram hjá Eyþóru að Íslendingar hafa áhuga á því sem hún er að gera hér úti á leikunum í Ríó.

„Það er mjög gaman að vita af því að það sé verið að fylgjast með mér á Íslandi. Það er gott fyrir hjartað mitt að allir heima á Íslandi séu að fylgjast með,“ segir Eyþóra og það vekur strax athygli að hún notar orðið heima.

„Allir í minni fjölskyldu eiga heima á Íslandi. Amma og allir eru að fylgjast með sem er mjög gaman,“ segir Eyþóra. Hún segir það hafa komið til greina að keppa fyrir Ísland en taldi það vera best í stöðunni fyrir sig að keppa sem Hollendingur. Íslendingar mega samt alveg eiga eitthvað í henni.

„Það er mjög gaman að Íslendingum finnist þeir eiga eitthvað í mér. Það er gaman fyrir mig að fylgjast með því hvernig þið á Íslandi fylgist með mér,“ segir Eyþóra. Það er því í góðu lagi að kalla hana líka fimleikastjörnuna okkar og segja að það sé Íslendingur að keppa í úrslitum í fimleikakeppni ÓL í kvöld. Hún keppir bara fyrir Holland.

Eyþóra Elísabet undirbýr sig fyrir æfingu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Það er gott fyrir hjartað mitt að allir heima á Íslandi séu að fylgjast með.**
>
> Eyþóra Elísabet Þórsdóttir

PIZZUVEISLA!

Kauptu 5 pizzur að eigin vali en borgaðu fyrir 4.

Gildir um allar pizzur

Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

11. ÁGÚST 2016 FIMMTUDAGUR

50 ára afmæli

Sigrún Birna Norðfjörð

Melrakkasléttu

Í dag er fimmtug hin síunga Sigrún Birna Norðfjörð, sem gjarnan vill láta kenna sig við Melrakkasléttu.

Í dag hyggst hún fagna því með vinum og fjölskyldu að 40 ár eru liðin frá því að hún varð 10 ára.

Sigrúnu er margt til lista lagt og kann hún ýmislegt. Til að mynda hefur hún verið klappstýra, jólagjafahugmyndasmiður, ropmeistari og diskódansari.

Innilega til hamingju með daginn elsku Sigrún okkar og njóttu dagsins.

Við skulum enda þetta á lífsmottói Sigrúnar Birnu sem er: **Lifið er núna.**

†

Elskulegur eiginmaður minn,

Guðlaugur Eiríksson

fv. bifreiðastjóri frá Felli í Mýrdal, síðast til heimilis að Gerplustræti 25, Mosfellsbæ,

er látinn.
Jarðarför hefur farið fram.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Margrét Teitsdóttir

†

Elskuleg móðir mín og amma okkar,

Margrét Kröyer

lést á öldrunarheimilinu Hlíð, Akureyri, 7. ágúst. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 15. ágúst kl. 10.30. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hlíð.

Elín Anna Kröyer
Margrét Kröyer
Þorsteinn Guðbjörnsson
og fjölskyldur.

†

Þökkum auðsýnda samúð, vinarþel og hlýju vegna andláts og útfarar

Árna Jónassonar

skipstjóra,
Mávatjörn 28, Reykjanesbæ.

Sérstakar þakkir til starfsfólks 11G og göngudeildar á Landspítalanum við Hringbraut og starfsfólks Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja.

Birna Kolbrún Margeirsdóttir
Jónas F. Árnason **Ragnheiður Ragnarsdóttir**
Elenora K. Árnadóttir
Árni Árnason
Björg Árnadóttir **Sigurður Ármannsson**
barnabörn og barnabarnabarn.

†

Við þökkum hlýjar kveðjur og góðan stuðning við fráfall ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Magnfríðar Perlu (Lúlúar) Gústafsdóttur

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Droplaugarstaða þar sem hún bjó síðustu árin. Aðhlynningin og þjónustan sem hún fékk þar var ómetanleg og alveg einstök.

Sigurbjörg Sjöfn Rafnsdóttir
Camillus Birgir Rafnsson **Guðrún Aðalsteinsdóttir**
Rafn Benedikt Rafnsson **Helga Matthildur Jónsdóttir**
Ólafía B. Rafnsdóttir
Ómar Steinar Rafnsson **Lilja Ragnarsdóttir**
Erla Rafnsdóttir **Michael O'Byrne**
Ólafur Róbert Rafnsson **Guðný Ósk Garðarsdóttir**
barnabörn, barnabarnabörn og fjölskyldur þeirra.

Bragi er nýfluttur heim eftir að hafa stundað nám í leiklist í London. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

Fer sjálfur með öll hlutverk í sýningunni

Tónlistarmaðurinn og grínistinn Bragi Árnason sýnir söngleikinn Barry and His Guitar í Tjarnarbíói næstkomandi laugardag. Sýningin hefur farið víða og meðal annars komið við á hinni frægu Edinborgarhátíð Fringe, í Mengi og á einleikjahátíðinni Act Alone.

„Þetta verður mikill hasar og það er mikilvægt að hvíla sig vel til að halda orkunni í hámarki út alla sýninguna," segir Bragi Árnason, leikari og tónlistarmaður, en hann ætlar að flytja söngleikinn Barry and His Guitar í Tjarnarbíói næstkomandi laugardag.

„Barry and His Guitar er söngleikur á ensku sem segir frá feimnum en viðkunnanlegum ungum draumóramanni sem vinnur á kaffihúsi í London og syngur og spilar á gítar.

Þetta er grínævintýri sem er innblásið af dvöl minni í London. Þar lærði ég og vann við leiklist og er bara nýfluttur heim," segir Bragi en sýningin var frumsýnd í leikhúsinu Hen and Chickens í London árið 2013.

Sjálfur fer Bragi með öll hlutverkin í sýningunni, en hann hefur ferðast með sýninguna víða og meðal annars komið við á hinni frægu Edinborgarhátíð Fringe, í Mengi og á einleikjahátíðinni Act Alone.

Bragi fer með tíu hlutverk í eigin sýningu. MYND/BRAGI

„Sýningin hefur verið að fá mjög góðar undirtektir og þar sem miklu færri komust að en vildu á sýningar í Mengi langaði mig að bæta við einni aukasýningu á flottu leiksviði Tjarnarbíós," segir hann fullur tilhlökkunar.

Bragi útskrifaðist úr leiklistarnámi árið 2010 og hefur verið að vinna við kvikmyndir, leikhús og uppistand.

„Mér finnst gaman að skemmta fólki og fá það til að hlæja. Á meðal fyrri sýninga sem ég hef sett upp er uppistandssýningin Euromen sem var sýnd í Museum of Comedy í London. Þar var uppistandi blandað við tónlist og dans," segir Bragi sem bendir á að söngleikurinn hans sé eins konar uppistand.

En ætli Bretar tengi öðruvísi við sýninguna en Íslendingar?

„Í Bretlandi sjá þeir skandinavískan mann með breskan húmor á meðan Íslendingar kynnast breskum húmor og upplifun Íslendings á daglegu lífi þar í landi," segir hann léttur í bragði og bætir við að uppáhaldspersónan sín af þeim tíu sem hann leikur í verkinu sé Barry sjálfur, einfaldlega vegna þess að hann sé einlægastur. **gudrunjona@frettabladid.is**

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Þorsteinn I. Stefánsson

Fróðengi 1,
áður til heimilis að Langagerði 46,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir 4. ágúst sl. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 17. ágúst kl. 13.

Lilja Gróa Kristjánsdóttir
Kristján Þorsteinsson **Kristín Jónsdóttir Njarðvík**
Guðrún Þorsteinsdóttir
Erla Þorsteinsdóttir **Kjartan Blöndahl**
Stefán Þorsteinsson **Sigríður St. Björgvinsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Hjartkær móðir okkar og tengdamóðir,

Hólmfríður Oddsdóttir

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli 5. ágúst síðastliðinn. Hún verður jarðsungin frá Fossvogskirkju föstudaginn 12. ágúst kl. 15.00.

Lovísa Guðmundsdóttir
Oddur Guðmundsson
Óskar Guðmundsson **Kristín Á. Ólafsdóttir**
Guðmundur Hólmar Guðmundsson
Brynjar Guðmundsson **Sigríður Björnsdóttir**
Brynhildur Guðmundsdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

ALLT AÐ

40%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SKÓLATÖSKUM

FYRIR MEÐLIMI Í A4 KLÚBBNUM

Kaupauki fylgir öllum skólatöskum

MOJO BACKPACKS

EXPLORE

JEVA

NIKE

UNDER ARMOUR

THE FINEST QUALITY THE Herschel SUPPLY CO. BRAND TRADE MARK

Samsonite

walker BY SCHNEIDERS

OGIO

OGIO

*Athugið að vöruúrval er mismunandi á milli verslana. Afsláttur er mismunandi milli vörumerkja.
Tilboðið gildir til 14. ágúst.

A4 Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

www.a4.is / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **Pinterest.com/A4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

A4

SKÓLAVÖRUBÚÐIN ÞÍN

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Fimmtudagur



Í dag verður þungbúinn dagur með rigningu og súld um allt land. Það dregur úr úrkomumagninu síðdegis, en ekki er búist við að rofi neitt til. Vindur verður austlægur, á bilinu 3 til 8 metrar á sekúndu, en 8 til 13 með norður- og austurströndinni. Hiti víða 10 til 15 stig.

Föstudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
12° ↖3	9° ←6	11° ←2
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl.**	**Hveravellir**
11° ↖4	11° ↖2	8° ↖7

Laugardagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
10° ↘6	6° ↘8	14° ↗8
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl.**	**Hveravellir**
14° ↗3	15° ↗3	8° ↗7

Þrautir

Krossgáta

LÁRÉTT
2. klastur
6. frú
8. skýra frá
9. blástur
11. hljóm
12. kappsemi
14. teygjudýr
16. rás
17. blóm
18. fálm
20. tveir eins
21. handa

LÓÐRÉTT
1. útmá
3. stefna
4. kassabók
5. mak
7. röndóttur
10. er
13. spor
15. sót
16. þjálfa
19. 2000



LAUSN

LÁRÉTT: **2.** fjúk, **6.** fr, **8.** tjá, **9.** más, **11.** óm, **12.** ákefð, **14.** amaba, **16.** æð, **17.** ros, **18.** fum, **20.** kk, **21.** arma.
LÓÐRÉTT: **1.** átmá, **3.** út, **4.** sjóbók, **5.** kám, **7.** rákaður, **10.** sem, **13.** far, **15.** askа, **16.** æfa, **19.** mm.

Skák Gunnar Björnsson

Guðlaug Þorsteinsdóttir (2.051) átti leik gegn Hrund Hauksdóttur (1.789) í þriðju umferð Íslandsmóts kvenna.

10. Bxh7+! Hvítur vinnur peð. Það dugði Guðlaugu til sigurs í 54 leikjum. Í kvöld fer fram fjórða og næstsíðasta umferð mótsins.
www.skak.is: Topalov efstur.

Hvítur á leik

Sudoku

LÉTT

		5			1	6	3	
	2	1			5	4		
3	8	9	2			1		
9					7			5
	6					7	4	
	5		3	6		8	1	
8	7		6				2	
2					3			4
	1				9		7	

MIÐLUNGS

	9		4	2				6
			5	1		3		
1	3			7	9	2		
5	2				1			
3			8			1		7
		1			4		3	
		3	9					
7					5	6		
					2		5	

ÞUNG

				3	6			
	8	3		9			2	7
	5		7			1	9	
6						4		2
	9			5				
3						8		
			9					
			8		1	9	6	
8	1			6			7	

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku →

9	5	6	1	4	7	2	3	8
7	1	3	8	2	5	6	9	4
8	4	2	9	3	6	7	5	1
4	6	9	5	7	2	8	1	3
5	7	8	3	6	1	9	4	2
6	8	5	2	1	4	3	7	9
1	2	7	6	9	3	4	8	5
3	9	4	7	5	8	1	2	6

5	1	2	3	4	6	8	9	7
6	3	8	5	7	9	1	4	2
7	4	9	8	1	2	3	5	6
4	2	7	9	3	1	5	6	8
8	5	3	2	6	4	7	1	9
9	6	1	7	5	8	4	2	3
1	7	6	4	2	3	9	8	5
2	8	5	1	9	7	6	3	4
3	9	4	6	8	5	2	7	1

6	1	2	3	8	4	7	9	5
9	3	4	7	1	5	8	2	6
5	7	8	9	6	2	1	3	4
2	5	3	8	7	6	9	4	1
7	4	6	2	9	1	3	5	8
1	8	9	4	5	3	6	7	2
8	9	5	1	2	7	4	6	3
4	6	1	5	3	9	2	8	7
3	2	7	6	4	8	5	1	9

Myndasögur

PONDUS Eftir Frode Øverli



GELGJAN Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



BARNALÁN Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Markaðstorg

Frá fimmtudegi til sunnudags

© Inter IKEA Systems B.V. 2016

Það verður markaðsstemning í IKEA frá fimmtudegi til sunnudags. Við rýmum til á lagernum og setjum upp markaðstorg. Komdu og gerðu frábær kaup á völdum vörum, bæði **smávöru og húsgögnum**.

JAFNLAUNA-VOTTUN VR

Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - **www.IKEA.is**

IKEA®

Erum algerlega á sömu bylgjulengd

Þau komust bæði á topp tíu listann í Idol stjörnuleit fyrir átta árum, Helgi Rafn tónskáld og Rannveig Káradóttir söngkona. Þau eru nú bestu vinir og bæði að gefa út diska, hann Castle in Air og hún Krot.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Til að ná viðtali við Helga R. Ingvarsson tónskáld og Rannveigu Káradóttur sópransöngkonu saman kom Skype-tæknin að góðum notum. Við Helgi hittumst á Kjarvalsstöðum og spjölluðum þar við Rannveigu sem stödd er í London. Helgi hefur líka búið í London við nám og störf síðustu ár en hyggur á flutninga til Bristol.

Þau Rannveig eru perluvinir en ekki par. Hún á nefnilega breskan unnusta, Peter Aisher tenór, og er að flytja með honum til Düsseldorf í Þýskalandi. „Við Helgi erum bara langbestu vinir," tekur hún fram. „Já, tónlistarpar og samstarfsfélagar til margra ára," segir Helgi brosandi. „Öll okkar verkefni hafa verið þannig að frá degi eitt hendum við á milli okkar hugmyndum, svo þar ríkir mikið jafnrétti." Þau rifja upp fyrsta samstarfsverkefnið, óperuna Bráð eftir Helga, sem frumsýnd var í London 2013 og fjallar um Snæfellsjökul. „Í þeirri sýningu urðum við algerlega að treysta hvort á annað, hann var að stjórna hljómsveitinni, ég var ein á sviðinu að syngja og vissi varla hvað ég var að fara að gera, þó ég þekkti tónlistina," segir Rannveig. „Þetta gekk algerlega snurðulaust því við vorum algerlega á sömu bylgjulengd og sú stemning hefur haldist."

Þá blossar það

Helgi er einmitt nýbúinn að semja lag fyrir Rannveigu sem hún flytur á nýjum diski sem kemur út á næstunni. Lagið heitir Vetrarþoka og er við texta eftir Árna Kristjánsson. „Ég er ekki búinn að heyra það í flutningi hennar nema á einni snöggri æfingu sem hljómaði mjög vel. Ég veit hins vegar að þegar Rannveig er komin í gírinn þá blossar það," segir tónskáldið.

Rannveig tók upp geisladisk sinn hér á landi. Hann heitir Krot og inniheldur íslensk sönglög, meðal annars eftir Atla Heimi, Árna Björnsson, Jórunni Viðar, og Karl O. Runólfsson. „Lögin eru úr öllum áttum en fæst þeirra eru fræg. Ég fór í gegnum mörg hundruð lög, dró þar upp nokkrar perlur og ljóðin fjalla öll um náttúruna." Krot heitir diskurinn. Rannveig segir það styttingu á titli lags Atla Heimis, Krotað í sand. „Hugmyndin kom frá Eddu Heiðrúnu Backmann, frænku minni, sem myndskreytir diskinn," lýsir Rannveig sem mun halda útgáfutónleika í Salnum 4. september með Birnu Hallgrímsdóttur við hljóðfærið.

Loftkastali fékk góða dóma

Helgi hefur þegar gefið út sinn disk. „Ég fékk styrk fyrir tveimur árum frá Hörpu sem gerði mér kleift að halda tónleika í fyrrahaust með sex tónlistarmönnum í Kaldalóni. Tónleikarnir hétu Loftkastali og þar flutti ég alla strengjatónlistina sem ég hef samið undanfarið. Tónleikarnir fengu mjög góða dóma og voru teknir upp. Svo fékk ég styrk frá Stefi til að gera plötu og hún er komin út hjá Spotify og CDBaby undir heitinu Castle in Air.

Þau Helgi og Rannveig kynntust fyrst fyrir átta árum í Idol stjörnuleit. „Þegar við vorum á setti vorum við rosa náin, alltaf að deila einhverju og hlæja saman en hittumst ekkert utan þess," segir Rannveig og ljóstrar því upp að hún hafi verið pínu feimin við Helga á þeim árum. „Hann var svo mikil stjarna og gekk miklu betur en mér." „Heyrðu, við komumst nú bæði í topp tíu, ég í 6. sæti og þú 7. ef ég man rétt!" rifjar Helgi upp hlæjandi.

Bæði hafa margs konar verkefnum að sinna. Hún hefur ferðast víða um Evrópu síðasta ár með sýningunni Be with me now og líka sungið spennandi aðalhlutverk, til dæmis í Madame Butterfly eftir Puccini nú í júlí. Helgi kennir íslensku og bókmenntir í London, auk tónsmíðanna og hefur stjórnað íslenska kórnum í London í fjögur ár. Það er 20-25 manna kór og hann fer til útlanda á hverju ári.

Í lokin eru þau spurð hvort nokkuð sé lengur upp úr því að hafa að gefa út diska. „Ég er ekki að gefa út til að græða krónu," segir Helgi ákveðinn. „Ég þurfti heldur ekki að eyða neinum peningum. Skila bara af mér þessari vöru sem er eins og nafnspjald fyrir mig sem tónskáld. Því fylgir trúverðugleiki. Það er nýr hugsunarháttur fyrir plötusölu."

Rannveig tekur undir það. „Það hefur verið þróunin undanfarið að geisladiskur er ekki söluvara í sjálfu sér heldur frekar tilefni til tónleika. Ég ætla að halda nokkra tónleika í framhaldi af útgáfutónleikunum í Salnum. Lít á það sem kynningu á okkar frábæru arfleifð sem sönglögin eru."

Helgi, Rannveig og Birna Hallgrímsdóttir að æfa lag Helga, Vetrarþoku, sem er á nýja diskinum hennar Rannveigar.

ÁSTARSAGA FRÁ RANNVEIGU

Ég trúlofaðist Peter Aisher tenór í byrjun maí en við vorum að læra saman í the Royal College of Music. Við sungum saman aðalhlutverkin í La Traviata rétt eftir útskrift og ástin tók að blómstra í fyrstu æfingavikunni. Ári síðar söng hann aftur á móti mér í Don Giovanni og svo sex sýningar af La Traviata í the Drayton Arms. Það er virkilega sérstök tilfinning að syngja saman svona innilega og ástríðufulla tónlist og þurfa ekkert að leika. Tilfinningarnar eru raunverulegar. Kannski ekki furða að flestir fóru útgrátnir út úr leikhúsinu. Það er ómetanlegt að vera með einhverjum sem skilur mann algjörlega.

Ég bað hans á íslensku og var mjög fegin að ég hafði kennt honum nóg til að hann skildi mig.

HELGI UM FERILINN

Ég byrjaði á að fara í nám í tónsmíðum í Listaháskólanum hér, áður var ég í MH og þar áður í Kópavogsskóla. Hafði alltaf tónlistaráhuga en í MH fannst mér fleira koma til greina sem framtíðarviðfangsefni.

Á tímabili var ég að hugsa um að verða slökkviliðsmaður. Langaði að vinna starf þar sem ég gæti hjálpað samfélaginu beint. Síðan kom sálfræðin sterkt inn. En svo varð eldmóðurinn í tónlistinni ofan á og mér finnst ég gefa til samfélagsins gegnum hana líka, hún þjónustar öll svið.



Helgi Rafn og Rannveig voru miklir vinir á settinu í Idol stjörnuleit en hittust ekki utan þess.

„Í ÞEIRRI SÝNINGU URÐUM VIÐ ALGERLEGA AÐ TREYSTA HVORT Á ANNAÐ, HANN VAR AÐ STJÓRNA HLJÓMSVEITINNI, ÉG VAR EIN Á SVIÐINU AÐ SYNGJA OG VISSI VARLA HVAÐ ÉG VAR AÐ FARA AÐ GERA.

netto

Hamborgaraveisla!

GOÐI

STÓRBORGARI 2 X 200 G
988 KR/PK

UNGNAUTAHAMB. 2 X 120 G
691 KR/PK

LAMBABORGARI 2 X 120 G
558 KR/PK

BEIKONBORGARI 2 X 120 G
593 KR/PK

RAUÐLAUKSBORGARI M/ FETA OG BEIKONI 2 X 175 G
763 KR/PK

LÚXUSBORGARI 2 X 120 G OSTUR/BEIKON/BBQ/ SÓSA/BRAUÐ
898 KR/PK

UNGNAUTAHAMB. 4 X 90 G
1.090 KR/PK

Holta KJÚKLINGUR

KJÚKLINGABORGARI M/BRAUÐI
476 KR/PK

KJÖTBORÐ

HAMBORGARAR 4 X 120 G M/BRAUÐI
890 KR/PK

KJÖTSEL

NAUTABORGARAR 4 X 90 G M/BRAUÐI
988 KR/PK

GRILLHAMBORGARAR 10 X 90 G
1.598 KR/PK

KJÖTSEL

-21%

LAMBALÆRI
~~ÁÐUR: 1.898 KR/KG~~
1.499 KR/KG

Danpo mad med glæde

-20%

KJÚKLINGALUNDIR - 700 G
~~ÁÐUR: 1.689 KR/PK~~
1.351 KR/PK

ÍSFUGL

KJÚKLINGABRINGUR
~~ÁÐUR: 2.459 KR/KG~~
2.213 KR/KG

-50%

SÆTAR KARTÖFLUR
~~ÁÐUR: 378 KR/KG~~
189 KR/KG

TEX MEX CHUNKY SALSA - MILD/HOT
~~ÁÐUR: 279 KR/STK~~
229 KR/STK

SNAKK RÓTARGR. 100 G
~~ÁÐUR: 349 KR/PK~~
299 KR/PK

-20%

COOP SMÁKÖKUR
~~ÁÐUR: 249 KR/STK~~
199 KR/PK

-23%

DR. PEPPER - 33 CL
~~ÁÐUR: 129 KR/STK~~
99 KR/STK

KIT KAT 4 PACK
~~ÁÐUR: 279 KR/STK~~
229 KR/PK

SNICLERS 10 PACK
~~ÁÐUR: 629 KR/PK~~
499 KR/PK

Nýtt! í Nettó

Nýr orkudrykkur

MOUNTAIN DEW ENERGY 0,5L
279 KR/STK

ALMONDY - FROSIÐ 2 TEG. 400 G
~~ÁÐUR: 998 KR/KG~~
898 KR/STK

MJÚKÍS 2 L MEÐ SALTKARAMELLU
~~ÁÐUR: 959 KR/PK~~
799 KR/PK

www.netto.is | Tilboðin gilda 11. – 14. ágúst 2016

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.
Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

Erla sveigir og beygir formin svo þau framkalla sjónræn þrívíddaráhrif. Austur vestur nefnist þetta verk.

Sýningarstjórarnir Aðalheiður og Aldís leituðu víða að verkum Karls frá ákveðnu tímabili en fylgdust með sumum verkum Erlu verða til á vinnustofu hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tímalög sem pensilfarið skráir

Verkum listmálaranna Karls Kvaran (1924-1989) og Erlu Þórarinsdóttur er teflt saman á sýningunni Tímalög sem hefst í Listasafni Árnesinga í Hveragerði á morgun. Aðalheiður Valgeirsdóttir og Aldís Arnardóttir völdu verkin á sýninguna.

Í málverki eru undirliggjandi tímalög sem pensilfarið skráir. Þangað er nafnið á sýningunni sótt," útskýrir Inga Jónsdóttir, safnstjóri Listasafns Árnesinga í Hveragerði, þar sem sýningin Tímalög verður opnuð á morgun klukkan 18. Þar eru verk eftir listmálarann Karl Kvaran (1924-1989) og málverk og skúlptúrar eftir Erlu Þórarinsdóttur. Sýningarstjórar eru þær Aðalheiður Valgeirsdóttir og Aldís Arnardóttir.

„Við vorum með ákveðin tímabil undir hjá báðum listamönnunum," segir Aldís. „Erum að skoða árin frá 1968 til 1978 hjá Karli og síðustu tíu ár hjá Erlu."

Verk Karls eru víða til, bæði á söfnum og á heimilum að sögn Aldísar. „En við þurftum að hafa dálítið fyrir því að finna þau. Vorum líka að reyna að finna verk sem ekki hafa verið sýnd á síðustu árum, sum jafnvel ekki síðan 1968."

Aðalheiður segir stóra yfirlitssýningu hafa verið á verkum Karls árið 2010 í Listasafni Íslands og þá hafi verið gerður gagnagrunnur sem þær hafi fengið aðgang að. „Það bættist samt dálítið í hann núna við þessa leit okkar því við röktum okkur áfram. Það var heldur ekki bara tímabilið sem við söttumst eftir heldur völdum við algerlega það sem okkur fannst áhugaverðast."

Þær segja Karl hafa notað gvass mikið á þessu tíu ára tímabili en gvass er vatnsleysanlegur litur, mun þykkari en vatnslitir og meira þekjandi. „Karl tileinkaði sér gvassið sem miðil í tuttugu ár og verkin á sýningunni eru mikilvæg í hans ferli og leiða hann inn í stóru olíumálverkin sem hann fór svo að mála í kringum 1974," lýsir Aðalheiður. Aldís tekur við. „Þá var hann með viðamikla sýningu í Norræna húsinu, þannig að við erum bæði með gvassverkin sem einkenndu stíl hans frá 1968 og líka hans stóru olíumálverk frá 1974 til 6."

Þá er komið að því að lýsa verkum Erlu sem eru öll frá síðustu tíu árum og nokkur alveg glæný, að sögn Aldísar og Aðalheiðar. „Við höfum meira að segja fengið að fylgjast með verkum verða til á vinnustofunni og velja úr þeim. Þar eru meðal annars nokkur verk sem listakonan leggur blaðsilfur sem tekur breytingum með tímanum og hún ætlar að láta oxast á sýningunni," lýsir Aldís.

„Já, þau dökkna og breytast í birtunni," bætir Aðalbjörg við. Skyldi það þýða að fólk verði að fara daglega á sýninguna til að fylgjast með þróuninni? „Ekki segi ég það nú. Ferlið er hægara en svo," segir hún brosandi. „En sýningin mun standa til 13. nóvember og á milli opnunar hennar og miðbiks verður örugglega dálítill munur. Erla er líka sjálf spennt fyrir því að sjá hvað gerist."

Aldís tekur við. „Svo erum við líka með eldri verk eftir Erlu, bæði málverk og skúlptúra. Hún er mjög mikilvirk í sinni list og á yfir 30 ára feril."

> **ÞAÐ VAR HELDUR EKKI BARA TÍMABILIÐ SEM VIÐ SÓTTUMST EFTIR HELDUR VÖLDUM VIÐ ALGERLEGA ÞAÐ SEM OKKUR FANNST ÁHUGAVERÐAST.**

„Já, það má segja að blaðsilfrið sé svolítið einkennandi fyrir hana. Hún er ekkert með það í öllum verkum en nýju verkin hennar eru þannig," segir Aðalheiður og lýsir ferlinu nánar. „Hún málar á strigann og er oft djörf í litavali, leggur síðan örþunnar silfurþynnurnar yfir og með tímanum oxast þær. Svo lakkar hún yfir og stoppar ferlið. Ræður því auðvitað hvenær það gerist. Þá rifar í undirliggjandi teikningu, liti og strúktúr."

Sýningin Tímalög er á dagskrá Blómstrandi daga í Hveragerði og af því tilefni leikur Jazztríó Páls Sveinssonar nokkur lög við opnunina.

Sunnudaginn 14. ágúst verða líka útgáfutónleikar í safninu þegar Artic strengjasveitin leikur af nýútgefnum hljómdiski íslensk þjóðlög og vinsæl sönglög. Kvartettinn skipa fiðluleikarinn Ágústa M. Jónsdóttir, víóluleikarinn Kathryn Harrison, sellóleikarinn Ólöf S. Óskarsdóttir og fiðluleikarinn Martin Frewer, sem hefur útsett öll lögin. Hljóðfæraleikararnir eiga allir sæti í Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Sýningin Tímalög mun standa til og með 13. nóvember og í ágúst og september er safnið opið alla daga milli klukkan 12 og 18.

Aðgangur að safninu er ókeypis og allir velkomnir – líka á opnun sýningarinnar og útgáfutónleikana.

gun@frettabladid.is

Án titils – verk Karls Kvaran.

TILBOÐ

LG SJÓNVÖRP

HÁGÆÐA SNJALL SJÓNVARP MEÐ IPS LED SKJÁ OG ULTRA HD 4K UPPLAUSN

- Upplausn 3840x2160
- 1000Hz PMI myndvinnsla
- Tru ULTRA HD quad core örgjörvi með 4K uppskölun
- Micro pixel control local dimming
- Real Cinema 24p
- USB upptaka
- Miracast
- Þráðlaus Wi-Fi tenging
- Stafrænn DVB-C/T2/S2 móttakari
- Gervihnattamóttakari
- webOS 2.0 með opnum netvafra og 4K Netflix
- Góðir tengimöguleikar m.a. með 2x USB 3.0 og 2x HDMI
- Apple og Android síma- / og spjaldtölvu app
- Magic Remote stuðningur (aukahlutur)

LED | 4K ULTRA HD | 1000Hz PMI | 4K Upscaler | Local Dimming | NETFLIX

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18 OG LAUGARDAGA 11-16 | SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

BÍÓ

Myndin fjallar um Samir sem er staðráðinn í að bæta ráð sitt gagnvart sundkennaranum Agathe sem hann er ástfanginn af þegar ákveðið babb kemur í bátinn. Myndin er tekin upp hér á landi og í Frakklandi. MYND/ZIK ZAK FILMWORKS

Sundáhrifin opnunarmynd RIFF

Opnunarmynd Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík í ár er myndin Sundáhrifin eftir leikstjórann Sólveigu Anspach. Meðan á tökum stóð háði Sólveig baráttu við krabbamein og lést hún í ágúst á síðasta ári. Í myndinni eru bæði íslenskir og erlendir leikarar.

Kvikmyndin Sundáhrifin eftir leikstjórann Sólveigu Anspach (1960-2015) verður opnunarmynd Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík í ár.

Tökur á myndinni fóru fram haustið 2014 og vorið 2015 í Frakklandi og á Íslandi. Á meðan á þeim stóð háði Sólveig baráttu við krabbamein og lést í ágúst árið 2015. Hún lét veikindin ekki aftra sér frá því að klára tökur og eftirvinnslu myndarinnar að mestu leyti. Myndin var heimsfrumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Cannes síðastliðinn maí og þar hlaut hún SACD-verðlaunin fyrir bestu myndina á frönsku í Director's Fortnight dagskránni.

„Við veljum Sundáhrifin af að því okkur finnst Sólveig vera frábær kvikmyndagerðarkona og við höfum sýnt mikið af myndum eftir hana. Þetta er fyrst og fremst skemmtileg og góð mynd. Ég var viðstödd heimsfrumsýninguna úti í Cannes og hún vakti mikla hrifningu gesta í salnum," segir Hrönn Marinósdóttir, stjórnandi RIFF.

„Það var mikið klappað og mikið hlegið í salnum þannig að við erum mjög áægð með að hafa valið þessa mynd eftir þessa frábæru listakonu sem opnunarmynd okkar."

Myndin fjallar um Samir sem er yfir sig ástfanginn af sundkennaranum sínum Agathe og vill bæta ráð sitt gagnvart henni. Hann eltir hana til Íslands en fær raflost og missir minnið. Hvernig getur hann bætt upp fyrir eitthvað sem hann man ekki eftir og getur sundkennarinn hjálpað honum að endurheimta minnið og um leið ást hans í hennar garð?

„Það er búið að sýna myndina víða og sala hefur gengið vel í Frakklandi, skilst mér," segir Hrönn en Sólveig leikstýrði myndinni og skrifaði handritið ásamt Jean-Luc Gaget. Skúli Malmquist framleiddi myndina fyrir Zik Zak kvikmyndir ásamt Patrick Sobelman sem framleiddi fyrir Ex Nihilo. Í stórum hlutverkum í myndinni eru Didda Jónsdóttir, Frosti Jón Runólfsson, Ingvar E. Sigurðsson og Kristbjörg Kjeld. Með aðalhlutverk fara Florence Loiret Caille og Samir Guesmi. Sólveig leikstýrði á ferlinum fjórtán myndum, bæði heimildarmyndum og leiknum myndum, en hún var heiðruð á kvikmyndahátíðinni í Cannes árið 2001 fyrir myndina Made in the USA sem fjallaði um aftöku í Texas. Árið 1999 var Sólveig valin besti leikstjórinn á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Ghent fyrir myndina Haut les Coeurs. Mynd hennar Queen of Montreuil vann áhorfendaverðlaunin á RIFF árið 2012.

„ÞAÐ VAR MIKIÐ KLAPPAÐ OG MIKIÐ HLEGIÐ Í SALNUM ÞANNIG AÐ VIÐ ERUM MJÖG ÁÆGÐ MEÐ AÐ HAFA VALIÐ ÞESSA MYND EFTIR ÞESSA FRÁBÆRU LISTAKONU SEM OPNUNARMYND OKKAR.

Sundáhrifin verður sýnd í stóra sal Háskólabíós og segir Hrönn vonir standa til að aðalleikarar myndarinnar komi frá Frakklandi. Hún segir lokavinnu við að setja saman dagskrána nú standa yfir og að hátíðin lofi góðu. „Það má segja að það verði fullt af spennandi myndum og viðburðum. Ég bið bara fólk vinsamlegast að setja sig í bíóstellingarnar," segir Hrönn glöð í bragði að lokum.

RIFF fer nú fram í þrettánda sinn og stendur yfir dagana 29. september til 9. október. Áhugasamir geta kynnt sér hátíðina betur á vefsíðunni riff.is. **gydaloa@frettabladid.is**

Frumsýningar



THE SHALLOWS
Spennumynd
Aðalhlutverk: Blake Lively, Óscar Jaenada og Angelo Jose.
Frumsýnd 17. ágúst
IMDb 6,8/10



SAUSAGE PARTY
Grínmynd
Aðalhlutverk: Seth Rogen, Kristen Wiig, Jonah Hill, Bill Hader, Michael Cera og James Franco.
Frumsýnd 10. ágúst
IMDb 7,5/10



HELL OR HIGH WATER
Drama
Aðalhlutverk: Dale Dickey, Ben Foster og Chris Pine.
Frumsýnd 17. ágúst
IMDb 7,8/10

ALLTAF
VIÐ HÖNDINA
Þú getur lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísi og í Fréttablaðs-appinu
Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum
Download on the App Store · GET IT ON Google Play · Get it from Microsoft

FRÉTTABLAÐIÐ
... allt sem þú þarft

ÚTILJÓSADAGAR

Mikið úrval af útiljósum á **20–50%** afslætti. Komdu við í Rafvörumarkaðinum við Fellsmúla og gerðu betri kaup.

-50%

~~Áður: kr. 4.995~~

2.497 kr.

VEGGLJÓS, KASSALAGA

Veggljós, bogalaga, **kr. 2.997.** ~~Áður: kr. 5.995~~

Litir: Svart/grátt/hvítt

-50%

~~Áður: kr. 4.995~~

2.497 kr.

VEGGLJÓS. TVÆR GERÐIR

Staur, hæð: 110 m, **kr. 3.497.** ~~Áður: kr. 6.995~~

-50%

~~Áður: kr. 4.995~~

2.497 kr.

HALLANDI VEGGLJÓS

Bein veggljós, **kr. 2.497.** ~~Áður: kr. 4.995~~

-30%

~~Áður: kr. 7.995~~

5.596 kr.

VEGGLJÓS

Lýsir upp og niður

-30%

~~Áður: kr. 3.995~~

2.796 kr.

VEGGLJÓS

Litir: Svart/grátt/hvítt

-30%

~~Áður: kr. 3.995~~

2.796 kr.

KÚPLAR, 20 CM

Kúplar, 26 cm, **kr. 2.796.** ~~Áður: kr. 3.995~~

Litir: Svart/grátt/hvítt

-30%

~~Áður: kr. 4.595~~

3.216 kr.

ÚTILJÓS ÁN RÖRS

Litir: Svart/hvítt/rúst

-30%

~~Áður: kr. 4.995~~

3.496 kr.

ÚTILJÓS

Litir: Svart/hvítt/rúst

-30%

~~Áður: kr. 4.995~~

3.496 kr.

VEGGLJÓS

Litir: Svart/hvítt/rúst

-20%

~~Áður: kr. 4.995~~

3.996 kr.

VEGGLJÓS. TVÆR GERÐIR

Staur, hæð: 80 cm, **kr. 5.596.** ~~Áður: kr. 6.995~~

-20%

~~Áður: kr. 5.995~~

4.796 kr.

BEIN LED VEGGLJÓS

LED staur, hæð: 50 cm, **kr. 6.396.** ~~Áður: kr. 7.995~~

OPIÐ ALLA DAGA

